

KRISTÍN EINARSDÓTTIR  
*Draugasögur í Gróttu langt fram eftir nóttu*  
• ferðir • matur  
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



EIGNASALA Í ÚTLÖNDUM  
*Allt að 27,5 milljarðar á leið til Straums*  
Markaðurinn  
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Opið 07 til 02  
Lyfja Lágmulá

# FRÉTTABLAÐIÐ

11. mars 2009 — 61. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

**MIÐVIKUDAGUR**

**Íslensk mannæta**  
Þórarinn Leifsson  
skrifar kvikmyndahandrit upp úr bók sinni, Leyndarmálið hans pabba.  
**FÓLK 26**

**Ljón í veginum**  
„Það má gera ráð fyrir að bankamenn skari eld að eigin köku ef hvatarnir eru fyrir hendi,“ segir Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði.  
**Í DAG 12**

**Nýtt farfuglaheimili**  
Farfuglar opna nýtt heimili með 70 gistirýmum á Vesturgötu á 70 ára afmælinu.  
**TÍMAMÓT 14**

**Sannfærandi**  
Liverpool var ekki í neinum vandræðum með Real Madrid í Meistaradeildinni.  
**ÍPRÓTTIR 22**

**VEÐRIÐ Í DAG**

**ÚRKOMA** Með morgninum verður austanstormur á Vestfjörðum og víða hvasst á norðanverðu landinu. Það lægir sunnan til og vestan fyrir hádegi. Rigning og síðar skúrur syðra en snjókoma nyrðra. Hlýnandi.  
**VEÐUR 4**

**Kaffirjómi í nýjum umbúðum**  
Frábær út í kaffið og til matargerðar.

Geymslupólin mjólkurvara  
ms.is



**STÓRBRUNI Í SÍÐUMÚLA** Mikil hætta skapaðist í gassprengingum í húsi við Síðumúla 34 í gær þegar gríðarlegur eldur braust þar út á örskammri stundu. Um 30 manns voru í húsinu og 70 komu að slökkvistörfum. Húsið er stórskemmt; þakíbuð gjöreyðilagðist og reyk- og vatnsskemmdir eru á neðri hæðum. Litlu munaði að handrit íslenskra tónskálda færu fyrir lítið, en þau eru geymd í húsnæði á þriðju hæð. **Sjá síðu 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Staða 150 kúabænda talin mjög alvarleg

Þrjú af hverjum tíu mjólkurbúum eru í miklum skuldavanda. Búin eru alls 700 en staða 50 búa er talin nær vonlaus komi ekki til stuðningsaðgerða. Heildarskuldir eru um 30 milljarðar. Einstök bú skulda 50 til 150 milljónir.

**LANDBÚNAÐARMÁL** Skuldir mjólkurbúa á Íslandi eru rúmlega 30 milljarðar króna. Rúmlega 700 mjólkurbúar eru á Íslandi og af þeim eru þrjú af hverjum tíu í umtalsverðum vanda. Þeir sem eru skuldsettastir eru oft ungir bændur sem hafa endurnýjað atvinnutæki og keypt mjólkurkvóta. Dæmi eru um að skuldir hvers bónda séu 50 til 150 milljónir króna. Staða 150 búa er talin mjög alvarleg, komi ekki til stuðningsaðgerða.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka kúabænda, segir skuldir mjólkurbænda hafa verið 25 milljarðar í árslok 2007 og séu um 30 milljarðar í dag. Spurður um hversu margir séu í vonlausri stöðu segir Baldur Helgi að á fundum samtakanna hafi verið rætt að 50 mjólkurbændur séu í mjög alvarlegum málum.

Bankamenn ferðuðust um landið til að bjóða lán og ná mönnum í viðskipti.

**BALDUR HELGI BENJAMÍNSSON**  
LANDSSAMTÖKUM KÚABÆNDA

Ungir bændur eru skuldsettastir eftir að hafa ráðist í uppbyggingu atvinnutækja og kaup á mjólkurkvóta. Þetta er lítið mjög alvarlegum augum af forystumönnum bænda þar sem bú og heimili bænda eru yfirleitt óaðskiljanleg eining.

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, segir að á Suðurlandi séu um 260 kúabú. „Þeir sem skulda mest eru þeir sem hafa verið að endurbæta aðstöðu sína og kaupa mjólkurkvóta. Þetta eru frekar

ungir bændur en eldri, eins og eðlilegt er. Þetta er í mörgum tilfellum barnafólk, sem eykur á alvarleika málsins.“

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands, segir að skuldastaða íslenskra mjólkurbúa hafi farið hratt versnandi eftir að Landsbankinn keypti Lánasjóð landbúnaðarins árið 2005, en Landsbankinn greiddi 2,5 milljarða fyrir sjóðinn eftir samkeppni við KB banka og Íslandsbanka. Af rúmlega 700 mjólkurbúum eru um 150 í mjög erfiðri stöðu, að mati Ernu.

Baldur Helgi segir það ekki vera neitt launungarmál að eftir að lánasjóðurinn var keyptur af Landsbankanum hafi aðrir bankar lagt mikið á sig í markaðssetningu. „Bankamenn ferðuðust um sveir landsins til að bjóða lán og ná mönnum í viðskipti.“ - shá / sjá síðu 10

Kjartan Björnsson rakari:

## Kallar fram kynþokkann

**FÓLK** Þingmannaklippingin er í flestum tilvikum sú sama þótt auðvitað hafi hver sína útfærslu. Þetta segir Kjartan Björnsson, rakari á Selfossi, sem hefur haft hendur í hári ansi margra þingmanna. Kjartan segir að hárfín lína sé milli kosninga- og þingmannaklippingar en sú fyrrnefnda verði þó að laða fram kynþokkann. Hann fullyrðir að menn nái góðri kosningu hafi þeir sest í stólinn hjá honum. - fgg / sjá síðu 26

**Færðu gesti?**  
Svefnsofadarar í mars

**Betra BAK**  
Sjá nánar á [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

**Kafbátur mánaðarins**

**BMIT**  
**SUBWAY**

6 tommu bátur **349 kr.**  
Gildir í mars 2009  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnumáli



SPURNING DAGSINS



Peter, liggur Golfstraumurinn suður til Spánar núna?

„Já, hann liggur allavega ekki lengur til Íslands með sinn snjó og klaka.“

Hundruð Íslendinga eru á leið til Spánar að spila golf í apríl. Peter Salmon er yfirmaður golfdeildar Víta-ferða. Hann segir veðráttuna á Íslandi valda því að fólk sækir til útlanda til að iðka íþróttina.

## Óvæntur vandi Árna Johnsen: Prófkjörsblaðið hvarf í pósti

**STJÓRNMÁL** „Þetta er óneitanlega dularfullt,“ segir Árni Johnsen, alþingismaður Sjálfstæðisflokks, um óútskýrt hvarf sautján hundruð eintaka af blaði sem hann gefur út í aðdraganda prófkjörs flokksins á laugardag. Árni segir kynningarblað sitt hafa verið prentað í 17.500 eintökum. Hann hafi samið við Íslandsþóst um að dreifa því á öll heimili og fyrirtæki í Suðurlandinu. Blöðin hafi alls staðar skilað sér nema í Vestmannaeyjum. „Hjá póstinum í Reykjavík er mér sagt að blöðin hafi farið þar í bíl. Síðan átti að senda þau með Herjólf til Vestmannaeyja en einhvers staðar á leiðinni virðast þau hafa horfið gersamlega,“ útskýrir Árni.

## Söguleg ferð á Suðurlandinu: Sigur fyrir íslenskt hugvit

**FERÐALÖG** Þeir Hjalti Vigfús Hjaltason og Gísli Jónsson, sem báðir starfa hjá Arctic Trucks, eru nýkomnir heim úr sögulegri ferð á Suðurlandinu. Þeir óku, í félagi við aðra, fjórum sérútbúnum jeppum frá Arctic Trucks á pólinn en þetta er í fyrsta skipti sem fjórhjóladrifin farartæki ná því marki. Í ferðinni gegndu þeir hlutverki þjónustuaðila fyrir þátttakendur í gönguskíðakeppninni Amundsen Omega 3 ski race ásamt því að fylgja kvikmyndatökuliði og öðru fylgdarliði keppninnar á pólinn. Ferðin tók í heildina tæpa þrjá mánuði og býður árangurinn upp á ýmsa framtíðarmöguleika.

-5kr.

3 kr. afsláttur af eldsneytisliðum + 2 kr. í formi Vildarpunkta Ícelandair



og 15% afsláttur af bílavörum með Staðgreiðslukorti Olís til 1. maí 2009!

Þú sækir um kortið á [www.olis.is](http://www.olis.is), þjónustustöðvum Olís eða í síma 515 1141.

Ofsaakstur ökumanns á flóttu undan lögreglu endaði á brúarstólpa:

# Mildi að aðrir slösuðust ekki

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um fertugt er alvarlega slasaður eftir að bíll hans hafnaði á brúarstólpa við Reykjanesbraut undir Breiðholtsbraut seinnipart dags í gær. Maðurinn var á flóttu undan lögreglu, sem hafði veitt honum eftirför frá Reykjanesbæ. Hann var einn í bílnum. Mildi þykir að enginn annar skuli hafa slasast við ofsaakstur mannsins. Maðurinn ók á kyrrstæðan bíl fyrrverandi eigin konu sinnar í Reykjanesbæ og ók á brott. Enginn var í bílnum, sem er mikið skemmdur. Lögreglan á Suðurnesjum veitti honum eftirför, og lögregla höfuðborgarsvæðisins tók við eftirförinni til móts við álverið í Straumsvík. Maðurinn sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu, og reyndu lögreglumenn ítrekað að króa bíl hans af. Um var að ræða stóran mikið breyttan jeppa og ók maðurinn ítrekað á lögreglubíla á flóttanum.



**ÖNÝTUR** Bíll mannsins var gjörónýtur eftir að hann hafnaði á brúarstólpa við Reykjanesbraut, undir Breiðholtsbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að sögn lögreglu mjaðmagrindarbrotnaði maðurinn. Samkvæmt upplýsingum frá vakt hafandi lækni á bráðamóttöku Landspítalans er líðan mannsins stöðug og hann ekki talinn í lífshættu.

# Miklir erfiðleikar á 30 þúsund heimilum

Eiginfjárstaða 30 þúsund heimila er neikvæð eða við það að verða neikvæð. Bílalan og yfirdráttarlán eru ekki tekin með í reikninginn. Forsætisráðherra segir hugsanlegt að afskrifa þurfi 40 prósent af skuldum þeirra verst settu.

**STJÓRNMÁL** Hugsanlegt er að afskrifa þurfi allt að 40 prósent skulda verst settu fjölskyldnanna í landinu og eru stjórnvöld reiðubúin að beita sér fyrir slíkum aðgerðum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra greindi frá þessu á fundi með blaðamönnum í gær. Seðlabankinn hefur unnið að kortlagningu á fjárhagsstöðu heimilanna í landinu og samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum er eiginfjárstaða fjórtán þúsund heimila (18% heimila landsins) neikvæð. Þá nemur eiginfjárstaða um sextán þúsund heimila (20% heimila landsins) innan við fimm milljónum króna. Í bráðabirgðaniðurstöðunum er ekki tekið tillit til bílálana og yfirdráttarlána sem ugglást gera stöðuna enn verri. Jóhanna sagði aðgerðir ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst miðast við að hjálpa verst stöddu heimilunum. Hún hafni því hugmyndum um flata tuttugu prósenta afskrift. „Við teljum ekki rétt að afskrifa flatt yfir alla línuna hvort sem fólk þarf á því að halda eða ekki. Við viljum frekar hafa svigrúm til að gera betur og meira fyrir þá sem eru verst settir.“ Jóhanna greindi frá fimm málum sem ríkisstjórnin hefur afgreitt eða vinnur að og eru ívilnandi fyrir heimilin. Ríkisstjórnin samþykkti í gær stofnun eignaumsýslufélags sem á að taka yfir og leysa úr málum „þjóðhagslega mjög mikilvægra fyrirtækja,“ eins og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra orðaði



**PRÖNG STADA MARGRA** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra upplýsti í gær að eiginfjárstaða um 30 þúsund heimila væri neikvæð eða við það að verða neikvæð. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra greindi frá stofnun eignaumsýslufélags ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- ### AÐGERÐIR FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
- Gera á fólk mögulegt að breyta gengistryggðum lánun yfir í hefðbundin verðtryggingarlán.
  - Hámarksupphæð greiddra vaxtabóta og viðmiðunarfjárhæð vaxtabóta hækka um 25 prósent.
  - Greiðsluáðlögun verður útvíkkuð með því að láta hana ná til fasteignaveðkrafna.
  - Unnið er að samkomulagi um að öll greiðsluferðirleikaúrræði íbúðalánasjóðs nái skilyrðislaust til allra lánastofnana.
  - Til skoðunar er að íbúðalánasjóði verði heimilt að veita íbúðalán til að greiða upp íbúðalán hjá bönkum og sparisjóðum.

það á blaðamannafundinum. Mikilvægið ræðst af nauðsyn starfsemi fyrirtækjanna fyrir samfélagið og tiltök Steingrímur öryggisþætti á borð við fæðuöryggi, samgönguöryggi og fjarskiptaöryggi. Eingaumsýslufélagið verður sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðri stjórn og tekur ákvarðanir á grundvelli laga og reglna í sam-

starfi við Seðlabankann og aðila vinnumarkaðarins. Þá greindi Steingrímur frá hugmyndum sem uppi eru um að breyta greiðsluröð vegna vanskila á skattakröfum á þann veg að greitt verði fyrst inn á höfuðstól skuldarinnar en ekki af vöxtum líkt og nú er.

bjorn@frettabladid.is

Ríkissaksóknari áfrýjar vegna kynferðisbrots:

# Vill þyngri refsingu yfir föðurnum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur áfrýjað til Hæstaréttar dómi yfir manni, sem dæmdur var fyrir kynferðisbrot gegn barnungri dóttur sinni. Dómunum er áfrýjað til refsibýngingar. Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli mannsins, sem gekk 9. febrúar, vakti mikla umræðu. Maðurinn var þá dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að misnota barnunga dóttur sína ítrekað frá árunum 2006 til nóvember 2008. Hún var tveggja ára þegar misnotkunin hófst. Foreldrar barnsins höfðu verið skjólstæðingar félagsmálafyrivalda allt frá því að það fæddist. Var haft eftirlit með því hvernig barninu vegnaði vegna þess að

báðir foreldrar höfðu átt við mikil vandamál að stríða um margra ára skeið. Þar kom að sálfræðingur var fenginn til að meta fjárhæfni þeirra. Niðurstaða hans var sú að hann taldi stefnuleysi, geðsjúkdóma og ýmsa andlega bresti ein-kennandi; hugsun þeirra væri of óskýr og dómgreind slök varðandi barnið. Barnaverndarnefnd höfðaði því mál í febrúar 2007 til að svipta foreldrana forsjá yfir litlu stúlkunni. Dómsstólar fóru fram á foreldrahæfnismat. Á þeim tíma var faðirinn kominn með forræðið yfir stúlkunni og mat sálfræðingur hann hæfan. Barnaverndaryfirvöld hættu þá við að krefjast forræðissviptingar.

## Breytingar á stjórnskrá: Stjórnin pukrast að mati Geirs

**ALÞINGI** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði ríkisstjórnina hafa pukrast með breytingar á stjórnskránni. Málið var rætt á Alþingi í gær en forsætisráðherra mælti fyrir því á föstudag. Geir sagði það rangt sem stjórnarliðar héldu fram að haft hefði verið samráð við Sjálfstæðisflokkin um málið. Honum hafi jú verið sýnt blað með málinu en ekki gefinn kostur á að gera við það athugasemd. Aukinheldur hafi málinu verið breytt í þriggja áður en það var lagt fram.



**GUÐNI GUÐBERGSSON** Á að baki 30 ára rannsóknir á laxi og sílungi.

## Spá fiskifræðings: Laxarnir verða færri í sumar

**STANGVEIÐI** Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri Auðlindasviðs Veiðimálastofnunar, býst ekki við að fiskgengd í íslenskum laxveiðiam verði eins mikil í sumar og hún var í fyrrasumar. „Góðu árin fylgjast gjarnan að, nokkur í röð, og slæmu árin líka. Í fyrra var metveiði í mörgum ám, sérstaklega á Suður- og Vesturlandi. Það er ekki hægt að ætlast til að met séu slegin mörg ár í röð en það er þó von til þess að fiskgengdin verði í mjög þokkalegu lagi. En fyrir Norðan og Austan eru aðrar blíkur á lofti. Þar er byrjað að dala aðeins þótt ekkert í kortunum bendi til neinna vandræða,“ segir Guðni sem ítrekar að ályktanir hans byggist á bráðabirgðatölum frá síðasta sumri.

## Lífshættuleg atлага: Átján mánuðir fyrir hnífaárás

**DÓMSMÁL** Karlmaður um tvítugt, Ari Dagur Sigurðsson, hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir lífshættulega hnífaárás, svo og til greiðslu 350 þúsund króna í miskabætur. Hann réðst að morgni nýársdags 2009 með hnífi á annan mann og stakk hann í andlit og bak. Árásin átti sér stað í verslun 10-11 við Lágmúla í Reykjavík. Árásarmaðurinn gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn. Hann reyndist vera sakhæfur, en uppfyllti mörg skilmerki ofsóknaræðis. Í greinargerð geðlæknisins kom fram að maðurinn iðrist einskis og útiloki í raun ekki að endurtaka „svona aftur gagnvart lituðum manni“.

## Nýstárleg virkjun í Sviss: ÍAV áttu lægsta boðið í virkjun

**VIÐSKIPTI** Íslenskir aðalverktakar (ÍAV) og samstarfsfyrirtæki áttu hagstæðasta boðið í 1.000 megavatta vatnsaflsvirkjun sem verður reist í Sviss. Tilboðið hljóðar upp á 70 milljarða króna. Etlunin er að virkja um 600 metra fallhæð milli tveggja stöðuvatna í Ölpunum, að því er fram kemur í tilkynningu frá ÍAV. Nota á rafmagn frameitt utan háannatíma til að flytja vatn aftur upp í efra stöðuvatnið. Stefnt er að því að samningaviðræður virðkaupa hefjist á næstu vikum. Verktími verður tæplega fimm ár.





VIÐ SVEFNTÆKID GUÐJÓN ÓLAFSSON

Sofnað yfir sjónvarpinu

Vökustaurar voru litlar spýtur sem sjómenn notuðu til spenna upp augnlokin til að halda augunum opnum og sofna ekki á löngum vöktum. Í gærkvöldi hefði ég þurft mjög sterka vökustaura til að halda mér vakandi yfir sjónvarpi allra landsmanna. Mætti ekki endurvekjja sjónvarpslausa fimmtudaga svo að fólk sofni ekki fyrir allar aldir? Nei, þess í stað er hrugað saman hámarks magni af leiðindum á tímaeiningu líkt og gagngert til að svæfa alla þjóðina. Kvölddagskráin var öll eins og séralín til að svæfa mestu náttthrafna. Fyrst var rætt við fórnar-lamb vikunnar, mann með sjaldgæfan kláðasjúkdóm sem mætt hefur algeru skilningsleysi heilbrigðisyrivalda; síðan kom fræðslumynd með íslensku tali um ána Tamír sem rennur í gegnum Nígeríu; svo kom enn einn þátturinn um hafnarboltalið og þjálfara sem leggur allt í sölnurnar til að leiða sína pílta til sigurs í undanúrslitakeppni smábæja í Kansas. Ég hef nefnilega einmitt svo rosalega mikinn áhuga. LEIÐIN-LEGT! Ef ég hefði ekki þurft að vakna af og til svo ég gæti skrifað þennan fjölmiðlapistil hefði ég verið endanlega sofnaður klukkan átta eins og góðu börnin. Fyrir þá sem eiga erfitt með svefn er óhætt að mæla með dagskrá Ríkissjónvarpsins. Á erfiðum tímum er gott að vita til þess að sjónvarpið leggur sitt af mörkum og sparar heilbrigðiskerfinu formúgur í kostnað vegna svefnlyfja.



dagskrá

FÖSTUDAGUR



18.10 Lúsarleit í ó



19.15 Verkalýðurin



20.00 Reyklausi da



21.50 Tölvuséni frá



23.45 Hjólað í vinnu



20.00 Tennissnilli



21.50 Maó, meðan allt lék í lyndi



23.45 Kokkapáttur frá sænska siónvarpinu

LEIGÐU ÞÉR MYND MEÐ EINUM TAKKA Á FJARSTÝRINGUNNI Á AÐEINS:

350kr.

STÓR-LÆKKAD VERÐ



- Yfir 2000 titlar
- Tilboð 350 kr. nýtt og eldra efni
- Allar myndir alltaf inni
- Enginn skilafrestur, aldrei sektir
- Úrval af nýju barnaefni og þáttum í Frítt efni
- Hraðvirkir og þægilegt viðmót
- Bestu mögulegu myndgæði

Kynntu þér úrvalið og skoðaðu sýnishorn úr myndunum á skjárin.is



Það er auðvelt að tengjast! Þú færð SkjáBíó í gegnum Sjónvarp Símans sem þú getur pantað í 800 7000 eða á siminn.is. Þá kemur starfsmaður Símans eins fljótt og hægt er til að tengja.

Ef þú ert með Sjónvarp Símans smellirðu bara á VOD takkann á fjarstýringunni og fjörið byrjar!



ÞÚ GETUR PANTAÐ SKJÁRBÍÓ Í SÍMA 800 7000 EÐA Á SIMINN.IS

05.10 Á ystu nöf. Kínversk spennumynd með Clarence Chan.  
05.50 Niktonia. Niktonia er 10 ára up-  
pátækjasóm stúlka sem býr með heymar-  
lausri og blindri ömmu sinni á sveitabæ í  
Rúmeníu. Þættirnir eru talsettir af Guðna  
Kolbeinssyni. (3:50)  
14.25 Dýralíf. Athyglisverðir þættir um  
óþekkt skordýr á Norðurlöndum. Að þessu  
sinni er fjallað um ranabjölluna sem vegna  
göngulagsins hefur oft verið kölluð Chaplin  
skordýranna. Í þættinum er meðal annarra  
rætt við Ísleif Teodórsson líffræðing. (4:17)  
15.50 SALT Upptaka frá alþjóðlegri  
ráðstefnu sem haldin var í Búkarest 2003  
um breytingar á seltu sjávar.  
17.10 Maðkar í mysunni. Þýsk gaman-  
mynd frá 1983 um seinheppinn glaumgosa  
sem „erfir“ apa.  
17.25 Viðtalið. Bogi Stefánsson ræðir við  
Sture Gutteberg formann Neytendasamtaka  
Prándheims.  
17.47 Á ystu nöf. Kínversk spennumynd

17.25 Viðtalið. Bogi Stefánsson ræðir við  
Sture Gutteberg formann Neytendasamtaka  
Prándheims.  
17.47 Ngulu. Við fylgjumst með Ngulu,  
átta ára nígírskum dreng sem gengur þrjá  
kílómetra á dag á leið í skóla. Þættirnir eru  
talsettir af Guðna Kolbeinssyni. (36:114)  
18.10 Gleðiþopp. Glænýr skemmtipáttur  
fyrir hressa eldri borgara. Umsjónarmaður  
Steinunn Ragna Stefánsdóttir.  
19.00 Rás 1. Saga rásar eitt í máli og  
myndum.  
19.30 Ungir ökumenn. Heimildarmynd  
frá Umferðarráði.  
20.00 Ikebana. Heimildarmynd um japan-  
skar blómaskreytingar. Myndin er án orða en  
skreytt tónlist Aiko Masami sem hélt tónleika  
hér á landi á Listahátíð 1998.  
20.47 Hringisjá. Umræðupáttur um listir,  
menningu og stjórnmál.  
21.13 Fréttir  
21.39 Veður  
14.25 Dýralíf. Athyglisverðir þættir um

Kolbeinssyni. (3:50)  
14.25 Dýralíf. Athyglisverðir þættir um  
óþekkt skordýr á Norðurlöndum. Að þessu  
sinni er fjallað um ranabjölluna sem vegna  
göngulagsins hefur oft verið kölluð Chaplin  
skordýranna. Í þættinum er meðal annarra  
rætt við Ísleif Teodórsson líffræðing. (4:17)  
15.50 SALT Upptaka frá alþjóðlegri  
ráðstefnu sem haldin var í Búkarest 2003  
um breytingar á seltu sjávar.  
17.10 Maðkar í mysunni. Þýsk gaman-  
mynd frá 1983 um seinheppinn glaumgosa  
sem „erfir“ apa.  
17.25 Viðtalið. Bogi Stefánsson ræðir við  
Sture Gutteberg formann Neytendasamtaka  
Prándheims.  
20.47 Hringisjá. Umræðupáttur um listir,  
menningu og stjórnmál.  
20.47 Hringisjá. Umræðupáttur um listir,  
menningu og stjórnmál.  
21.13 Fréttir  
21.39 Veður  
21.55 Hliðarspor. Belgíski grínarinn Aldo

05.10 Á ystu nöf. Kínversk spennumynd  
með Clarence Chan  
05.50 Niktonia. Niktonia er 10 ára up-  
pátækjasóm stúlka sem býr með heymar-  
lausri og blindri ömmu sinni á sveitabæ í  
Rúmeníu. Þættirnir eru talsettir af Guðna  
Kolbeinssyni. (3:50)  
06.15 Dýralíf. Athyglisverðir þættir um  
óþekkt skordýr á Norðurlöndum. Að þessu  
sinni er fjallað um ranabjölluna sem vegna  
göngulagsins hefur oft verið kölluð Chaplin  
skordýranna. Í þættinum er meðal annarra  
rætt við Ísleif Teodórsson líffræðing. (4:17)  
7.05 SALT Upptaka frá alþjóðlegri ráðstefnu  
sem haldin var í Búkarest 2003 um breytingar  
á seltu sjávar.  
7.55 Maðkar í mysunni. Þýsk gamanmynd  
frá 1983 um seinheppinn glaumgosa sem  
„erfir“ apa.  
08.25 Viðtalið. Bogi Stefánsson ræðir við  
Sture Gutteberg formann Neytendasamtaka  
Prándheims.  
09.15 Blindbolti. Heimsmeistarakeppni



HEIMILD: Seðlabanki Íslands

**- sh**

- shá

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

- b1



- gb

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

- aa



**Sigurður Þ. Ragnarsson**  
veður-  
fræðingur

## PRÓUNIN Í DAG


Núna með morgnin-  
um er víða hvasst og  
sumstaðar stormur,  
einkum þó nyrst og  
vestast á Vestfjörðum.  
Það lægir snögglega  
sunnan og vestan  
tíl núna fyrir hádegi  
en hvasst verður á  
norðurhluta lands-  
ins eitthvað fram á  
kvöldið. Rigning verður  
sunnan til í fyrstu en  
síðan skúrir. Snjókomma  
eða slydda verður  
nýrðra og eystra en  
úrkomuminna í kvöld.

### Á MORGUN

5-15 m/s, hvasast á Vest-  
fjörðum.

### FÖSTUDAGUR

5-10 m/s



## HEIMURINN

|                 |     |
|-----------------|-----|
| Alicante        | 20° |
| Amsterdam       | 10° |
| Basel           | 7°  |
| Berlín          | 6°  |
| Billund         | 7°  |
| Eindhoven       | 11° |
| Frankfurt       | 8°  |
| Friedrichshafen | 5°  |
| Gautaborg       | 4°  |
| Kaupmannahöfn   | 5°  |
| Las Palmas      | 23° |
| London          | 13° |
| New York        | 13° |
| Orlando         | 29° |
| Oslo            | 2°  |
| París           | 11° |
| Róm             | 16° |
| Stokkhólmur     | 2°  |

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



Kringlan

Opið til 18.30

Kringlukast

« miðvikudag til mánudags »

20-  
50%  
afsláttur af  
nýjum vörum

KRINGLUKASTSBLAÐIÐ ER Á KRINGLAN.IS

Mán til mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000 | [www.kringlan.is](http://www.kringlan.is)

Komdu í heimsókn



KJÖRKASSINN



Á Jóhanna Sigurðardóttir að verða formaður Samfylkingarinnar?

Já

59,5%

Nei

40,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú sátt(ur) við vinnubrögð alþingismanna síðustu daga?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Jafeti Ólafssyni hegnt:

Sektaður fyrir að rjúfa trúnað

DÓMSMÁL Jafet Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri VBS fjárfestingabanka, hefur verið dæmdur til að greiða ríkissjóði 250 þúsund króna sekt fyrir að rjúfa trúnað við viðskiptamann sinn. Það gerði Jafet með því að láta Sigurði G. Guðjónssyni í té hljóðupptöku af samtali sínu við Geir Zoëga, þar sem fram kom ástæða þess að Geir hætti við að selja Sigurði hlut sinn í Tryggingamiðstöðinni. Geir tilkynnti Fjármálaeftirlitinu um málið, sem tók það til rannsóknar og kærði að lokum til lögreglu.

JAFET ÓLAFSSON

- sh

Prófjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 13. og 14. mars



4. SÆTIÐ

GUÐRÚN INGA

ÁGÆTI SJÁLFTÆÐISMAÐUR ÉG ÆTLA...

... að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins

... að verja hagsmuni heimilanna

... að varðveita jöfn tækifæri fyrir börnin okkar

Ég ætla að vinna fyrir þig!  
Guðrún Inga Ingólfssdóttir, hagfræðingur

Kosningaskrifstofa Laugavegi 96 • www.gudruninga.is

20% MEIRA MAGN



ostur.is

NÝJAR OG HANDHÆGARI UMBÚÐIR

6

FRÉTTABLAÐIÐ

11. mars 2009 MIÐVIKUDAGUR

Ríkissaksóknari ákærir fyrir brot gegn valdstjórninni:

Beit í finger lögreglu og braut



SAUÐÁRKRÓKUR Bitvargurinn lét til sín taka í lögreglubíl á Sauðárkróki.

á Sauðárkróki, kýlt hann í andlitið og ítrekað slegið hann með spýtu í andlit og líkama. Fórnlambíð skarst í framan, skrámaðist víða og hlaut bitfar á hendi. Þá brotnuðu fjórar tennur í honum og fimm tennur sprungu.

- jss

Opnað fyrir séreignarsparnað:

Má taka út eina milljón króna

ALÞINGI Eigendur séreignarsparnaðs geta tekið út allt að eina milljón króna af sparnaði sínum, óháð fjárhagsstöðu, eftir að frumvarp um útgreiðslu sparnaðarins var samþykkt með 44 samhljóða atkvæðum á Alþingi í gær.

Fjárhæðin, að frádregnum sköttum, greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum í níu mánuði eftir að beiðni um úttekt er skilað. Úttekt á sparnaðinum mun ekki skerða barnabætur, vaxtabætur eða atvinnuleysisbætur.

Áætlað er að um 200 milljarðar króna séu í frjálsum séreignarsparnaði í dag.

- bj

SAKSÓKNARINN FÆR FLEIRA FÓLK

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segir von á því að starfsmönnum sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins verði fjölgað. Þetta segir Ragna í tilefni ef orðum Evu Joly, nýs ráðgjafa yfirvalda vegna rannsóknarinnar, um að það sé brandari að saksóknarinn hafi aðeins fjóra starfsmenn. „Það er rétt að fimm mannss starfa við embætti sérstaks saksóknara að honum meðtöldum en reiknað hefur verið með að sá starfsmannafjöldi geti aukist í takt við málafjölda. Einnig er mikilvægt að saksóknari og eftirlitsstofnanir leggi saman krafta sína við yfirferð einstakra mála, og vinnur saksóknarinn að því að svo verði,“ segir dómsmálaráðherra. Ekki náðist í saksóknarann.

RAGNA ÁRNADÓTTIR

- gar

SKÝR SKILABOÐ Fullt var út úr dyrum þegar Joly talaði í Háskólanum í Reykjavík í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skattaskjólin eru ein mesta meinsemdin

Eva Joly, sem var rannsóknardómari í Frakklandi og verður ráðgjafi íslensku stjórnarinnar, segir skattaskjól vera meinsemd í fjármálakerfinu. Hana grunar að íslenskir auðmenn feli fé og segir starfsmannafæð sérstaks saksóknara „brandara“.

EFNAHAGSMÁL Það er „brandari“ að embætti sérstaks saksóknara sem falið hefur verið að rannsaka hvort eitthvað saknæmt hafi átt sér stað í bankahruninu á Íslandi hafi ekki fleiri en fjórum starfsmönnum á að skipa. Þetta sagði Eva Joly, fyrrverandi rannsóknardómari í Frakklandi, á málfundi í Háskólanum í Reykjavík í gær, þar sem hún flutti erindi um alþjóðlegt flæði fjármagns og þróunarlönd.

Joly hefur áunnið sér alþjóðlega viðurkenningu fyrir baráttu sína gegn spillingu og fjármálaglæpum, en frá árinu 1994 gegndi hún embætti yfirrannsóknardómara, juge d'instruction, í Frakklandi, en það er embætti sem nýtur sérstakrar verndar enda liggur í hlutarins eðli að sá sem því gegnir lendi uppi á kant við volduga aðila.

Sem rannsóknardómari var Joly lykilmaður í að rekja eitt stærsta spillingarmál sem upp hefur komið í Frakklandi, þar sem olúfélagið Elf Aquitaine, sem þá var í ríkiseigu, var grunað um misferli. Málið leiddi til dóma yfir fjölda háttsettra embættis- og stjórnmalamanna.

Joly rakti í erindi sínu svæsin dæmi um spillingu í kringum auðlindanýtingu í þróunarlöndum, þar sem voldug vestræn fyrirtæki eiga í hlut í flestum tilvikum og arðræna í félagi við spillta valaklíku heimamanna þau fátæku lönd sem í hlut eiga. En hún rakti einnig dæmi um spillingarrannsóknir á Vesturlöndum og erfiðleikana sem þeir sem vinna að slíkum rannsóknum lenda í samkvæmt hennar reynslu. Einn aðalvandinn sé sá að þeir aðilar sem stundi stærstu efnahagsbrotin séu fjölþjóðlegir en þær stofnanir sem hafa vald til að rannsaka slík mál og sækja menn til saka séu bundnar við einstök þjóðríki og þar með aðeins þann hluta viðkomandi efnahagsbrotastarfsemi sem undir lögsögu þess ríkis heyrir.

Sérstök meinsemd í þessu samhengi segir Joly að séu skattaskjól á borð við bresku Jómfrúeyjar, sem gera mönnum með „einbeittan brotavilja“ kleift að skrá skúffufyrirtæki án þess að fram komi hver í raun standi að baki því. Frjálsræðisvæðing hins hnattvædda fjármálakerfis í anda nýfrjálslyggju hafi gert illt verr. Stór hluti verðbréfavíðskipta hafi farið fram með ógegnsæjum hætti í gegnum skúffufyrirtæki í skattaskjólum. Hún bendir á að rússneskir auðjöfrar, sem komust í aðstöðu til að auðgast gríðarlega við einkavæðinguna í kjölfar hruns Sovétríkjanna, hafi með hjálp skattaskjóla komið gríðarlegum fjárhæðum undan, sem með réttu ættu að koma rússneskum almenningi til góða. Joly sagði að það myndi „ekki koma sér á óvart“ ef í ljós kæmi að íslenskir auðjöfrar hefðu komið undan stórfé úr bönkunum föllnu.

audunn@frettabladid.is

## Fjármálaráðherra segir að draga þurfi úr halla ríkissjóðs á komandi árum: Nauðsynlegt að hækka skatta

STJÓRNMÁL „Það sem við höfum sagt og stendur að sjálfsöğðu er að það verða engar skattabreytingar gerðar í tíð þessarar ríkisstjórnar. En ég held að öllum hugsandi mönnum sé ljóst hvað fram undan er.“

Þessu svaraði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra til í gær, spurður hvort hann væri sammála Indriða H. Þorlákssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, um að hækka verði skatta til að laga stöðu ríkissjóðs.

Steingrímur segir öllum ljóst að ríkissjóður verði ekki rekinn um aldur og ævi með allt að 170 milljarða króna halla á ári. Og framundan er, að sögn Steingríms: „Að



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON

takast á við þetta verkefni sem bankahrunið og efnahagshrunið og óráðsían og óstjórnin hér á undanförunum árum færir stjórnvöldum sem nú eru, í hendur.“

Indriði víðraði afstöðu sína til skattahækkana á opnum stjórnmalafundi og í Ríkisútvarpinu í síðustu viku. Steingrímur segir að þar hafi Indriði talað fyrir sjálfan sig.

Fátítt er að ráðuneytisstjórar ræði opinberlega um pólitísk álitamál. Venjan er að þeir túlki aðeins skoðanir þess ráðherra sem þeir starfa fyrir hverju sinni.

Spurður hvort eðlilegt væri að ráðuneytisstjóri talaði um pólitísk álitamál sagðist Steingrímur telja svo vera. „Ég held að ráðuneytisstjórnin í fjármálaráðuneytinu hljóti að mega mæta á fund og ræða þar málin eins og hver annar í landinu.“

- bps



**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**eterna**

*Van Gils*

**gardeur®**

**HUGO**  
HUGO BOSS

**CANALI**

**PAL ZILERI**

POLO  RALPH LAUREN

**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**

**MABRUN**

**LLOYD**

**SARAR**

**BELLINI**  
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 18  
LAUGARDAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 17  
SUNNUDAGA  
FRÁ KL. 13 TIL 17



**Herra**

***lagerinn***

**outlet**

*líka fyrir konur*

**60%**

**afsláttur  
af öllum vörum**

**Troðfull verslun af merkjavöru!**

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)





# NÝSKÖPUNARÞING

## OPIN NÝSKÖPUN

Nýsköpunarþing Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Útflutningsráðs verður haldið fimmtudaginn 12. mars nk. kl. 8.00–10.00 á Grand Hótel Reykjavík. Á Nýsköpunarþinginu verður kastljósinu beint að opinni nýsköpun.

Á þinginu verða veitt Nýsköpunarverðlaun fyrir árið 2009.

**Fundarstjóri**  
Þorsteinn Ingi Sigfússon,  
forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

**NÝSKÖPUNAR-  
VERÐLAUN**  
RANNÍS, NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐVAR  
OG ÚTFLUTNINGSRÁÐS  
2009

## DAGSKRÁ

Léttur morgunverður

**Ávarp**

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

**Nýsköpun með framtíðarsýn - leiðin út úr kreppu**  
Guðjón Már Guðjónsson, Industria

**Opin nýsköpun í starfandi fyrirtæki – þörf á breyttu hugarfari**  
Anna María Pétursdóttir, Vífilfell

**Fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja**  
Eggert Claessen, Frumtak

**Persónulegur stíll í alþjóðaumhverfi**  
Steinunn Sigurðardóttir, hönnuður

**Tónlistaratriði**  
Steindór Andersen, kvæðamaður

**Nýsköpunarverðlaunin fyrir árið 2009 afhent**  
Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

Vinsamlega tilkynnið þátttöku:  
Rannís, s. 515 5800, rannis@rannis.is  
Nýsköpunarmiðstöð, s. 522 9000, nmi@nmi.is  
Útflutningsráð, s. 511 4000  
utflutningsrad@utflutningsrad.is

**Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands**

**rannís**

**ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS**

# Allir sem fylgst var með fáí miskabætur

Lögmaður telur að ríkinu beri skylda til að hafa samband við og greiða öllum þeim bætur sem lögreglan fylgdist með á ólögsmætan hátt síðustu tíu ár. Héraðsdómur er ósammála mati á búnaðinum sem fram kemur í skýrslu frá 1999.

**DÓMSMÁL** Lögmaður manns sem fékk dæmdar 250 þúsund króna bætur vegna ólöglegs eftirfarar-búnaðar lögreglu segir það standa upp á yfirvöld að bæta öllum þeim skaðann sem hinu ólögsmæta úrræði var beitt gegn.

Úrræðið, staðsetningarbúnaður sem notaður er til að fylgjast með ferðum fólks, rataði í reglur frá ríkis-saksóknara um sérstak-ar rannsóknar-aðferðir lögreglu árið 1999. Það átti sér hins vegar ekki stöð í lögum fyrr en nú um síðustu áramót og var fram að því ólöglegt, samkvæmt úrskurði héraðsdóms, og raunar áður dóms Hæstaréttar einnig.

Lögmaðurinn Vilhjálmur H. Vilhjálmsson segir að ætla verði að búnaðurinn hafi verið notaður sem almennt rannsóknarúrræði hjá lögreglu frá 1999 hið minnsta. „Við erum því að tala um að búnaðurinn hefur verið notaður með ólöglegum hætti, og brotið þannig á rétti íslenskra ríkisborgara, í tæp tíu ár,“ segir hann.

„Ég tel að það hvíli ótvíræð skylda á ríkisvaldinu að láta fara fram nákvæma könnun á því í hversu mörg skipti þessi ólögsmæti eftirfararbúnaður hefur verið notaður og að hverjum aðgerðirnar hafa beinst,“ segir Vilhjálmur. „Síðan þarf að upplýsa viðkomandi um það að svona búnaður hafi verið notaður til að fylgjast með þeim og benda þeim á rétt þeirra til að sækja skaðabætur eða bjóða fram skaðabætur að



**LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM** Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður telur að ríkisvaldinu sé skylt að kanna hversu oft eftirfararbúnaðurinn hefur verið notaður.

## AÐDRAGANDI MÁLSINS

Lögregla grunaði manninn um að tengjast smygli á fíkniefnum til landsins í póstsendingu. Hann hefur áður hlotið þunga dóma, meðal annars fyrir fíkniefnasmygl. Ákveðið var að festa eftirfararbúnað á bil hans og fylgjast með ferðum hans. Hann fann búnaðinn og kærði. Héraðsdómur kemst að þeirri

niðurstöðu að eftirlitið sé þess eðlis að dómsúrskurð þurfi fyrir því. Það hafi hins vegar verið ómögulegt fram til síðustu áramóta, þar sem dómari getur ekki veitt lögreglu heimild til aðgerða sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum. Allt eftirlit af þessu tagi hafi þannig verið ólöglegt fram til síðustu áramóta.

fyrira bragði,“ segir hann. Nauðsynlegt sé að yfirvöld hafi frumkvæði að því vegna þess að þeir sem hafa sætt eftirfylgninni viti ekki endilega af því sjálfir.

Eiríkur Tómasson lagaprófessor er ekki á sama máli og Vilhjálmur. „Ég get ekki séð að það sé nokkur lagaskylda sem hvílir á ríkinu að gera þetta en auðvitað getur ríkið gert þetta ef það þykir rétt,“ segir hann.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segist munu bíða með viðbrögð við málinu þar til ljóst verður hvort ríkislögmaður áfrýjar dómnum til Hæstaréttar.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri tekur í sama streng og Ragna, en bendir þó á að reglur ríkis-saksóknara um eftirfararbúnaðinn séu byggðar á niðurstöðum skýrslu frá árinu 1999 sem unnin var af fulltrúum lögreglu- og ákærvalds, auk Bjargar Thorarensen, nú prófessors í stjórnsýslurétti, og Atla Gíslasonar, nú þingmanns Vinstri grænna. Mat skýrsluhöfunda hafi verið að ekki þyrfti dómsúrskurð fyrir notkun eftirfararbúnaðar af þessu tagi, þótt héraðsdómur hafi nú komist að annarri niðurstöðu.

stigur@frettabladid.is

# Sigríður Ingibjörg

Minnir á spjallfund með frambjóðendum í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar á Skólaláru í kvöld kl. 20:30.

**Veljum Sigríði Ingibjörgu í 3.-5. sæti í Reykjavík**

**Kosningaskrifstofa Sigríðar Ingibjargar er á Laugavegi 7**

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir er hagfræðingur með viðtæka reynslu og þekkingu á ríkisfjármálum, efnahagsmálum og velferðarmálum. Hún sækist eftir 3.-5. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík. [www.sigriduringibjorg.is](http://www.sigriduringibjorg.is)

**Samfylkingin**



# Nikon D60



Verð:  
**89 995.-**

- Móðuvörn og loftstreymiskerfi
- Handhæg hönnun
- Auknir möguleikar á myndvinnslu í vélinni sjálfri

- Einföld valmynd
- Hið einstaka Expeed myndvinnslukerfi
- Hröð – 3 myndir á sekúndu

Allar Nikon myndavélar koma með íslenskum leiðarvísi.



"...it's a pleasure to use and, handles well and weighs very little. And as I've stressed throughout this review, it makes getting pleasing results incredibly easy."

[www.dpreview.com](http://www.dpreview.com)

Ekki bara myndavél. Petta er Nikon.

**Heimilistæki**, Reykjavík • **Sjónvarpsmiðstöðin**, Reykjavík • **Beco**, Reykjavík  
**Fotoval**, Reykjavík • **MAX**, Garðabær • **MAX**, Reykjavík • **Samkaup**, Borgarnes  
**Hljómsýn**, Akranes • **Blómsturvellir**, Hellissandur • **Skipavík**, Stykkishólmur  
**Samkaup**, Grundarfjörður • **Samkaup**, Ísafjörður • **Kaupfélag V-Húnavetninga**,  
Hvammstangi • **Krákur**, Blönduós • **Samkaup**, Blönduós • **Skagfirðingabúð**,  
Sauðárkrúkur • **Heimilistæki**, Akureyri • **Hemilistæki/Öryggi**, Húsavík  
**Samkaup**, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður • **Martölvan**, Höfn í Hornafirði  
**Mosfell**, Hella • **Hemilistæki/Fossraf**, Selfoss • **Geisli**, Vestmannaeyjar  
**Foto**, Vestmannaeyjar • **Tækniráð**, Grindavík • **Samkaup**, Njarðvík

*At the heart of the image*







**RYK Í RÍAD** Heiftarlegur ryk- og sandstormur reið yfir Sádi-Arabíu í gær og þurfti að loka jafnt flugvöllum sem höfnum. Þessi kona fór engu að síður ferða sinna í höfuðborginni Ríad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmaður Sjálfstæðisflokks:

## Listaverk banka gefi 8 milljarða

**STJÓRNMÁL** „Lauslega áætlað sýnist mér að með þessum hætti geti þjóðarþúið fengið fjóra til átta



KJARTAN ÓLAFSSON

milljarða króna og það eru miklir fjármunir þegar litlu er til að dreifa,“ segir Kjartan Ólafsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokks, sem skorað hefur á Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að láta selja um fjögur þúsund listaverk úr eigu föllnu bankanna. Kjartan telur það eðlilega forgangsroðun að halda eðlilegri starfsemi í gangi í bönkunum „frekar en bankarnir safni málverkum á veggjum og í geymslur,“ segir í áskorun Kjartans.

- gar

# Skuldir mjólkurbúa gríðarlega þungar

Íslensk mjólkurbú skulda um 30 milljarða króna. 700 mjólkurbú eru á Íslandi. Þrjú af hverjum tíu eru talin eiga í verulegum vanda. Ungir bændur eru helst í vanda og er það lítið alvarlegum augum þar sem bú og heimili bænda eru eitt.

**LANDBÚNAÐARMÁL** Skuldir mjólkurbænda á Íslandi nema rúmlega 30 milljörðum króna og líkur eru leiddar að því að þrjú af hverjum tíu kúabúum eigi undir högg að sækja vegna skuldsetningar. Mjólkurbú hér á landi eru rúmlega 700 talsins. Samtök bænda kalla eftir því að fjármögnun kúabúa verði tryggð til lengri tíma, sérstaklega með það í huga að bú og heimili bænda eru yfirleitt óaðskiljanleg eining.

Skuldastaða mjólkurbænda hefur farið hraðversnandi á undanförunum árum. Skuldir þeirra voru um 20 milljarðar í ársbyrjun 2006 en eru rúmlega 30 milljarðar í dag. Bændur hafa verið hvattir til uppbyggingar og hafa fjárfest í atvinnutækjum og mjólkurkvóta. Hluti þessarar uppbyggingar hefur verið fjármagnaður með erlendum lánum. Athygli vekur að fjölmörg mjólkurbú skulda lítið eða ekkert sem bendir til að erfitt eða ómögulegt sé fyrir fjölda mjólkurbænda að bjarga sínum fyrirtækjum, nema til komi aðgerðir stjórnvalda eins og afskriftir skulda. Ljóst er að skuldir einstakra mjólkurbúa eru 50 til 150 milljónir.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir stöðu mjólkurbænda hafa farið hratt versnandi á undanförunum árum. Skuldir mjólkurbænda hafi verið um 20 milljarðar árið



**ÚR KJÓSINNI** Mikil uppbygging hefur verið á mjólkurbúum á Íslandi og mjólkurkvóti keyptur til að ná fram stærri og hagkvæmari búum. Myndin tengist efni fréttarinnar ekkert.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

2006 en hafi farið hratt vaxandi. Aðspurður hvort bændur hafi farið offari í lántökum segir Haraldur að svo geti verið í einhverjum tilfellum. „Höfum þó hugfast að allar forsendur fyrir uppbyggingunni hafa kollvarpast. Það er heldur ekkert leyndarmál að það var rekinn stífur áróður fyrir því að lítil áhætta væri fyrir bændur að taka erlend lán. Á gróðæristímanum voru bændur hvattir til lántöku af því að veð þeirra væru svo sterk, en það gleymdist að horfa á veltutölur búanna.“

Haraldur segir að til þess að setja í sambengi hversu rekstrarumhverfi bænda hefur versnað mikið þá voru útgjöld meðalstórs kúabús til áburðarkaupa árið 2007 um 960 þúsund krónur. Í vor

stefnir í að reikningurinn verði 2,5 milljónir. Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, segir að á Suðurlandi séu um 260 kúabú. Af þeim telji sambandið að rúmlega fimmtíu eigi í verulegum vanda og sami fjöldi nái rétt að halda sjó. „Þetta eru þeir sem hafa verið að endurbæta aðstöðu sína og kaupa mjólkurkvóta. Þetta eru frekar ungir bændur en eldri, eins og eðlilegt er, þó erfið skuldastaða einskorðist ekki við aldur. Þetta er í mörgum tilfellum ungt barnafólk, sem eykur á alvarleika málsins.“ Sveinn segir að á Suðurlandi sé meirihluti búanna vel sett sem undirstriki hvað staða skuldsettustu búanna sé gríðarlega erfið.

svavar@frettabladid.is



**MÓTMÆLI Í BERLÍN** Þessi snáði tók þátt í mótmælum fyrir utan kínverska sendiráðið í Berlín.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tíbetar minnst uppreisnar:

## Dalaí Lama ásakar Kínverja

**INDLAND, AP** Dalaí Lama, sem er í senn andlegur og veraldlegur leiðtogi Tíbeta, segir að kínversk stjórnvöld hafi gert lífið í Tíbet að „helvíti á jörðu“.

Tíbetar og stuðningsmenn þeirra víða um heim minntust þess í gær að hálf öld er liðin frá því að Dalaí Lama flúði ásamt hópi fólks undan ofríki Kínverja til Indlands, þar sem hann hefur haft aðsetur síðan.

Í ávarpi sínu í gær sagði Dalaí Lama að Kínastjórn komi fram við tibetsku þjóðina eins og „glæpamenn sem eigi liflát skilið“.

- gb

### SJÁVARÚTVEGUR

#### Togararallið hafið

Árleg stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum, eða togararall eins og verkefnið er kallað í daglegu tali hófst í síðustu viku. Fimm skip taka þátt í verkefninu. Vorrallið hefur farið fram árlega síðan 1985. Stofnstærð, aldurssamsetning, fæða, ástand og útbreiðsla helstu fisktegunda er þá rannsakað.

# Sex vinir óháð kerfi

er liður í aðgerðaáætlun Símans fyrir fólkið og fyrirtækin!



Stjórnendur Baugs Group og skilanefnd Glitnis í hár saman vegna ásakana:

# Segja fullyrðingarnar rógburð

**VIÐSKIPTI** Fullyrðingar lögmanna Íslandsbanka og skilanefndar Glitnis um að stjórnendur Baugs Group hafi vísitandi reynt að blekkja kröfuhafa félagsins eru rangar, og geta flokkast sem rógburður, segir í yfirlýsingu frá Baugi Group.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær komu fram ásakanir um blekkingar þegar tekist var á um greiðslustöðvun Baugs Group í héraðsdómi á mánudag.

Í yfirlýsingu frá Gunnari S. Sigurðssyni, forstjóra Baugs Group, segir að þau gögn sem lögmenn Íslandsbanka og Glitnis séu að bera saman séu ekki sambærileg.



**MEIÐANDI** Ásakanir ganga á víxl milli Gunnars S. Sigurðssonar, forstjóra Baugs Group, og skilanefndar Glitnis.

Annars vegar sé um að ræða kynningu á stöðu félagsins fyrir kröfuhafa. Hins vegar kynningu á verkefni sem kallað hafi

verið Project Sunrise. Það hafi verið samstarfsverkefni Baugs og Landsbankans.

Samanburður á þessu tvennu sé ekki aðeins villandi „heldur einnig meiðandi í garð stjórnenda Baugs“, segir í yfirlýsingunni.

Í yfirlýsingum frá skilanefnd Glitnis og Íslandsbanka kemur fram að staðið sé í einu og öllu við orð lögmanna í héraðsdómi. Fyrri skýringar Baugs séu ekki í samræmi við það sem fram komi í tilkynningu félagsins í gær. Íslandsbanki hvetur í yfirlýsingu sinni Baug Group til að gera þau gögn sem vísað var til í héraðsdómi opinber.

- bj

Undirbúningurinn fyrir 245 kílómetra eyðimerkurhlaupið á lokaspretti:

# Íslendingar hlaupa í Sahara

**ÚTIVIST** Tveir íslenskir ofurhlauparar taka þátt í Sahara eyðimerkurmaraðoninu sem fram fer í Marokkó um næstu mánaðamót og verða þeir fyrstir íslenskra hlaupara til að taka þátt í þessu hlaupi. Þetta eru þeir Ágúst Kvaran og Justin Bjarnason.

Ágúst Kvaran segir að Justin Bjarnason, sem er af íslensku bergi brotinn en býr í Englandi, hafi hringt í sig nýlega og sagt sér að hann taki einnig þátt í hlaupinu. Þeir hafi síðan verið í tölvusambandi.

Sahara eyðimerkurmaraðonið er áfangahlaup þar sem hlaupið er í eyðimörkinni sunnan Atlasfjalla í suðausturhluta Marokkó. Nákvæmri hlaupaleið og vegalengd er haldið leyndri fram á síðasta dag fyrir hlaup. Hlaupin eru sex hlaup á sjö dögum, samtals um 245 kílómetrar. Fyrstu þrjá dagana

**SAHARA EYÐIMÖRKIN**  
Hlaupaleiðin breytist á hverju ári en svona var hún í fyrra.

Spánn  
Moracco  
Alsir  
Hlaupaleiðin

Hlaupið er í lausum sandi og stórgrýti, yfir fjallgarða og í uppþornuðum árfarvegum í Sahara eyðimerkurmaraðoninu í Marokkó.

eru 30 til 40 kílómetra hlaup hvern dag. Á fjórða degi er ofurmaraðon þegar hlaupin er 75-80 kílómetra

leið. Fimmti dagurinn er hvíldardagur en á þeim sjötta er hlaupið maraðon, 42,2 kílómetrar, og svo endað síðasta daginn á 15-20 kílómetra hlaupi.

Undirlag er fjölbreytt, að sögn Ágústs, allt frá lausum sandi til stórgrýtis. Hlaupið er yfir fjallgarða og í uppþornuðum árfarvegum. Keppendur bera matarbirgðir og eldunar- og svefnbúnað frá fyrsta degi fyrir allt tímabilið en fá vatn með reglulegu millibili. Dvalist er í tjaldbúðum milli hlaupa. Hiti um hádaginn getur farið upp undir fimmtíu stig og niður fyrir tíu gráður á nóttunni.

Yfir 800 keppendur eru skráðir til þátttöku, frá um 39 þjóðlöndum. Hlaupið er skipulagt af Frökkum í samvinnu við innfædda. Fylgst er með hlaupinu og það myndað af sjónvarpsstöðinni Eurosport. - ghs

**TILBOÐ VIKUNNAR**

**ÞÚ SPARAR 90.000 kr.**

**169.900 kr.**  
Verð áður 259.900.-

Relax 3 sæta sófi M8229  
Einnig fáanlegt 2 sæta og stóll

Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum  
Tilboðið gildir til 20. mars

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

**Aðalfundur  
Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Laugalandi Holtum, föstudaginn 27. mars 2009 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

- Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykktá félagsins.
- Tillaga stjórnar um breytingar á 17. gr. samþykktá félagsins.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 6. mars 2009.  
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**

**5125050**

Auglýsingasími

Best lesið

Veldu þína leið og byrjaðu að spara!

## Lægsta mínútuverðið 11,90 kr.

- Lægsta mínútuverð í GSM á Íslandi, 11,90 kr. óháð kerfi
- Einn GSM vinur innan kerfis.
- Hentar þeim sem tala jafnan lengi í hverju símtali.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

## Sex vinir óháð kerfi

- Veldu þér sex GSM vini í hvaða kerfi sem er.
- Þetta er leiðin fyrir þá sem hringja mest í sama fólkið aftur og aftur.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

## Núll í alla heimasíma

- Ekkert mínútugjald úr GSM í alla heimasíma á Íslandi.
- Þrír GSM vinir innan kerfis.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hringdu núna í síma

**800 7000**

og veldu þína leið!

Pitt val • Það er **Síminn**





Jákvæð mismunun verður að gagnast þeim sem hún er ætluð:

# Þegar vopnin snúast í höndunum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Skipan á lista stjórnmalaflokka fyrir komandi þingkosningar stendur nú sem hæst. Flokkarnir hafa mismunandi hátt á skipan listanna en forval eða prófkjör eru þó víðast haldin.

Við skipan sumra lista hefur verið valið að nota kynjakvóta til að tryggja sem jafnast hlutfall kynja á listunum. Beiting kynjakvóta er umdeild. Andstæðingar hans taka jafnvel svo djúpt í árinna að segja að kynjakvóti sé andstæður jafnrétti meðan fylgjendur kalla hann jákvæða mismunun sem nauðsynlegt sé að beita uns jafnræði ríki með kynjunum.

Meðan staðan er þannig að mikill meirihluti þingmanna er karlar er hlutverk kynjakvótans að jafna hlutföll milli kynja. Það gerir hann eingöngu með því að virka aðeins á annan veginn, þ.e. með því að beita honum aðeins konum í vil þegar hann er notaður við uppröðun á lista til þingkosninga. Þegar kynjakvótinn er farinn að lyfta körlum upp á listum þá vinnur hann þvert gegn markmiði sínu.

Verulega hallar á hlut kvenna á Alþingi. Það væri því eingöngu verjandi að beita kynjakvóta í báðar áttir í því tilviki að allir flokkar og framboð byndust samtökum um að hafa jafnt hlutfall kynja á listum sínum. Meðan skipan framboðslista er hins vegar þannig að þau þingsæti sem öruggust teljast eru að talsverðum meirihluta skipuð körlum þá fer verulega vel á því að á einum og einum framboðslista sé þessu öfugt farið.

Vinstri græn í Reykjavík geta þannig verið stolt af því að bjóða fram lista þar sem konur skipa flest þau sæti sem talin eru örugg þingsæti. Þessir framboðslistar eru raunverulegt framlag til þess að jafna kynjahlutfallið á Alþingi.

Ymsum öðrum aðferðum en kynjakvóta má beita til að leitaast við að jafna hlut kynjanna á framboðslistum. Þannig hefur verið sýnt fram á að konum vegnar yfirleitt betur í prófkjörum þar sem skýrar reglur gilda um að frambjóðendur megi verja litlu sem engu fé í kosningabaráttuna. Ýmsum þeim sem uppsigað er við kynjakvóta gæti hugnast sú leið betur.

Hlutur þingkvenna af landsbyggðinni er sérstakt áhyggjuefni. Á sitjandi þingi kemur einungis fjórðungur þingkvenna af landsbyggðinni. Skipan þeirra lista sem þegar hafa verið birtir gefa ekki tilefni til sérstakrar bjartsýni um að þetta hlutfall breytist verulega. Sérstök ástæða ætti því að vera til að beita markvissum aðgerðum til að auka hlut þingkvenna af landsbyggðinni.

Ljóst er að enn vantar talsvert upp á að staða karla og kvenna sé með þeim hætti að kynjahlutfall á Alþingi verði jafnt án þess að hjálparmeðul séu notuð. Þangað til er nauðsynlegt að beita jákvæðri mismunun óhikað.

Sé kynjakvóta beitt er mikilvægt að horfast í augu við það hvers vegna það er gert og láta hann vinna með markmiði sínu en ekki gegn því.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) og Þorsteinn Pálsson [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is) ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

# Kúplingar



**Stilling**

Stilling hf. • Sími 520 8000 • [www.stilling.is](http://www.stilling.is) • [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þæfður lopi

Pingmaðurinn Ármann Kr. Ólafsson hefur sagt skilið við nýja tíma og tekið ástfóstri við þá gömlu. Í takt við slagorð hans, Gömul gildi – ný tækifæri, skryðist hann nú fagurri íslenskri lopapeysu á öllu kynningarefni sínu í stað stífpressuðu góðærisjakkafatanna frá síðustu kosningum. Lopapeysur hafa hingað til oftast verið kenndar við vinstri væng stjórnmalanna en þann hægri sem Ármann tilheyrir, en nú virðist ætla að verða breyting þar á. Það helst ágætlega í hendur við annað fyrirbæri sem áður var talið einkenna vinstri menn en hefur smitast hastarlega



yfir á sjálfstæðismennina á Alþingi – málþófið. Lopapeysan hefur því eflaust komið sér vel þegar Ármann reið á vaðið við að teygja lopann í pontu þingsins í fyrirakvöld.

### Tímarnir breytast...

...og þingmennirnir með. Nú barma stjórnarliðar sér yfir sjaldhreyðu málæði sjálfstæðismanna. Vinstri græn virðast hins vegar hafa gleymt tveggja ára gamalli skoðun sinni að málþóf sé nauðsynlegt lýðræðinu. Þá andmæltu flokksmennirnir því mjög að breyta ætti þingskapa-lögum í þá veru að ræðutími yrði takmarkaður.



### Nokkuð (ó)ljóst

Altalað er hversu ákveðin og skelegg kona Jóhanna Sigurðardóttir er. Það mátti til dæmis heyra á fundi forystumanna ríkisstjórnarinnar í gær, þegar Jóhanna var innt eftir því hvort hún ætlaði að sækjast eftir formennsku í Samfylkingunni. „Það er nokkuð ljóst að ég mun ekki gera þetta, en ég er að ihuga þessa miklu hvatningu sem ég hef fengið,” sagði Jóhanna ákveðin sem aldrei fyrr. [stigur@frettabladid.is](mailto:stigur@frettabladid.is)

# Ljón á vegi endurreisnar

Sumir héldu að kjör Baracks Obama myndi snúa gæfunni Bandaríkjunum í vil. Þar sem það hefur ekki gerst, þrátt fyrir risavaxnar efnahagsaðgerðir, kynningu á aðgerðaáætlun til að takast á við fasteignavandann og ýmsar ráðagerðar til að koma á efnahagslegum stöðugleika, eru sumir farnir að skella skuldinni á Obama og stjórn hans.

Obama erfði hins vegar hagerfi í lausu lofti og hefði ekki getað snúið hlutunum við á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því hann tók við embætti. Á síðustu mánuðum sínum í embætti var líkt og Bush forseti væri lamaður af ótta og ófar um að gera svo til nokkurn skapaðan hlut. Það er því léttir að Bandaríkin hafa loksins fengið forseta sem lætur til skarar skríða og það sem hann hefur þegar gert mun hafa mikil áhrif.

### Duga ekki til

En því duga þær aðgerðir ekki til? Efnahagsaðgerðirnar virðast umfangsmiklar – rúmlega tvö prósent af árlegri vergri landsframléiðslu – en þriðjungur þeirra fer í skattalækkanir. Miðað við yfirvofandi skuldahala, ört vaxandi atvinnuleysi (og eitt versta atvinnubótakerfi meðal stærstu iðnríkja) og rýrnandi eignaverð, mun almenn-ingur að öllum líkindum nýta skattalækkanir í sparnað.

Næstum helmingur efnahagsaðgerðanna setur samdráttar-áhrif skattalækkananna á ríkis-vísu einfaldlega úr skorðum. Öll ríki Bandaríkjanna verða að stefna að stöðugleika í fjárlögum. Talið var að heildarhalli allra ríkja myndi nema um 150 milljörðum dollara fyrir nokkrum mánuðum síðan; þær tölur hljóta nú að vera orðnar hærri – Kalifornía ein og sér stendur til dæmis frammi fyrir 40 milljarða dollara hallarekstri.

Sparnaður heimila hefur loksins aukist, sem er gott fyrir bókhald heimilanna til lengri tíma litið, en vont fyrir hagvöxtinn. Um leið hafa fjárfestingar og útflutningur snarminnkað. Hinn sjálfvirki jafnvægisbúnaður Bandaríkjanna – framsækni skattakerfisins, styrkur velferðarkerfisins – hefur laskast mjög, en mun sjá efnahagslífinu fyrir einhverri örvun, þar sem búist er við að fjárlagahallinn snarhækki upp í tíu prósent af vergri landsframléiðslu. Í stuttu máli munu efnahagsaðgerðirnar efla bandarískan efnahag, en líklega ekki nóg til að knýja fram kröftuga uppsveiflu. Það eru slæm tíðindi fyrir umheiminn líka, þar sem endurreisn á heimsvísu er hæð kraftmiklu efnahagslífi í Bandaríkjunum.

### Dýrmætar lexíur

Hin raunverulegu mistök í endurreisnaráætlun Obama eru hins vegar ekki fólgin í efnahagsaðgerðunum sem slíkum heldur í til-raununum til að endurlífga fjár-



JOSEPH STIGLITZ

Í DAG | Endurreisn efnahagslífsins

málamarkaðina. Ríki um allan heim sem glíma við bankakreppu geta lært dýrmæta lexíu af mistökunum sem Bandaríkin hafa gert:

– Seinkun á endurhönnun og uppbyggingu bankakerfisins er dýrkeypt, bæði hvað endanlegan kostnað við björgunaraðgerðirnar snertir sem og skaðann sem hagerfið biður í millitíðinni.

– Stjórnvöld eru treg til að viðurkenna hvað vandamálið kemur til með að kosta í raun og veru. Þau gefa því bankakerfinu nóg til að tóra en ekki nóg til að endurheimta fyrir styrk.

– Tiltrú og traust eru mikilvæg en verða að hvíla á öruggum stöð-um. Ekki má marka stefnu á grundvelli ósanninda á borð við þau að lánastarfsemin sem stunduð var hafi verið góð og gild og að viðskiptavit forystusauðanna í fjármálageiranum fái uppreisn æru um leið og traustið hefur verið endurheimt.

*Sá tími er vonandi á enda þegar menn trúðu að það væri hægt að búa eitthvað til úr engu.*

– Það má gera ráð fyrir að bankamenn skari eld að eigin köku ef hvatarnir eru fyrir hendi. Óhófleg áhættusækni var keyrð áfram af annarlegum hvötum. Bankar sem eru á barmi gjaldþrots en of stórir til að riða til falls eru líklegir til að taka enn meiri áhættu. Vitandi að stjórnvöld hreinsa til eftir þá, ef til þess kemur, fresta þeir að greiða úr flækjum fasteignalána en borga þess í stað hver öðrum milljarða í kaupauka og arðgreiðslur.

– Að velta skuldum yfir á almenning meðan gróðinn er einkavæddur er mun ugðvænlegra en að þjóðnýta banka. Skattgreiðendur í Bandaríkjunum bera sífellt minna úr bótum. Fyrir hvern dollara sem ríkið lagði fram í fyrstu fjármagnsinnsþýtingunni fékkst 0,67 dollara virði í eignum (þótt eignirnar væru ábyggilega of hátt metnar og féllu fljótlega í verði). En í undanförunum innþýtingum er talið að virði hvers dollara í eignum sé 0,25 dollarar

eða minna. Óhagstæðir skilmálar eru ávísun á háar skuldir þjóðarbúsins í framtíðinni. Ein ástæðan fyrir því hvers vegna skilmálarnir eru svona slæmir er ef til vill sú að ellegar ætti almenningur nú ráðandi hlut í að minnsta kosti einum af stóru bönkunum.

– Ekki rugla bankamönnum og hluthöfum saman við það að bjarga bönkum. Bandaríkin hefðu getað bjargað bönkunum en látið hluthafana gossa fyrir mun minna fé en þau hafa þurft að eyða.

– Molahagfræðin ber yfirleitt ekki árangur. Að dæla peningum í banka hefur ekki hjálpað fasteignaeigendum: nauðungaruppboðum fjölgar enn. Að láta AIG riða til falls hefði ef til vill komið illa við nokkrar mikilvægar stofnanir, en það hefði verið auðveldara að fást við það en að leggja 150 milljarða dollara undir og vona að hluti þess nýtist þar sem þess er þörf.

– Skortur á gagnsæi kom fjármálakerfi Bandaríkjanna í klípu. Skortur á gagnsæi mun ekki leysa vandann. Obama-stjórnin lofar að taka á sig tap til að hvetja vogunarsjóði og aðra einkaaðila til að kaupa „slæmu“ eignir bankanna. En það leiðir ekki til myndunar á „markaðsverði“, eins og ríkisstjórnin heldur fram. Ef stjórnvöld sitja uppi með tapið er verðið bjagað. Bankar hafa þegar tapað fé og ágóði þeirra verður nú á kostnað skattgreiðenda. Að blanda vogunarsjóðum í slaginn sem þriðja aðila mun aðeins auka kostnaðinn.

– Betra er að horfa fram á við en til baka, einblína á að takmarka áhættuna við nýjar lánveitingar og tryggja að sjóðir komi lánastarfsemi í eðlilegt horf. Sem dæmi má nefna að 700 milljarða dollara lán til nýs banka með skuldsetningarhlutfallið tíu á móti einum, gæti fjármagnað ný lán að andvirði sjö billjóna dollara.

### Dagar gullgerðarinnar á enda

Sá tími er vonandi á enda þegar menn trúðu að það væri hægt að búa eitthvað til úr engu. Skamm-sýn viðbrögð stjórnmalamanna – sem vilja komast upp með að leggja fram nógu lága fjárhæð til að þóknast skattgreiðendum en nógu háa til að þóknast bönkunum –framlengja aðeins vandann. Ógöngurnar dýpka. Meiri peninga er þörf en Bandaríkjamönnum hugnast lítt að reiða þá fram – allra síst á þeim kjörum sem hafa verið undanfarið. Peninga-brunnurinn er að þorna upp. Það sama gæti orðið um bjartsýnina og vonina, sem Bandaríkjamenn eru annálaðir fyrir.

*Höfundur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru Fréttablaðsins.*





# Innréttingar í öll herbergi hússins

- glæsileg og vönduð vara  
eitt hágstæðasta verð á markaðnum

ÁFRAM  
FRÁBÆR TILBOÐ  
2009

## ELDHÚS

Innifalið í öllum innréttingum **BLUM** mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum

35%  
afsláttur

HORIZONTAL

Amerísk  
hnota  
spónlögð



Verð kr. 228.630,- með afslætti



Verð kr. 283.100,- með afslætti

## FATASKÁPAR

Fataskápar í breiddum: 40, 50, 80 og 100 sm | hæð 240 sm



Ljós eik

35%  
afsláttur  
á fataskápum!



Háglans  
- sprautulakkaður

Verð frá 37.300,- stgr.

## ÞVOTTAHÚS

innréttingar

Verð 59.900,- stgr.



Þvottahúsa innr. hvít háglans

35%  
afsláttur  
á þvottahúsa  
innréttingum



35%  
afsláttur

HORIZONTAL

Amerísk hnota spónlögð

Verð  
kr. 483.850,-  
með afslætti



DUCAL ljós eik

Verð kr. 705.760,- með afslætti

25%  
afsláttur



LINE Hvítt háglans sprautulakkað

Verð kr. 806.300,- með afslætti

30%  
afsláttur

kynntu þér úrvalið á  
**www.i-t.is**



- fyrir þitt heimili

Ópið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is





Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þorvaldur Þorvaldsson**

Arnarkletti 30, Borgarnesi,

verður jarðsönginn frá Borgarneskirkju föstudaginn 13. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á MND-félagið.

Sigríður Björk Þórisdóttir

Svanhildur Margrét Ólafsdóttir  
Þórir Valdimar Indriðason

Jón Þór Þorvaldsson  
María Hrunð

Guðmundsdóttir

Anna Heiðrún Þorvaldsdóttir  
Þorvaldur Ægir Þorvaldsson

Samúel Helgason

og afabörn.



Innilegar þakkar til allra sem sýndu okkur samúð og vinarþug við andlát og útför

**Skúla Sigurðssonar**

Gemlufalli.

Sérstakar þakkar til starfsfólksins á Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Ísafirði fyrir frábæra umönnun.

Ragnhildur Jóna Jónsdóttir  
og aðrir aðstandendur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Benjamín Józefsson**

húsgagnasmíðameistari  
(Benni í Augsýn), Rimasíðu 20, Akureyri,

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. mars kl. 13.30.

Gísli V. Benjamínsson  
Hildur Benjamínsdóttir  
Ólöf Vera Benjamínsdóttir

Marta Jensen

Sólrún Stefanía Benjamínsdóttir  
Katrín Benjamínsdóttir

Kjartan Tryggvason  
Oddur Helgason

Halldóra Lilja Benjamínsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Bragi Finnbogason



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Einar Franklín Steinarsson**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum 4. mars, verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju fimmtu-daginn 12. mars og hefst athöfnin kl. 13.00.

Steinar Ingi Einarsson  
Sigurður Arnar Einarsson  
María Björk Steinarisdóttir  
Einar Ísfeld Steinarsson  
Sigurgeir Sigurðsson

Gunnhildur María Eymarsdóttir  
Á. Bergljót Stefánsdóttir  
Konstantín Shcherbak  
Erin Jorgensen



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Helgi Sigurður Jónasson**

frá Hlíð, Langanesi,

lést þann 6. mars sl. Minningarathöfn fer fram í Árbæjarkirkju föstudaginn 13. mars kl. 15.00. Útförin fer fram frá Sauðaneskirkju laugardaginn 21. mars. Þeim sem vilja minnast Helga Sigurðar er bent á Velunnarasjóð hjúkrunarheimilisins Klausturhóla, Klaustri.

Vigdís Jóhannsdóttir

Jónas A. Helgason  
Jóhann H. Helgason  
Páll H. Helgason  
Þórir J. Helgason

Sandra Þorbjörnsdóttir  
Þórunn Kristjánsdóttir  
Ingibjörg Hauksdóttir  
Hulda J. Sigurðardóttir

og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengda-móðir og amma,

**Bjargey Fjóra Stefánsdóttir**

Norðurbrú 5, Garðabæ, áður til heimilis að Ásgarði 149, Reykjavík,

andaðist þann 5 mars sl. á Landspítala Fossvogi. Hún verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. mars kl. 13.00.

Ágúst Guðmundsson

Robert J. Severson

Margrét Ágústsdóttir

Kristján Ágústsson

Ágúst Björn Ágústsson

Bjarni Ágústsson

og fjölskyldur.

Aðalsteinn Ólafsson

Stefanía Sara Gunnarsdóttir

Þórdís Björg Kristinsdóttir

Þórdís Lára Ingadóttir



Móðir okkar,

**Svava Björnsdóttir**

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 4. mars, verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju föstudaginn 13. mars kl. 11.00.

Rósa Hilmarsdóttir

Árný Birna Hilmarsdóttir

Páll Hjálmur Hilmarsson

og fjölskyldur.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og lang-amma,

**Kristjana S. Markúsdóttir**

frá Súðavík, Þórðarsveig 3, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 2. mars, verður jarðsöngin frá Guðríðarkirkju í Grafarholti föstudaginn 13. mars kl. 15.00.

Ásdís Magnúsdóttir

Markús K. Magnússon

Karl G. Karlsson

barnabörn og langömmubörn.

Jón Sigurðsson

Soffía Hólm

Dagbjört Jónsdóttir



Ástkær konan mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Birna Hervarsdóttir**

Hamraborg 18, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 8. mars. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. mars kl. 13.00.

Guðmundur Maríasson

Hafsteinn Gunnar Jakobsson

Svanhvit Jakobsdóttir

Jón Þorkell Jakobsson

Sóley Jakobsdóttir

Guðmunda Jakobsdóttir

og barnabörn.

Þórunn Sif Björnsdóttir

Stefán Jens Hjaltalín

Júlíana Harðardóttir

Bjarni Sigurbjörnsson

Hannes Ingi Jónasson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Helgi Hersveinsson**

Sólvangi,

áður Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 7. mars á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, Hafnarfirði. Útförin verður auglýst síðar.

M. Hera Helgadóttir

Kristján A. Helgason

Helgi Hrafn Reimarsson

Arnar Marvin Kristjánsson

Reimar Georgsson

Jóna S. Marvinsdóttir

TÓNLISTARMAÐURINN JOEL  
MADDEN ER ÞRÍTUGUR Í DAG.

„Sofðu alltaf í sætum nátt-fötum, þú veist aldrei hvern þú hittir í draumum þínum.“

Joel Madden er söngvari hljómsveitarinnar Good Charlotte og sambýlismaður Nichole Richie. Þau eiga von á öðru barni sínu en fyrir eiga þau stúlkuna Harlow.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**KRAFTUR Í STARFINU Í DAG** Markús Einarsson, framkvæmdastjóri Farfugla, segir samtökin á fljúgandi ferð á 70 ára afmælinu og opna nýtt farfuglaheimili á Vesturgötu næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FARFUGLAR: 70 ÁRA STARFSAFMÆLI

## Fleiri gistinætur

„Farfuglar var stofnað í kringum Menntaskólann í Reykjavík 2. mars árið 1939 og var Pálmi Hannesson rektor fyrsti forseti samtakanna,“ útskýrir Markús Einarsson, framkvæmdastjóri Farfugla. Hann segir öflugt starf einkenna samtökin.

„Við erum aðilar að Hostelling international sem reka 4.600 farfuglaheimili víða um heim. Hér á Íslandi rekur við 28 heimili og munum bæta við á næstu vikum. Við erum þessa dagana að opna farfuglaheimili á Vesturgötu í Reykjavík en þar verða 70 gistirými. Einnig erum við að yfirtaka rekstur gisti- og þjónustumiðstöðvarinnar í Húsadal í Þórsmörk með 120 gistirýmum svo það er mikill kraftur í starfsemi. Gæðastarf okkar hefur skilað sér í fleiri og ánægðari gestum,“ segir Markús.

Í tilefni tímamótanna voru Farfuglar gestgjafar alþjóðlegrar ráðstefnu Hostelling International dagana 9. og 10. mars auk þess sem farfuglaheimili um allt land verða með opið hús í vor. „Þar getur fólk kynnt sér starfsemi okkar og svo munum við verða með uppákomur út allt afmælis árið,“ segir Markús.

heida@frettabladid.is



Elskulegur bróðir okkar,

**Bjarni Ólafsson**

Pálsgarði 2, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga föstudaginn 6. mars. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 21. mars kl. 14.00.

Anna Ólafsdóttir  
Sigurður Rúnar Ólafsson  
Sólveig Mikælsdóttir  
Berglind Ólafsdóttir  
og fjölskyldur.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Helgi**

**Þórðarson læknir**

Smáraflöt 5, Garðabæ,

verður jarðsönginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 12. mars kl. 3. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

Lóa Stefánsdóttir

Bryndís Guðmundsdóttir

Vilborg Guðmundsdóttir

Heimir Guðmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhann Tómasson

Einar Indriðason







MICHELSSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Göngum hreint til verks!



GUDJÓN Ó

VISTVÆN PRENTSMÍÐJA

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 11. mars 2009 – 10. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000



Finnur Oddsson

Kreppan og leiðir fram á við



Traustir Færeyingar

Bjóða Íslendingum tryggingar



Edda Rós Karlsdóttir

Sér ekki fyrir endann á fjármálakreppunni



VERSLUN SKÍFUNNAR

Sena var síðasta fyrirtækið sem Straumur seldi áður en ríkið tók bankann yfir. Aðrir bankar segja fyrirtækjasölu í biðstöðu.

MARKAÐURINN/PIJETUR

## Ekkert til sölu í bili

Ekkert fyrirtæki er í formlegu söluferli hjá viðskiptabönkunum þremur. Viðmælendur Markaðarins segja fyrirtækjasölu í biðstöðu nú um stundir. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum er þess beðið að umsýslufélög komist á koppinn sem muni sjá um ferlið. Bankarnir hafa allir boðað stofnun slíkra félaga.

Straumur seldi Senu í síðustu viku og Íslandsbanki (áður Glitnir) Árvakur fyrir hálfum mánuði. Bankinn seldi hópi fjárfesta 51 prósent hlut í Skeljungu í lok ágúst í fyrra en situr enn á 49 prósentum í olúfúlaginu. Ekki liggur fyrir hvort bankinn hyggist losa sig við hlutinn í bráð.

- jab

## Útlendingar áhugalitlir

Útlendingar hafa verið áhugalitlir um útboð ríkisvixla- og bréfa en áhugi innlendra aðila hefur verið meiri. Þetta kemur fram í samantekt Greiningar Íslandsbanka.

Þar er vísað í yfirlit Seðlabanka Íslands yfir lánamál ríkisins, en þar kemur fram að útlendingar keyptu aðeins um 0,7 milljarða króna í útboði ríkisvixla um miðjan febrúar, en alls voru 10 milljarðar króna seldir í útboðinu.

Þá héldu erlendir fjárfestar sig alfarið frá útboði tveggja lengstu ríkisskuldabréfaflokkanna, sem er í takti við takmarkaðan áhuga útlendinga á skuldabréfaflokkum með langan líftíma.

- bj

### HELST Í ÚTLÖNDUM

Verðhjóðnun í Kína | Vöruverð í Kína lækkaði í febrúar í fyrsta sinn í sex ár. Neysluverðsvísitalan lækkaði um 1,6 prósent í mánuðinum. Þessi þróun undirstrikar hve erfitt efnahagsástandið er í þessu þriðja stærsta hagkerfi heims.



Olíuverð hækkar | Olíuverð var komið upp í næstum 48 dollara á fatið í gær. Talið er að OPEC-ríkin ætli að tilkynna innan fárra daga að dregið verði úr framleiðslu á olíu, en þau hafa þegar minnkað framboðið töluvert.

Jenið lækkar | Japanska jenið heldur áfram að lækka gagnvart dollar og evru. Þetta eru góð tíðindi bæði fyrir útflutningsfyrirtæki í Japan og fyrir Íslendinga sem skulda í jenum.

Atvinnuleysi eykst | Atvinnuleysi í Bandaríkjunum mældist 8,1 prósent í febrúar og hefur ekki verið meira í aldarfjórðung, eða síðan 1983. Samkvæmt samantekt Bloomberg-fréttastofunnar spá sérfræðingar því að atvinnuleysið þar í landi fari upp í 9,4 prósent á þessu ári.

Bjartsýni í Sviss | Seðlabanka- stjórar nokkurra landa hittust í Sviss og sögðust heldur bjartsýnni á horfurnar en þeir hafa leyft sér undanfarið. Þeir telja botni kreppunnar brátt náð og eftir það liggi leiðin hægt upp á við.

# Peningar á leiðinni

Straumur hóf að losa um eignir þegar halla tók undan fæti í haust. Fyrsta uppskeran ætti að skila sér í dag.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Svo gæti farið að allt að 192 milljónir evra hið minnsta, jafnvirði um 27,5 milljarða króna, falli í skaut skilanefndar Straums vegna eignasölu bankans upp á síðkastið, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þetta er meðal annars vegna sölu bankans á pólska símafyrirtækinu Netia, sem gekk í gegn á föstudag í síðustu viku og skilar sér til bankans í dag. Allt er tilbúið fyrir sölu á bresku ferðaskrifstofunni XL Leisure Group en áætlað söluandvirði, sem von er á að skili sér eftir næstu mánaðamót, nemi rúmum 60 milljónum evra. Þá er áætlað að kanadíska frysti- og kælivöruvyrirtækið Versacold, sem hefur verið í söluferli síðan á fyrri hluta síðasta árs, geti skilað hundrað milljónum evra í búið.

Skilanefnd Fjármálaeftirlitsins tók lykjavöldin í fjárfestingabankanum á mánuðagsmorgun eftir að Seðlabankinn neitaði honum um lán upp á átján milljónir evra, um 2,5 milljarða króna, til að mæta greiðslu á láni upp á 33 milljónir evra sem féll á gjalddaga á mánudag. Bankinn lánaði Straumi 133 milljónir evra, tæpa 19 milljarða króna á núvirði, í desember í fyrra.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að stjórnendum bankans hefði átt að vera ljóst hvert stefndi. Hefði Fjármála-

eftirlitið ekki gripið í taumana hefðu breskir kollegar þeirra gert það.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær var lán Straums afar lítið í samanburði við þá gjalddaga sem fram undan eru. Bankinn á að greiða 329 milljónir evra á þessu ári en 412 milljónir á því næsta. Þar af eru tæpar 290 milljónir evra á gjalddaga á fyrri hluta þessa árs. Fram hefur komið að bankinn ætlaði að greiða erlendar skuldir með sölu erlendra eigna.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch felldi láns hæfiseinkunn Straums úr B í D, en það merkir að bankinn er gjaldþrota en fyrirtækið telur að ekki sé hægt að reiða sig á að kröfur bankans fáiast greiddar.

Ekki náðist í Gylfa Magnússon þegar eftir því var leitað í gær. Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, sagði að verið væri að fara yfir málið.

### ÚRVALSVÍSITÖLUR ALDREI LÆGRI

Báðar Úrvalsvísitölurnar í Kauphöllinni fengu skell eftir þjóðnýtingu Straums á mánudag og hafa aldrei verið lægri í lok dags og í gær. Gamla Úrvalsvísitalan (OMX115) endaði í 284 stigum en sú nýja (OMX16) endaði í tæpum 585 stigum.

Straumur verður tekinn úr nýju Úrvalsvísitölunni í dag. Félögum í vísitölunni mun þó ekki fækka við það því færeyski bankinn Föroya Bank fer inn í skiptum fyrir fjárfestingabankann. Nokkur stærðarmunur er á bönkunum. Á föstudag í síðustu viku var markaðsverðmæti Straums 17,7 milljarðar króna. Markaðsverðmæti færeyska bankans var hins vegar einn milljarður króna í lok dags í gær.

# Ódýrt að búa í Reykjavík

Samkvæmt nýbirttri könnun tímaritsins Economist er Reykjavík fallin úr hópi dýrustu borga heims. Verður líklega neðar á lista í næstu könnun.

Reykjavík er dottin úr hópi dýrustu borga heims að búa í. Í fyrra mældist hún sú fimmta dýrasta í heimi, árið þar áður sú sjötta dýrasta, en er nú í ár komin í 67. sæti samkvæmt mælingu tímaritsins Economist.

Reykjavík er þar með næstódýrasta borg Vestur-Evrópu, næst á eftir Manchester í Bretlandi, sem lenti í sjötugasta sæti á heimsvísu.

Athygli vekur að könnunin var gerð í september í fyrra, mánuði fyrir bankahrunið mikla. Reykjavík væri því væntanlega komin miklu neðar á listann væri sambærileg könnun gerð nú.

Dýrasta borg heims, samkvæmt könnuninni, er

líkt og fyrri ár Ósló, höfuðborg Noregs. Sú næstdýrasta er París en þar á eftir koma Kaupmannahöfn, Helsinki og Frankfurt. Í sætum 6 til 10 eru Tókíó, Zürich, Osaka Kobe, London og Vínarborg.

Íbúar í Reykjavík finna að vísu varla muninn, en ferðalangar hingað njóta góðs af því að krónan hefur hrunið í í samanburði við aðra gjaldmiðla.

Economist gerir árlega verðsamanburð á 140 borgum víðs vegar um heim. Í hverri borg fara útsendarar tímaritsins á stúfana að kanna verð á 160 vörutegundum, allt frá brauði til glæsibífreiða. Síðan er vísitala reiknuð út fyrir hverja borg, byggt á vögnu meðaltali verðupplýsinganna.

- gb

TOM FORD



PRADA



ROBERTO CAVALLI



JUST CAVALLI



CUTLER AND GRO



ROBERT LA ROCHE



TOM FORD




RALPH LAUREN




BELLINGER









FRÍAR SJÓNMAELINGAR TIL PÁSKA

Pantaðu tíma:

SMÁRALIND 528 8500

KEFLAVÍK 421 3811

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



| GENGISÞRÓUN     |        |              |
|-----------------|--------|--------------|
|                 | Vika   | Frá áramótum |
| Alfesca         | -13,5% | -23,8%       |
| Bakkavör        | -7,0%  | -30,5%       |
| Eimskipafélagið | 0,0%   | -40,0%       |
| Icelandair      | -6,6%  | -14,3%       |
| Marel           | 4,7%   | -31,2%       |
| SPRON           | 0,0%   | 0,0%         |
| Straumur        | -99,4% | -99,5%       |
| Össur           | -17,0% | -26,8%       |

\*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.  
Úrvalsvísitalan OMXI15 224  
Úrvalsvísitalan OMXI6 584

## Litlar upplýsingar um leigumarkað

„Það vantar betri upplýsingar um íbúðaleigumarkaðinn,“ segir Svanur Guðmundsson, formaður Félags löggildra leigumiðlara. Samtökin eru rétt farin af stað en þau voru stofnuð fyrir um hálfum mánuði.

Svanur segir aðstæður slíkar í dag að leigusamningum hafi fjölgað mjög mikið og séu þeir orðnir fleiri en kaupsamningar. Erfitt sé hins vegar að segja til um umfang íbúðaleigumarkaðarins þar sem yfirsýn skorti nú um stundir þvert á þarfir.

Hann segir upplýsingarnar liggja á borðum yfirvalda,



svo sem hjá sýslumanninum í Reykjavík, en erfitt að nálgast þær þegar þörf krefji.

Samtökin horfa til þess að bæta úr upplýsingaskortinum, að sögn Svans. „Við viljum að þeir opinberu aðilar sem eiga að gera þetta vinni vinnuna sína,“ segir hann. Að sama skapi ætla samtökin að safna saman upplýsingum og koma þeim áleiðis til opinberra aðila til að bæta þar úr.

- jab

**SVANUR GUÐMUNDSSON**  
Félag löggildra leigumiðlara vill bæta upplýsingar um íbúðaleigumarkaðinn.

## Tvöfaldaðist milli mánaða

Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöllinni námu sex milljörðum króna í febrúar. Veltan var 303 milljónir króna á dag, sem er rúmlega tvöfalt meira en í janúar.

Markaðsvísitala skráðra félaga var 192 milljarðar í lok febrúar. Úrvalsvísitalan stóð í 839,76 stigum og heildarviðskipta aðalmarkaðar í 468,02 stigum.

Heildarviðskipti með skuldaþréf námu alls 193 milljörðum í febrúar. Það jafngildir 9,7 milljörðum á dag, sem eru mestu viðskiptin frá október 2008.

- bj

## Bjartsýn á horfur Teymis

„Við höfum lengi vitað af því að ábyrgðin gæti fallið á okkur. Hún kemur ekki á óvart,“ segir Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Teymis, um skuldabréfaklokk upp á 2,7 milljarða króna sem féll á félagið í kjölfar sölu Íslenskrar afþreyingar á Senu í síðustu viku.

Engar skuldir fylgdu Senu til nýrra kaupenda og falla skuldbindingar á herðar Íslenskrar afþreyingar að skuldabréfaklokknum undanskildum.

Þórdís segir ljóst að skuldir Teymis hafi hækkað upp á síðkastið og eiginfjárhlutfallið sé mjög lágt. Þörf sé á fjárhagslegri endurskipulagningu.

Teymi, sem var afskráð í fyrra, tapaði 5,5 milljörðum króna á fyrri hluta síðasta árs. Skuldir námu 35 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfall átján prósent.

Teymi fundaði með kröfuhöfum



ÞÓRÐÍS SIGURÐARDÓTTIR

í desember og þá lá fyrir að félagið gæti ekki staðið við allar skuldbindingar. Landsbankinn er stærsti kröfuhafi Teymis.

„Ég hef reynt að halda Teymi saman og búa til áætlun sem geri kröfuhöfum kleift að fá allar sínar kröfur til baka. Ég er mjög bjartsýn á það,“ segir Þórdís.

- jab

## Skuldir hins opinbera 301 milljarður króna

Skuldir ríkis og sveitarfélaga voru um 301 milljarður króna í árslok 2008, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar um fjármál hins opinbera. Skuldirnar námu sem svaraði 20,5 prósentum af landsframleiðslu.

Í árslok 2007 var hrein peningaleg eign ríkis og sveitarfélaga um 11 milljarðar, og munurinn því 312 milljarðar króna, eða um 21,4 prósent af landsframleiðslu.

Peningalegar eignir ríkis og sveitarfélaga námu 1.065 milljörðum króna í árslok 2008, en heildarskuldirnar voru 1.366 milljarðar króna.

Tekjur hins opinbera voru 637 milljarðar króna árið 2008, sem er aukning um tæplega 13 milljarða milli ára. Tekjurnar voru um



**SKATTAR** Tekjur ríkis og sveitarfélaga jukust um tæplega 13 milljarða króna milli ára.

43,5 prósent af landsframleiðslu, samanborið við 44,6 prósent árið áður.

- bj

# Traustir Færeyingar bjóða tryggingar

Færeyskt félag vill hefja hér starfsemi fyrir árslok. Markmiðið er að bjóða samkeppnishæft verð.

Guðrún Helga Sigurðardóttir  
skrifar

Færeyska tryggingafélagið Føroyar, TF, ætlar að hefja starfsemi á íslenskum tryggingamarkaði fyrir lok þessa árs. Félagið hefur einkum áhuga á því að kaupa íslenskt tryggingafélag og hefur átt viðræður við VÍS, TM og Sjóvá í því skyni. Einnig kemur til greina að opna hér útibú, stofna nýtt tryggingafélag eða hefja beina sölu á tryggingum. Félagið kynnti þessi áform sín í gær.

Edvard Heen, framkvæmdastjóri Føroyar, segir að almenningur á Íslandi leiti nú eftir viðskiptum við fyrirtæki sem þeir geti treyst. TF vilji koma opið og heiðarlega fram og upplýsa Íslendinga um áhuga sinn og fyrirætlanir. Þetta sé félag sem hægt sé að treysta auk þess sem það geti boðið samkeppnishæft verð. Tryggingaverð sé heldur lægra í Færeyjum en á Íslandi.

Heen segir að til greina komi að kaupa sig inn í tryggingafélag hér og það geti gengið hratt fyrir sig, eða hægt. Hugsanlega skýrist þetta eftir mánuð. Markmiðið sé hins vegar að hefja starfsemi innan árs. TF hafi lengi haft áhuga á því að færa út kvíarnar erlendis og unnið að því nú í tvö ár að koma inn á íslenskan markað. Það hafi því ekki verið spurning um hvort heldur hvenær félagið myndi koma hingað.

„Við erum ekki hér vegna kreppunnar eða til að koma á brunaútsölu heldur vegna langtímamarkmiða. Við teljum að rekstrarumhverfið hér sé svipað því sem við höfum í Færeyjum,“ segir hann.

Að baki TF stendur sterkt félag, að sögn Heen, þar sem hinn almenni tryggingataki í Færeyjum á um leið í félaginu, svipað og í Samvinnutryggingum hér áður fyrr. Heen segir að félagið standi fjárhagslega sterkt og vilji setja verulegt fjármagn í að kaupa sig inn á íslenska markaðinn. Hann segir að auðvitað sé einhver takmörk á því hvað félagið setji mikla peninga í þetta en horfa verði á það í samhengi.

„Við getum verið að tala um verulega margar milljónir í dönskum krónum,“ segir hann og telur eðlilegt að TF kanni samstarf við íslenska banka um að koma inn í íslenskt tryggingafélag. Félagið hafi



**VILJA OPIN SAMSKIPTI** Edvard Heen, framkvæmdastjóri færeyska tryggingafélagsins Føroyar, segir að félagið stefni að því að hefja starfsemi á íslenskum markaði fyrir árslok. Félagið vilji hafa opin og heiðarleg samskipti á íslenskum markaði og tilkynni því fyrirætlanir sínar nú.

MARKAÐURINN/ANTON BRINK

þegar hitt Gylfa Magnússon viðskiptaráðherra og hann hafi boðið Færeyinga velkomna. Þá hafi félagið átt í viðræðum við íslenska banka.

„Við erum ekki hér til að vera gráðug. Við erum með fé og erum tilbúin til að fjárfesta því að við teljum að Íslendingar verði fljótir að rífa sig upp úr kreppunni. Húsin verða hér áfram, bílarnir og skipin. Okkar markmið er að verða hluti af íslensku samfélagi,“ segir Heen.

FIMMTUDAGINN 12. MARS

## STEFNA STJÓRNVALDA TIL FRAMTÍÐAR? Áherslur stjórnmalaflokkanna

Nánar á Viðskiptaþingi 2009 - Endurreisn hagkerfisins

Skráning og nánari upplýsingar á [www.vi.is](http://www.vi.is) og í síma 510-7100





1989-2009



## Teris kynnir nýjan vef - [www.teris.is](http://www.teris.is)

Vefurinn er einn af fyrstu vefum á Íslandi sem unnin er í SharePoint.

Í Teris er hópur sérfræðinga sem hafa sérhæft sig í MOSS lausnum Microsoft en vefurinn var alfarið unninn af starfsfólki Teris.

### Við erum snillingar í SharePoint

Teris býður upp á eftirfarandi þjónustu vegna vefa í MOSS 2007:

- Uppsetning vefa
- Útlitshönnun
- Ráðgjöf
- Verkefnastjórnun
- Kennsla
- Útfærsla á sérlausnum
- Samþætting við ytri gagnagrunna
- Hýsing og rekstur

Starfsemi Teris byggir á þjónustu, þekkingu og öryggi





# Dökkar horfur í efnahagsmálum

Vísbendingar eru um að lengri tíma taki fyrir alþjóðlega markaði að rétta úr kútnum en spáð var í upphafi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson rýndi í nýjustu alþjóðlegu hagspánnar og spjallaði við Eddu Rós Karlsdóttur, hagfræðing hjá Landsbankanum, um horfurnar.

**V**ið erum í svolítið skrítni stöðu. Við höldum í byrjun árs að búið væri að grípa til aðgerða sem dygðu til að koma fjármálageiranum fyrir horn. Nú er ljóst að svo var ekki," segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum, um horfur í efnahagsmálum á heimsvísi.

Edda Rós segir horfur enn slæmar og ekki sjái fyrir endann á fjármálakreppunni í allra nánustu framtíð. Hún bendir á að eignaverð sé enn að lækka víða um heim og hafi það áhrif á fjármálastofnanir og raunhagkerfið.



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR**  
Hagfræðingur hjá Landsbankanum telur að kreppunni ljúki ekki hér fyrir en það sjái til sólar í alþjóðlegu efnahagslífi.

Það hafi skilað sér í viðvarandi skorti á trausti, erfiðleikum tengdum eignamati og háum áhættuálögum um heim allan.

Edda Rós segir óvissuna helsta orsakavaldinn og séu þau töl sem áður hafi verið gripð til ekki virk. „Ríkjandi hugmyndafræði hefur víða verið sú að lækka skatta til að auka hagvöxt. Í raun má færa hagfræðileg

rök fyrir því að nú eigi ríkið að eyða annaðhvort skattpeningum eða skila með hallarekstri, því einkaaðilar treysta sér ekki til þess á meðan eignaverð er enn að lækka," segir hún. „Þetta er andstætt við þá hagfræði sem hefur verið í gildi upp á síðkastið. Því getur verið erfitt að kyngja og menn ekki undirbúnir til að fara í slíkt," segir hún og bætir við að nú sé svo komið að ríkisstjórnir stærstu landa heims verði að setjast niður og móta samræmdar aðgerðir gegn kreppunni.

## BEDIÐ EFTIR LEIÐTOGUM

Edda Rós segir menn bera miklar væntingar til leiðtogafundar tuttugu stærstu iðnríkja heims – G20-fundarins – þar sem forsætisráðherrar og aðrir stjórnmalaleiðtogar hittast ásamt seðlabankastjórum í Lundúnum í Bretlandi 2. apríl næstkomandi.


Þegar var byrjað að leggja línurnar og hita upp fyrir fundinn á ársfundi Alþjóðaeftirahagsráðsins í Davos í Sviss í enda janúar og hafa menn lagt grunninn að því sem rætt verður um á leiðtogafundinum.

„Þarna munu menn væntanlega ræða um regluverk og umgjörð sem hjálpar til við að verðmeta eignir," segir Edda Rós. Hún telur sömuleiðis líklegt að rætt verði um samræmdar aðgerðir til bjargar bönkum og fjármálafyrirtækjum.

„Margir telja að bankar séu meira eða minna með neikvætt eigið fé um allan heim. Þá er spurningin hvort tækt sé að setja aukið eigið fé í fyrirtækin eða skera niður skuldir í anda þess sem hafi verið gert hér heima," segir Edda Rós og bætir við að menn deili um ágæti aðgerðanna.

## KRÖFUHAFAR TAKA SKELLINN

Fjármálasérfræðingar vestahafs hafa upp á síðkastið rætt um að fara sænsku eða jafnvel finnsku leiðina til að bjarga fjármálafyrirtækjunum. Edda Rós vill ekki útiloka að menn velji aðrar leiðir. Þegar Svíar og Finnar hafi gert upp banka sína í norrænu fjármálakreppunum á fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar hafi aðstæður verið aðrar en nú og lánardrottinnar fengið allar kröfur greiddar. Því sé ekki að skipta nú. „Nú eru menn að gíra öll kerfi niður og þá gerist það sjálfkrafa að eignir gufa upp á meðan skuldir sitja eftir líkt og hér. Þá má íhuga það alvarlega hvort kröfuhafar – skuldabréfaeigendur – eigi ekki að taka hluta skell síns og taka þátt í að borga brúsann," segir Edda Rós. Hún telur slíkt mögulega geta gengið eftir án alvarlegra eftirkasta fyrir alþjóðlegt efnahagslíf, enda séu allir kostir slæmir. Hins vegar verði að ná alþjóðlegri sátt um aðgerðirnar.



Hún segir sömuleiðis ljóst, að þótt aðgerðir sem þessar verði sársaukafullar fyrir skuldabréfaeigendur þá geti þær bundið enda á fjármálakreppuna fyrir en ella. „Þetta er spurning hvort menn vilja hryllilegan endi á kreppunni eða endalausán hrylling," segir hún.

## ALLT TEKUR ENDA

Edda Rós tekur undir með Kenneth Rogoff, prófessor í Harvard og fyrrum aðalhaf fræðing Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að allar efnahagskreppur taki enda. Fjármálakreppur vari að meðaltali tæplega 2 ár þar til taki að sjá til sólar á ný. Atvinnuleysi vari oft lengur og tekur að meðaltal um 4,8 ár að draga úr því.

„Þetta fer allt eftir skilgreiningum á kreppu. Ég hef tilhneigingu til að skoða það út frá augum einstaklingsins og hef áhuga á því hvenær störfum tekur að fjölga á ný eftir samdráttarskeið. Sem hagfræðingur horfi ég hins vegar á hagvöxtinn," segir Edda Rós og bendir á að hér gegni nokkuð öðru máli en í öðrum löndum. Hagkerfið hér sé mjög sveigjanlegt sem geti hagað seglum eftir vindi. Hún nefnir sem dæmi að einkaneysla hafi dregist mjög hratt saman á fjórða ársfjórðungi í fyrri, eða um tæp 25 prósent. „Það sést ekki í stórum hagkerfum," segir hún.

„Við getum ekki leyst kreppuna hér fyrir en botn er kominn í alþjóðlegu kreppuna. Við getum þó allt eins búið við að vera fyrst upp úr henni. En það gerist ekki fyrir en heimurinn hefur náð viðspyrnu," segir Edda Rós.

www.jongunnarsson.is



Opinn fundur um atvinnumál **miðvikudaginn 11. mars kl. 20** á kosningaskrifstofu Jóns í húsi Kraftvéla að Dalvegi 6 í Kópavogi.

## Atvinnumál eru forgangsmál

Eitt mikilvægasta verkefnið sem býður okkar nú er öflug uppbygging atvinnulífsins og atvinnutækifæra m.a. með aukinni nýtingu náttúruauðlinda til lands og sjávar. Grunnurinn að velferðarsamfélagi okkar er öryggi heimilanna og traust þeirra gagnvart framtíðinni. Atvinnuleysi skapar upplausn og óöryggi sem dregur allan mátt úr aukinni verðmætasköpun samfélagsins. Grunnstoðir íslensks atvinnulífs eru sjávarútvegur, iðnaður og ferðaþjónusta. Á þeim greinum byggjum við önnur og fjölbreyttari atvinnutækifæri.

### Gestir fundarins eru:

Árni Bjarnason, form. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Halldór Halldórsson, yfirmaður hjá Alcan.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti, allir velkomnir.

**3**  
sæti

**Jón Gunnarsson**  
Alþingismaður


Tryggjum Jóni Gunnarssyni 3. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi 14. mars nk.

## Neikvæðir hagvísar

Vísbendingar eru um viðvarandi samdrátt hjá sjö stærstu aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), samkvæmt mati sem birt var á föstudag.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal segir hagvísana ekki hafa verið neikvæðari síðan í olúkreppunni um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. OECD tekur fram að ekki sé útlit fyrir að viðsnúnings gæti í allra nánustu framtíð.

Þá er tekið fram að sérstaklega hafi tekið að halla undan fæti hjá stærstu þjóðum heims sem standi utan við stofnunina, svo sem í Brasilíu, Kína, Indlandi og í Rússlandi. Hafi þau dregist niður í svelt vegna alvarlegs samdráttar og minnkandi eftirspurnar hjá ríkustu og



umsvifamestu þjóðum heims. Innflutningur hér dróst saman um 33 prósent eftir efnahagshrunið á milli fjórðunga á fjórða ársfjórðungi í fyrri en útflutningur jókst um 1,5 prósent.

Mælingu OECD á helstu hag-

vísnum er ætlað að gefa upplýsingar um stefnubreytingar í hagsveiflum til skemmri tíma og gefa vísbendingar um það hvort hagkerfi séu að vaxa eða dragast saman. Stofnunin tók tölurnar fyrst saman árið 1965.



[www.pacta.is](http://www.pacta.is)

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á [www.pacta.is](http://www.pacta.is)

PACTA  
L Ö G M E N N

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar

# EFNI BLAÐSINS

**MIÐVIKUDAGUR 11. mars 2009**

Það er rétt sem Gunnar Karlsson sagnfræðingur benti á, að beint lýðræði hefði líklega ekki forðað Íslendingum frá efnahagshruni, skrifar Hörður Bergmann. En það gefur ekki tilefni til að efast um gildi þjóðaratkvæðagreiðslu eða beins lýðræðis yfirleitt.

Ekki er heimilt að skipa útlendinga í opinber embætti en álítamál er hvort það gildi einnig um tímabundna setningu í embætti. Sigurður Lindal, professor í lögum, reifar hvað fræðimenn á sviði stjórnskipunarréttar hafa skrifað um þessi mál og færir rök fyrir efasendum sínum um að setning útlendinga í embætti seðlabanka-stjóra standist stjórnarskrá.

## Finnur Þór Vilhjálmsson

Á Íslandi hefur sú afstaða verið ríkjandi lengi að valdsmenn taka þær ákvarðanir sem þeir vilja, óbundnir nema að því leyti sem þeir brjóta ekki himinhrópandi sannanlega gegn skráðum og skýrum laga-ákvæðum, skrifar Finnur Þór Vilhjálmsson. Þessu þarf að linna, nú er kominn tími til að menn starfi í góðri trú.

## Einar Skúlason

Framsóknarflokkurinn vill koma á vinstri stjórn eftir kosningar og það eina sem getur komið í veg fyrir það er viljaleysi vinstri flokkanna, skrifar Einar Skúlason. Hann frábið-ur sér að frambjóðendur annarra flokka geri Framsóknarflokknunum upp skoðanir.

Elðhúsdagur er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitast verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem senda má gagnrýndar greinar á netfangið [greinar@frettabladid.is](mailto:greinar@frettabladid.is).

## Hringdu í síma

512  
50  
60

## ef blaðið berst ekki

**BENEDIKT JÓHANNESSON**  
framkvæmdastjóri



**E**ftir að landsfundi Sjálfstæðisflokksins var frestað um tvo mánuði er eins og öll umræða um Evrópu hafi horfið. Fram að þeim tíma var kröftugt starf í málefna- nefndum flokksins og sérstök Evrópunefnd hélt fundi um málið út um allt land. Hug- myndin hafði verið sú að nefndin skilaði álitinu fyrir landsfundinn. Síðan hefur nánast ekkert gerst í þessum málum.

Samfylking taldi það stjórnarslitamál, ef Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti ekki aðildarumsókn á landsfundi. Ingibjörg Sólrún sagðist ekki hafa verið að hóta neinu heldur væri sjálfhætt, ef flokkarnir gengju ekki í takt í málinu. Í kjölfarið myndaði Samfylkingin stjórn með VG og talar um að halda samstarfi áfram eftir kosningar. Evrópa er gleymd.

## Sjálfstæðisflokkurinn hikaði

Fráfarandi formaður Sjálfstæðisflokksins var tregur til að taka af skarið í Evrópumálum. Sagðist telja landinu best borgið utan Evrópusambandsins (ES) en þó mætti ekki útiloka neitt. Sennilegast virtist að flokkurinn hefði valið framsóknarlega stefnu. Samþykkt að hefja mætti umræður með svo miklum skilyrðum að endurskrifa þyrfti stofnskrá ES til þess að þóknast mætti Íslendingum.

Geir H. Haarde lýsti því yfir að nauðsynlegt sé að fá botn í umræðuna. Það er auðvitað rétt. Hann og margir fleiri virðast

Líklega er réttast að kjósa um aðildarumsókn samhliða alþingiskosningum í vor. Samþykki þjóðin að sækja um aðild hafa ráðin þar með verið tekin af stjórn málaflökkunum.

samt óttast að Sjálfstæðisflokkurinn muni klofna, ef tekin er ákveðin afstaða. Þess vegna sé skynsamlegast að beita þeirri aðferð að taka ekki eindregna afstöðu á annan hvorn veginn. Hópur innan flokksins sem nefndur hefur verið Heimastjórnarflokkurinn hefur tekið mjög einarða afstöðu gegn Evrópusambandinu. Ekki aðeins gegn þeirri Evrópu sem blasir við núna heldur líka þeirri Evrópu sem gæti orðið, því að hægt væri að breyta reglum Íslendingum í óhag.

## Hvers vegna Evrópusambandið?

Meginástæðurnar eru tvær. Íslendingar þurfa efnahagslegan stöðugleika og þeir þurfa pólitískan stöðugleika. Þeir sem töluðu háðslega um að þeir sem vildu losna við krónuna væru lýðskrumarar hafa látið minna í sér heyra að undanförunu en áður. Allir vita að hrun krónunnar hefur leitt af sér 10% atvinnuleysi, 20% verðbólga, 30% eignatap og 40% hækkun skulda. Hluta-brefamarkaðurinn hefur fallið um 95%.

Vextir eru enn þeir hæstu á byggðu bóli að frátöldu Zimbabwe.

Samt leyta menn sér enn að tala um að í Evrópusambandinu sé ekki allt í besta lagi eins og að það sanni að Íslendingum sé betur borgið utan þess. Auðvitað er ekki allt í besta lagi. Í heiminum er dýpsta kreppa eftirstriðisáranna. Hins vegar eru engin dæmi um áföll af því tagi sem Íslendingar hafa lent í. Hér á landi lendir almenningar strax í fininu vegna þess að sjálfur gjaldmiðillinn brást. Um það þarf ekki að deila.

Aðeins eru tveir kostir í boði. Framtíð með krónunni, þar sem búast má við gengisfellingu með tilheyrandi eignaupptöku á nokkurra ára fresti. Krónu sem útlendingar óttast svo mjög að þeir munu aldrei vilja fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri. Krónu sem býður upp á svo háa vexti að íslensk fyrirtæki geta ekki keppt við útlend. Krónu sem einangrar landið og ýtir ungu fólki af atvinnumarkaðinum. Þessari framtíð fylgir pólitísk eyðimerkurganga.

Hinn kosturinn er innganga í ESB og evrópska myntbandalagið. Vextir og verðbólga verða eins og í nágrannalöndunum. Íslendingar munu taka þátt í pólitískum ákvörðunum sem varða þjóðina um langa framtíð.

Sjálfstæðismenn verða annaðhvort að velja annan hvorn þessara kosti eða benda á aðrar leiðir. Ekki humma og hía eins og þeir hafa gert heldur koma með annan trúverðugan kost. Þeir sem hika nú ættu strax að búa sig undir næstu afsökunarbeiðni til þjóðarinnar.

Samfylkingin stilti Evrópusambandinu upp sem „sínu máli“ gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Þá var það stjórnarslitamál. Þegar hún ákvað að fara í langtímasamstarf með Vinstri grænum varð hún ekki lengur trúverðugur kyndilberi Evrópu.

Kannski er málið svo stórt að það er stjórnmalamönnum ofviða. Líklega er réttast að kjósa um aðildarumsókn samhliða alþingiskosningum í vor. Samþykki þjóðin að sækja um aðild hafa ráðin þar með verið tekin af stjórnmalaflokkunum. Ef ekki væri það þjóðin sjálf sem hefði ákveðið að hér eigi að vera annars flokks þjóðfélag til frambúðar.

Við eigum ekki að sækja um aðild að Evrópusambandinu fyrir Samfylkinguna heldur fyrir framtíðina. Þeir sem vilja ganga til liðs við nágrannabjóðirnar og ná þannig efnahagslegum og pólitískum stöðugleika eru ekki stuðningsmenn Evrópu heldur stuðningsmenn Íslands. Kjósum um aðildarumsókn og leyfum þjóðinni að tala. Ég treysti þjóðinni miklu betur til þess að taka rétta ákvörðun en stjórnámálamönnum.

## Og hika enn

Sjálfstæðismenn sem hyggjast gefa kost á sér til forystu í framtíðinni hafa að undanförnu beðist afsökunar á því að hafa ekki verið árvökull, meðan bankakerfið brotlent á einkapotu. Það er nauðsynlegt að fara með hreinskiptum hætti yfir mistök í fortíðinni fortíð þar sem gagnrýni og ópinska umræða voru ekki vel liðin.



Beint lýðræði og þjóðaratkvæði

# Vegvísar í þjóð- málaumræðunni



Í fyrsta „Eldhúsdegi“ Fréttablaðs-  
ins birtist greinin „Umræða á  
villistigum“ eftir Gunnar Karls-  
son prófessor í sagnfræði. Honum  
virðist sitthvað vanhugsað í því  
sem berst frá mótmælavettvang-  
inum og segist vilja „...beina  
umræðunni inn á brautir sem eru  
vænlegri til árangurs“. Greinina  
má skoða sem hvatningu til að  
hafa uppi raunsæjar kröfur um  
lýðræði og stjórnarskrá. Það sem  
hér er sett á blað miðar að sama  
marki.

Gunnar bendir á að þjóðar-  
atkvæði árið 2007 um spurningar  
eins og „Vilt þú að ríkisvaldið leggi  
meiri hömlur á starf íslenskra  
fjármála fyrirtækja? – og annað  
sem beindist að því að leggja bönd  
á útrásina hefði engu breytt. Og  
ályktar: „Útrásin hefði fengið  
ótvíræða traustsyfirlýsingu hjá  
þjóðinni. Beint lýðræði hefði engu  
bjargað“. Rétt er það, en gefur  
ekki tilefni til að efast um gildi  
þjóðaratkvæðagreiðslu eða beins  
lýðræðis yfirleitt.

## Að hafa sitt að segja

Áhugi almennings á því að hafa sitt  
að segja um afgreiðslu mála vaknar  
þegar um þau er deilt, efasemd-  
ir hafa vaknað um hvert stefnir  
og jafnvel ótti um efnahagslegt  
öryggi. Nývakinn áhuga marga á  
beinu lýðræði og betri stjórnsýslu  
má vitaskuld rekja til reiði, von-  
brigða og öryggisleysis; löngunar  
til að segja sitt eftir bitra reynslu.  
Það hlýtur að horfa til framfara  
að virkja þennan áhuga til að opna  
fleiri leiðir að beinu lýðræði, þar á  
meðal tímabærum þjóðaratkvæða-  
greiðslum um örlagarík álitamál.  
Sem dæmi má nefna úthlutun afla-  
heimilda, mál sem í aldarfjórðung  
hefur vakið угг og reiði og aukið  
misskiptingu og öryggisleysi.  
Verkefni sem einmitt nú er brýnt  
að skipa með nýjum hætti. Skulda-  
söfnun í skjóli kvótakerfisins þarf  
nú að skoða frá nýju sjónhorni.  
Ríkið sem eigandi banka á nú veð  
í stórum hluta kvótans og fróðir  
menn telja vonlítið að útgerðar-  
fyrirtæki geti nokkurn tíma greitt  
kröfur allt að 500 milljörðum.

Það er marget líkt með tilurð þess  
skuldahala og þeim nýja sem þjóð-  
inni er nú ætlað að burðast með. Í  
báðum tilvikum eru eignir þjóðar-

innar veðsettar og bankar rændir,  
verð og veð í viðskiptum skyldra  
aðila er blásið upp, hákarlar  
smjúga út úr skuldafeni með mill-  
arða á hentugum tíma og loks eiga  
fyrirtækin ekki fyrir skuldum  
og hrópað er á ríkisaðstoð. Ekk-  
ert pólitískt úrlausnarefni hefur í  
seinni tíð verið rætt jafn oft, lengi  
og ítarlega og réttlát stjórnun fisk-  
veiða. Þótt skoðanakannanir hafi  
hvað eftir annað leitt í ljós and-  
stöðu mikils meirihluta við þróun  
kvótakerfisins hefur grunnur þess  
ekki haggast. Það segir sína sögu  
um vanmátt þingsins við gæslu  
almannahags.


## Skýrari skipting

Gunnar gerir í grein sinni lítið  
úr kröfum um skýrari skiptingu  
ríkisvaldsins og bendir á að þing-  
ið geti „...haft gjörsamlega öll  
völd sem það vill gagnvart fram-  
kvæmdavaldinu. Það getur rekið  
ráðherrana og valið sér nýja. Það  
getur breytt lagafrumvörpum  
stjórnarinnar eins og því sýnist,  
einnig fjárlögum sem ráða mestu  
um framkvæmdir ríkisins“. Vist er  
það rétt – og ef til vill getur róttæk  
endurnýjun á þingi leitt til rögg-  
semi og ríkari ábyrgðartilfinn-  
ingar í liðinu en við höfum vanist.  
Eftir þá makalausri vanrækslu  
við gæslu almannahagsmuna  
sem hefur verið að bitna á þjóð-  
inni vetrarlangt er ekki að undra  
þótt margir vilji reyna að virkja  
og vekja löggjafarþing framtíðar-  
innar með laga- og stjórnarskrár-  
breytingum sem gefa því aukið  
vald og betri eftirlitstækifæri. Til  
dæmis með því að gefa þriðjungi  
þingmanna vald til að krefjast  
þjóðaratkvæðis um lagafrumvörp  
eins og gert er í Danmörku. Þar í  
landi er þessi réttur lítt notaður en  
talið er að tilvist hans eigi þátt í að  
vanda lagasetningu og auka tillit  
til minnihlutans. Og eftir næstum  
18 ára vald sama flokks til að skipa  
í embætti dómara hefur væntan-  
lega vaknað áhugi á að breyta því,  
gera a.m.k. skylt að leita samþykk-  
is meirihluta Alþingis á skipan  
hæstréttardómara.

Það er mikið til í eftirarandi  
fullyrðingu Gunnars Karlssonar:  
„Skipting valdsins á milli auð-  
valds og ríkisvalds er mikilvæg-  
asta valdskiptingin, ekki skipting  
milli ólíkra þátta ríkisvaldsins“. Við  
getum haft áhrif á þá skipt-  
ingu með vali okkar á fulltrúum  
á Alþingi – og með því að halda  
áfram að leita leiða að sannkölluðu  
lýðræði.

Embættisskipanir

# Að íslenzkir sé lögmenn og sýslumenn á landi voru



Þessu skilyrði var aukið í Gamla sáttmála þegar  
hann var endurnýjaður árið 1302. Síðan var  
það ítrekað af ýmsu tilefni og arftaki þess er nú í  
2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir þetta  
meðal annars:

„Engan má skipa embættismann, nema hann hafi  
íslenzkan ríkisborgararétt.“ Samhljóða ákvæði var  
í 1. mgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920.

## I. Túlkun fræðimanna

Ákvæðið er alveg skýrt um skipun embættis-  
manna, en álitamál er hvort þetta gildi einnig um  
tímabundna setningu í embætti. Um þetta hafa  
fræðimenn á sviði stjórnskipunarréttar fjallað og  
hér skal vitnað til þeirra þriggja sem helzt koma  
við þessa sögu.

Fyrst er að nefna Einar Arnórsson, en hann  
segir þetta:

„b. Embættisgengi samkv. 16. gr. stjkskr. hafa  
ríkisborgarar einir ... Í 16. gr. stjkskr. mun ein-  
göngu með orðinu „embættismaður“ vera átt við  
þær stöður í almenningsþarfir sem konungur  
veitti 1874... Setning um stundarsakir útheimtir  
eigi ríkisborgararétt samkv. 16. gr. stjkskr., því að  
hún er ekki konungsveiting og hefir aldrei verið.“  
(Ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði [1927], bls 25.  
Þetta er ítrekað í útgáfu 1935 með breytingum og  
viðaukum eftir Bjarna Benediktsson, bls. 28.)

Bjarni Benediktsson segir þetta:  
„Skilyrði fyrir því, að nokkurn megi skipa emb-  
ættismann er, að hann hafi íslenzkan ríkisborgara-  
rétt, 1. mgr. 16. gr. stjkskr. ... Heimilt mundi vera  
að setja mann í embætti, þó að hann fullnægði eigi  
þessu skilyrði, nema því aðeins, að hið gagnstæða  
væri boðið í þeim lögum, er sérstaklega eiga við  
um það embætti...“ (Ágrip af íslenzkri stjórnлага-  
fræði II, 1940, bls. 79). Hann telur hæpið að miða  
við konungsveitingu, sennilegra sé að stjórnar-  
skráin láti almenna löggjafanum eftir að mæla  
fyrir um hverjir skuli teljast embættismenn (bls.  
78).

Ólafur Jóhannesson segir:  
„Í 2. mgr. 20. gr. stjkskr. segir, að engan megi  
skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan  
ríkisborgararétt. ... Samkvæmt 3. gr. starfs-  
mannal. [laga nr. 34/1954 um réttindi og skyld-  
ur starfsmanna ríkisins] er íslenzkt ríkisfang  
almennt skilyrði fyrir skipun, setningu eða ráðn-  
ingu í opinbera stöðu. Frá því skilyrði má þó  
víkja, ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá  
erlendan ríkisborgara til að gegna starfa til bráða-  
birgða.“ (Stjórnskipun Íslands 1960, bls. 344-45;  
óbreytt í útg. 1978, bls. 338).

Í Stjórnarfararsrétti (1955) er þetta endurtekið  
með þeirri viðbót, að rétt hafi þótt að lögbjóða  
þetta skilyrði – um íslenzkan ríkisborgararétt  
– um ríkisstarfsmenn almennt og sé aðalreglan,  
að ekki skipti máli, hvort um skipun, setningu eða  
ráðningu sé að tefla. Frá því megi síðan víkja sam-  
kvæmt því sem að ofan greinir (bls. 95).

## II. Hugtakið embættismaður

Áður en lengra er haldið er rétt að huga nánar  
að því hvað felist í hugtakinu embættismaður.  
Einar Arnórsson vitnar til þess að miðað sé  
við stöður sem konungur veiti. Setning sé ekki  
konungsveiting og því sé ríkisborgararéttur ekki  
áskilinn. Bjarni Benediktsson telur á hinn bóginn  
að stjórnarskráin láti almenna löggjafanum það  
eftir að mæla fyrir um hverjir séu embættismenn.  
Ólafur Jóhannesson ræðir almennt um ríkisstarfs-  
menn, en ekki embættismenn sérstaklega. Niður-  
staða þeirra Einars Arnórssonar og Bjarna Bene-  
diktssonar er sú, að ríkisborgararéttur sé ekki  
skilyrði fyrir setningu í embætti um stundarsakir  
nema lög mæli á annan veg. Ólafur Jóhannesson  
telur að almennt sé íslenzkt ríkisfang skilyrði  
fyrir skipun, setningu eða ráðningu í opinbera  
stöðu, en telur þó að víkja megi frá því og vísar  
þar til starfsmannalaganna 1954. Athygli vekur að  
hann greinir ekki á milli embættis, stöðu og starfs.  
Ljóst er þó að samkvæmt 2. mgr. 20. gr. stjórnar-  
skrárinnar er ekki unnt að víkja frá skilyrðinu um  
ríkisfang við skipun í embætti þótt það megi gera  
við skipun, setningu eða ráðningu í opinbera stöðu.  
En þá þarf að skera úr því, hvað sé embætti.

Lög nr. 38/1954 voru fyrstu heildarlög um rétt-  
indi og skyldur starfsmanna ríkisins og þá voru  
þeir flestir embættismenn. Síðan fjölgaði þeim  
smám saman; voru þeir ýmist fastráðnir eða laus-

ráðnir og embættishugtakið varð óljósara, en ekki  
er ástæða til að gera þessum þætti frekari skil.

## III. Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfs- manna ríkisins

Í 6. gr. laganna er mælt fyrir um almenn skilyrði  
þess að fá skipun eða ráðningu í starf og í 4. tl.  
greinarinnar er þetta skilyrði tiltekið:

„4. Íslenzkur ríkisborgararéttur. Þó má ráða  
ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahags-  
svæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Frí-  
verzlunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum til starfa  
með sömu kjörum og íslenzka ríkisborgara. Einnig  
má víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða  
aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega stendur  
á.“

Í upphafi 6. gr. er rætt um starf, en ekki vikið að  
orðinu embætti. Nánari skýring á þessum hugtök-  
um er í 3. mgr. 1. gr. laganna. Þar segir:

„Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu  
„starf“ átt við sérhvert starf í þjónustu ríkisins  
sem lögin ná til, en með hugtakinu „embætti“ er  
einungis átt við starf sem maður er skipaður til að  
gegna, sbr. 22. gr.“

Í 22. gr. er talið upp hverjir skuli teljast embætt-  
ismenn og í II. hluta laganna eru sérákvæði um þá.  
Í 13. tölulið eru taldir forstöðumenn ríkisstofnana  
og ríkisfyrirtækja sem ekki hafa verið taldir upp  
í öðrum liðum og í lögum nr. 36/2001 um Seðla-  
banka Íslands er rætt um embætti bankastjóra,  
sbr. 2. mgr. 23. gr.

Í greinargerð fyrir lögnum er tekið fram að  
hugtakið „embættismaður“ sé einkum notað vegna  
ákvæða 20. gr. stjórnarskrárinnar, en jafnframt  
skyldi stefnt að nánari skilgreiningu, þannig að til  
embættismanna teldust þeir einir sem kæmu að  
æðstu stjórn ríkisins og þeir sem héldu uppi lögum  
og reglu í þjóðfélaginu og sinntu öryggisgæzlu  
– lögreglumenn, fangaverðir, tollverðir og starfs-  
menn almannavarna.

Þegar framangreindir fræðimenn birtu skrif  
sín töldust nálega allir ríkisstarfsmenn embætt-  
ismenn og það breyttist ekki eftir gildistöku laga  
nr. 38/1954 þótt starfskjör breyttust smám saman.  
Skýr skil verða hins vegar við gildistöku laga nr.  
70/1996 með því að hugtakið embætti er afmark-  
að og við það breytast að nokkru leyti forsendur  
þeirra fræðiskrifa sem vitnað hefur verið til.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er  
ljóst að undantekningin frá skilyrðinu í 4. tl. 6. gr.  
núgildandi starfsmannalaga á ekki við embætti  
sem þeir gegna sem taldir eru upp í 22. gr. En þá  
er enn óútkljáð það álitamál hvort setja megi tíma-  
bundið erlenda ríkisborgara í embætti á Íslandi.

## IV. Um setningu þegna erlendra ríkja í embætti á Íslandi

Sjálfur hef ég lýst efasemdum og eru rökin þessi:

1. Eins og fyrr segir var skipun í embætti  
ótímabundin allt til þess að lög nr. 70/1996 tóku  
gildi. Með gildistöku laganna var þeirri skipan  
breytt, þannig að hún er nú bundin við 5 ár, en  
framlengja má tímann eftir nánari reglum í lög-  
unum. Skipunartími dómara er þó ótímabundinn.  
Setning í embætti samkvæmt 24. gr. núgildandi  
starfsmannalaga var nýmæli, en hún getur staðið  
allt til tveggja ára. Að þessu leyti hefur dregið  
mjög saman með skipun og setningu og það styður  
þá skoðun að að íslenzkt ríkisfang sé skilyrði fyrir  
setningu í embætti.

2. Embætti eru bundin við æðstu stjórn ríkisins  
og öryggi þess. Og þá hljóta menn að taka afstöðu  
til þess hvort samrýmanlegt sé stjórnarskrá og  
fullveldi ríkisins að fela erlendum ríkisborgurum  
að gegna slíkum embættum þótt tímabundið sé.  
Má setja erlendan ríkisborgara í hvaða embætti  
sem er, t.d. hæstaréttardómara, ráðuneytisstjóra  
eða yfirmenn lögreglu.

3. Setning skal vera um stundarsakir eða til  
reynslu. Eðli málsins samkvæmt hljóta umsvif  
embættismanns sem hefur þessa réttarstöðu að  
vera takmörkuð. Samræmist það lögum að hann  
taki veigamiklar stefnumarkandi ákvarðanir?

4. Embætti seðlabanksstjóra eru meðal mikil-  
vægustu embættar á Íslandi. Ekki verður annað  
ráðið af blaðafregnum en að hinum norska seðla-  
bankastjóra sé ætlað að styrkja krónuna og endur-  
skipuleggja bankakerfið. Hér er erlendur ríkis-  
borgari settur til mikilvægra starfa sem bundin  
eru við íslenzka ríkisborgara samkvæmt 2. mgr.  
20. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar valdhafar ganga á svig við lög, þar á  
meðal stjórnskipunarlögin, eða höggva nærri  
þeim, jafnvel þótt tilgangurinn sé góður, er gjarn-  
an vísað til fordæma þegar næst reynir á og áður  
en varir er stjórnskipanin gengin úr skorðum.

# Garðyrkjunámskeið

í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

|                                                                                                                                                   |  |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|
| <b>Ræktun ávaxtatréja</b><br>Tvö kv. mán. 16/3 og 23/3 FULLBÓKAÐ<br>Tvö kv. mán. 30/3 og 6/4 kl. 19:00-21:30.<br><i>Verð kr. 12.500.-</i>         |  |
| <b>Matjurtaræktun</b><br>Tvö kvöld, þri. 17. og 24/3 kl. 19:00-21:30.<br>Tvö kvöld, þri. 31/3 og 7/4 kl. 19:00-21:30.<br><i>Verð kr. 12.500.-</i> |  |
| <b>Kryddjurtaræktun</b><br>Miðvikudaginn 11/3 kl. 17:00-18:30.<br><i>Verð kr. 3.750.-</i>                                                         |  |
| <b>Ræktun berjarunna og -trjáa</b><br>Þriðjudaginn 17/3 kl. 17:00-18:30.<br><i>Verð kr. 3.750.-</i>                                               |  |
| <b>Klipping trjáa og runna</b><br>Miðvikudaginn 18/3 kl. 17:00-21:30.<br><i>Verð kr. 11.500.-</i>                                                 |  |
| <b>Ræktun í sumarhúsalandinu</b><br>Miðvikudaginn 25/3 kl. 17:00-21:30.<br><i>Verð kr. 11.500.-</i>                                               |  |



**Leidbeinendur:**  
Auður I. Ottesen, garðyrkjufr.  
Jón Guðmundsson, garðyrkjufr.

Skráning og upplýsingar

í síma 578 4800  
og á [www.rit.is](http://www.rit.is)



**HEIMATILBÚÍÐ NESTI** er alltaf gaman að taka með sér í lengri ferðir. Það er svo miklu skemmtilegra að stoppa á einhverjum fallegum stað á leiðinni og borða það heldur en að fara í sjoppu.



# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

## UWAGA KIEROWCY

Nastepny kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie sie 13 marca, jesli zbierze sie wystarczajaca liczba uczestników. Kurs bedzie tlumaczony na jezyk polski.



Kristín segir þátttakendur í ferðinni geta gist í fræðasetrinu í Gróttu en þeir sem eru að farast úr myrkfælni komast í land til kl. rúmlega þrjú um nóttina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Óttanum hleypt lausum

Föstudagurinn þrettándi vekur ugg í brjóstum margra en hann er nú á næsta leiti. Félag þjóðfræðinga stendur í tilefni dagsins fyrir draugaferð í Gróttu og verða sagðar draugasögur langt fram eftir nóttu.

Félag þjóðfræðinga á Íslandi (FÞÍ) stendur fyrir draugaferð föstudaginn þrettánda mars næstkomandi en þá halda þjóðfræðingar og aðrir áhugasamir með Kristínu Einarsdóttur, aðjúnt í þjóðfræði, í broddi fylkingar út í Gróttu þar sem sagðar verða draugasögur fram eftir nóttu.

„Við byrjum á Kaffi Centrum klukkan 20 og bíðum þar til fært verður út í eyju eða til um 22.30. Við munum svo koma okkur fyrir í fræðasetrinu í Gróttu í kolniðamyrkri en þar er allt til alls og svefnaðstaða fyrir 30 manns“, upplýsir Kristín. Í setrinu verða sagðar draugasögur úr ýmsum áttum en auk þess verður fólk hvatt til þess að hleypa óttanum

lausum. „Mig langar að fá fólk til að ræða óttann sem það hefur kynnst en flestir hafa einhvern tíman orðið myrkfælnir eða hræddir. Þá eru allir hvattir til að dusta rykið af eigin sögum og taka þátt í sagnaskemmtuninni. Við munum svo sitja þarna í hnapp og einbeita okkur að því að vera hrædd“, segir hún spök.

Kristín segir Gróttu einmitt rétta staðinn til að upplifa þann fiðring sem óttinn veldur. „Þarna er maður kominn út í eyju rétt við borgarmörkin og þegar flæðir að kemst fólk ekki í land. Þeir sem eru að farast úr myrkfælni geta þó komist yfir til klukkan rúmlega þrjú en öðrum er velkomið að gista. Um morguninn munum

við svo halda út í vitann og skoða hann í þaula.

En hefur orðið vart við reimleika í Gróttu? „Ég veit ekki hvort það sé beinlínis hægt að tala um það en hér bjó lengi vitavörður sem hét Albert. Þessi staður var honum greinilega kær og passaði hann vel upp á hann og þá sérstaklega varpið. Albert þessi fórst á leið sinni upp á Akranes og hefur aldrei fundist. Ég efast ekki um að hann fylgist með staðnum“, segir Kristín.

Ókeypis er fyrir meðlimi FÞÍ í ferðina en aðrir greiða 1.000 krónur. Áhugasömum er bent á að senda tölvupóst á thjodfraedingar@gmail.com.

vera@frettabladid.is



Þjónustumiðstöð bílsins

**Smurþjónusta**  
**15% afsláttur**



Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

**Tilboð**  
**á teflonbóni**  
Láttu okkur um þriffin  
**SÆKJUM & SENDUM**



➤ Hjólbarðapjónusta  
➤ Smurþjónusta

➤ Alþrif og teflon  
➤ Bón

➤ Djúphreinsun  
➤ Mössun

➤ Mössun  
➤ Dekkjahótel

➤ Rafgeymar  
➤ Perur

➤ Rúðupurkur  
➤ Bremsuklossar

➤ Sækjum og sendum  
➤ Flestar stærðir dekkja á lager

**BÍLKÓ** Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | [www.bilko.is](http://www.bilko.is) | Sími 557-9110



# Á FERÐINNI



**VISITICELAND.COM** er ferðavefur Ferðamálastofu. Á vefnum má meðal annars finna upplýsingar um gistingu, dægradvöl, náttúru og staðhætti.

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
rafstilling@rafstilling.is


Hjalti Vigfús  
Hjaltason og  
Gísli Jónsson á  
Suðurljóðnum.



MYND/ÖR EINKASAFNI

## HLEÐSLUTÆKI

### ER RAFGEYMRINN TÓMUR?



Tilboð í mars  
10% afsláttur af þessum tveimur tækjum

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



## Söguleg ferð á Suðurljóðnum

Tveir íslenskir ofurhugar óku nýlega sérútbúnum jeppum á Suðurljóðnum en það er í fyrsta skipti sem slík farartæki ná því marki. Þeir gegndu hlutverki þjónustuaðila fyrir þátttakendur í gönguskiðakeppni.

Félagarnir Hjalti Vigfús Hjaltason og Gísli Jónsson, sem báðir starfa hjá Arctic Trucks, eru nýkomnir heim úr sögulegri ferð á Suðurljóðnum. Þeir óku, í félagi við aðra, fjórum sérútbúnum jeppum frá Arctic Trucks á pólinn en þetta er í fyrsta skipti sem fjórhjóladrifin farartæki ná því marki.

Í ferðinni gegndu þeir hlutverki þjónustuaðila fyrir þátttakendur í gönguskiðakeppninni Amundsen Omega 3 ski race ásamt því að fylgja kvikmyndatökuliði og öðru fylgdarliði keppinnar á

pólinn. Ferðin tók í heildina tæpa þrjá mánuði og býður árangurinn upp á ýmsa framtíðarmöguleika.

„Við lögðum í hann frá Íslandi í lok nóvember og eyddum fyrstu þremur vikunum á rússnesku stöðinni Novo Airbase á norðurströnd Suðurskautslandsins við undirbúning. Hlutverk okkar var, í samstarfi við forsvarsmenn keppinnar, að marka nýja keppnisleið. Við keyrðum upp á hásléttuna og fundum leið sem er tvisvar sinnum lengri en sú leið sem venjulega er farin. Á leiðinni

rákumst við á mörg sprungusvæði sem við merktum kirfilega.“

Að því loknu komu keppendur á staðinn og gengu fyrstu 200 kílómetrana til að aðlagast hæðinni. Þeim var síðan flogið á byrjunarreit keppinnar. Á meðan keppendurnir gengu keyrði Gísli á undan til að marka leiðina og koma fyrsta bílahollinu á staðinn. Ferðin tók tæpar tvær vikur. „Á þeim tíma held ég að ég hafi sofið í um það bil sex nætur,“ segir Gísli sem var að vonum úrvinda af þreytu. „Það gerði þó lítið til þó

Everest er hæsta fjall jarðar, alls um 8.844,43 metrar yfir sjávarmáli. Fyrstu menn á tindinn voru Ný-Sjálendingurinn Edmund Hillary og nepalskur leiðsögumaður hans, Tenzing Norgay. Náðu þeir tindinum 29. maí 1953.

wikipedia.org



Á fyrri námskeiðinu er siglt frá Göeck til Fimike og til baka á því seinna.

## Siglt í sólinni

**Tvö skútusiglinganámskeið verða haldin í vor á vegum íslenska fyrirtækisins Seaways ehf. í Göeck í Suður-Tyrklandi. Fyrri námskeiðið fer fram 13. til 23. apríl og það seinna 23. apríl til 3. maí.**

Námskeiðin eru ætluð þeim sem hlotið hafa bókleg skipstjórnarréttindi en þarna verður boðið upp á verklega kennslu á 45 feta skútu af gerðinni Jeanneau Sun Odyssey 45.

Námskeiðin standa yfir í tíu daga og verður fjöldi nemenda 3 til 6 á skútu. Siglt verður frá Göeck til Fimike á fyrri námskeiðinu og frá Fimike til Göeck á því seinna. Þátttakendur búa um borð meðan á námskeiðinu stendur, fá þjálfun í stjórnun seglskipa, beitingu seglbúnaðar og vélar við ýmiss konar aðstæður og notkun siglingatækja svo eitthvað sé nefnt. Að námskeiði loknu fá þátttakendur sem lokið hafa bóklegu prófi, réttindi til stjórnunar seglskipa, þó ekki á úthöfum.

Stjórnandi námskeiðanna er Öundur Jóhannsson flugstjóri einn eigandi Seaways Sailing en nánari upplýsingar er að finna á [www.seaways-sailing.com](http://www.seaways-sailing.com).

- rat

## Ástandsskoðun fyrir jeppa og fólksbíla

Ertu að kaupa eða selja notaðan bíl? Eða viltu bara vera viss um að bíllinn þinn sé í fullkomnu lagi?

### Arctic Trucks býður:

- fullkomna skoðunarstöð fyrir jeppa og fólksbíla
- skoðanir framkvæmdar af fagfólki
- nákvæm skoðunarskýrsla fylgir öllum skoðunum

### Verð:

- |                                 |             |
|---------------------------------|-------------|
| - Fólksbilar og jeppingar       | kr. 6.900,- |
| - Jeppar                        | kr. 7.800,- |
| - Breyttir jeppar (38" og yfir) | kr. 8.500,- |

Nánari upplýsingar á [www.arctictrucks.is](http://www.arctictrucks.is)  
Tímarpantanir í síma 540 4900

Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900







Vonir standa til þess að jepparnir geti leyst dýrari farartæki sem notast er við á Suðurpólnum að einhverju leyti af hólmi.

að ég dottaði undir stýri þar sem allt var flatt í kring,” segir hann spöskur.

Hjalti fylgdi svo í kjölfarið en varð fyrir því óláni að annar bíllinn í hans holli bilaði og þurfti að fljúga til hans nýjum millikassa. Á leið sinni lentu flugmennirnir í snjóblindu og skullu beint á ísinn. Flugvélin eyðilagðist en fjögurra manna áhöfn komst lífs af. Hjalti og fylgdarlið hans komu að slysinu og segir hann mikla mildi að ekki fór verr.

Norska liðið sem vann keppnina var um 18 daga frá byrjunarreit að pólnum sem er 800 kílómetra leið. Þangað voru keppendur og fylgdarlið sótt með flugvél en Hjalti, Gísli og hinir öikumennirnir héldu keyrandi til baka. Sú ferð tók ekki nema átta daga. Leiðin er um 2.400 kílómetrar og leiða menn líkur að því að um heimsmet sé að ræða.

Hjalti segir árangurinn mikinn



Þessi fallega mörgæs varð á vegi þeirra félaga.

sigur fyrir það íslenska hugvit sem býr að baki jeppunum. „Rússarnir hafa flogið inn alls kyns farartækjum í von um að þau

muni leysa af hólmi dýr tæki eins og snjótroðara og flugvélar sem er notast við á pólnum en hingað til hafa önnur og betri ekki fundist. Fólkið á staðnum hafði satt að segja ekki mikla trú á því að okkur myndi takast þetta en fylgdist þó grannt með og var yfir sig hrifið að leiðangrinum loknum,” segir Hjalti.

„Umhverfisvitundin á staðnum er mikil og er sífellt verið að leita leiða til að draga úr mengum. Við notum vélar sem eru með allra síðustu mengunarstöðlum og eyða jepparnir um fimm til sex sinnum minna eldsneyti en þau farartæki sem fyrir eru á staðnum. Það má því segja að þarna séu framtíðartækifæri fyrir íslenskt hugvit,” segir Gísli. Þeir Hjalti og Gísli halda myndasýninu úr ferðinni, í húsakynnum Arctic Trucks að Kletthálsi 3, miðvikudaginn 18. mars klukkan 20 og eru allir velkomnir.

vera@frettabladid.is

# BÍFREIÐA VERKSTÆÐI VÖKU

það þarf ekki alltaf að vera dýrt

dekk  
bremsur  
almennar viðgerðir

Eldshöfða 6 | Sími 567 6700

## SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

# BÍLJÖFUR

BÍFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

# ÚTIVIST

## NÆSTU FERÐIR JEPPAÐEILDAR ÚTIVISTAR:

Strútur - Hvanngil 14. - 15. mars

Landmannalaugar - jeppar og gönguskíði 27. - 29. mars

Grímsfjall 23. - 26. apríl

Útivist • Laugavegi 178 • Sími 562 1000 • www.utivist.is

# Töfrar Andalusíu

26. apríl - 3. maí

## Sevilla • Cordoba • Granada • Torremolinos

### Glæsileg sérferð – mikið innifalið!

Andalusía er eitt fallegasta og frægasta hérað Spánar. Allt frá hrikalegum fjallvegum með stórkostlegu útsýni yfir í gróskumikil héruð til sögufrægra kastala sem minna á þann tíma er Márar ríktu á Spáni. Flogið er til Jerez og gisti í Sevilla í 3 nætur. Miðborg Sevilla er einstaklega fögur með göngugötum, fallegum lágreistum húsum, gosbrunnum, torgum, kaffihúsum og litríku mannlífi. Á fjórða degi er ekið til hinnar sögufrægu borgar Córdoba. Kynnisferð um miðborgina. Hádegisverður áður en haldið er til Granada þar sem dvalið er í 3 nætur. Granada er einkum þekkt fyrir hina stórkostlegu Alahambra höll með stórum sem smáum söllum, súlnagöngum, trjágöngum og skrautgörðum. Í lok ferðar er dvalið í 1 nótt á góðu hóteli í miðbæ Torremolinos. Flogið til Íslands frá Malaga.

- á mann í tvíbýli.

Kr. **189.900**

Verð er netverð á mann. Aukagjald fyrir einbýli kr. 29.500.

**Ferðatilhögun:** Flug til Jerez/og frá Malaga • Sevilla 3 nætur • Granada 3 nætur • Torremolinos 1 nótt. Innifalið: Flug, skattar, gisting á 4\* hótélum í 7 nætur, morgunverður, 5 kvöldverðir, 1 hádegisverður, kynnisferðir um Sevilla, Cordoba og Granada. Aðgangur að Alhambra höllinni. Akstur og íslensk fararstjórn.

**Ekki innifalið:** Valfjárslar kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum og annað sem ekki er tilgreint að ofan. Staðfestingargjald er kr. 50.000. Lágmarksþátttaka er 20 manns.


Veldu traustan ferðafélaga í sumar!

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyrí sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

# 512 5473

AUGLÝSINGASÍMI





Í innri sal Pisa hanga listaverk enda ætlunin að salurinn þjóni sem gallerí.

## Ítalskur fjölskyldustaður

Veitingastaðurinn Pisa var opnaður í Lækjargötunni í lok nóvember á síðasta ári. Í notalegri stemningu er boðið upp á klassíska ítalska rétti. Allt frá carpaccio og risotto til cannaroni og tiramisú.

„Þetta er ítalskur fjölskyldustaður þar sem stílað er inn á fyrsta flokks matseld á góðu verði,“ segir Margrét Rósa Einarsdóttir eigandi veitingastaðarins Pisa í Lækjargötu 6b.

Tveir kokkar, þeir Úlfur Ugga-son og Þorkell Garðarsson sjá um að elda kræsingarnar ofan í gesti staðarins sem opinn er frá klukk- an sex á daginn. „Við ákváðum að byrja hægt enda opnuðum við í miðri kreppu í lok nóvember,“ útskýrir Margrét Rósa en þann 1. maí næstkomandi er ætlunin að staðurinn opni á hádegi. „Þá ver- ur þetta kaffihús á daginn,“ segir hún og bætir við að staðurinn fari vel af stað enda hafi maturinn fengið góða dóma.

Pisa er í húsnæði sem áður hýsti kaffihúsið Ljóta andarung- ann. „Við erum búin að lýsa stað- inn og gera hann mjög notalegan,“ segir Margrét Rósa og telur mjög góðan anda ríkja í húsinu. Á efri hæðinni er gistiheimili þar sem hvert herbergi er með eigin sniði



Notaleg stemning er á ítalska veitingahúsinu Pisa. Margrét Rósa undirbýr komu matargestanna með því að leggja á borð á björtum staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


og allt stílað inn á notalegheit. List spilar stóran þátt í að mynda gott andrúmsloft á Pisa en í innri sal er hálfger gallerí þar sem í framtíð- inni verða haldnar listasýningar.

En er ekki erfitt að standa í

veitingarekstri á þessum tímum? „Það er ekkert erfiðara í dag en hefur verið,“ segir Margrét Rósa sem hefur unnið í þessum bransa í þrjátíu ár og sér einnig um rekstur. [solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)



## Ferskur fiskur og fiskréttir



Fisk-  
búðin  
Mos

Ragnhildur Sigurðardóttir mælir  
með Fiskbúðinni Mos

Ýsa R/BL **1090 KR/KG**

Ýsa M/Roði **890 KR/KG**

Ýmsir réttir **1190 KR/KG**

ATH þetta er ekki tilbodsverð  
- þetta er okkar verð alla daga

Réttur dagsins alla daga  
**990 KR**

Háholt 13-15 –milli Krónunnar og Mosfellsbazarís –Opíð 10-19 alla virka daga

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

**SÍÐASTA VIKA LAGERSÖLU 70% AFSLÁTTUR AF ÖLLU**  
**MaxMara** HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862  
MARINA RINALDI  
STÆRÐIR 42-54



BÍLAR & FARATÆKI



Mazda 3 T Plus 1.6. 06/2006 Ekinn 23þús. Sjálfskiptur, álfelgur. Verð 2.290.000.- áhvilandi lán 1.626.000.-



Mazda 6 S/D TS 2.0 02/2005 Ekinn 40þús. Sjálfskiptur, álfelgur, leður, sól-lúga. Verð 2.290.000.- áhvilandi lán 1.336.000.-



Dodge Durango SLT 5.2 01/2000 Ekinn 76þús. Sjálfskiptur, leður, filmur, 7manna Verð 990.000.- TILBOÐ 690.000.-

**Bílahöllin**  
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**  
**Sími: 567 4949**  
**www.bilahollinn.is**



TOYOTA COROLLA VERSO 7 MANNA. Árgærd 2004, ekinn aðeins 64 þ.km, BENSIN, Sjálfskiptur. Verð 1.930 þús TilboðVerð 1.550. þús Góð sumar og vetrardekk. Rnr.127301

**Höfðabílar**  
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**  
**Sími: 577 4747**  
**www.hofdabilar.is**



**Útsala!**  
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur eftir þrotist er inn hjá þér. Nú fáanlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.



**Útsala!**  
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sóttþreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinnindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvisir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 37.900.- kr.



**Vespur**  
Vorur að fá Ítalskt hannaðar vespur á verði sem þekkt ekki lengur kr 285,000,- 50cc kr. 335,000,- 125cc svartar og hvítar. Sjón er sögu ríkari

**Mótorsport ehf**  
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**  
**Sími: 567 1040**  
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**  
**www.motorogsport.is**



**VX 2006 Ekinn 22þ !**  
Toyota Land Cruiser 120 Vx, Sjálfskiptur, Loftþúðafjöðrun, Ekinn aðeins 22 þ.km. Nýskráð 08.2006 , Bensín 4.0L Notkun 10-17L , Leður , Dráttarkúla, Hiti í sætum ofl. Glæsilegur jeppi ! 100% lán möguleiki. Verð aðeins 5.490þ (Ath listaverð er 6,6 m)



**Sparneytinn dísel jeppi**  
VW Touareg R5 dísel 3/2006. Ekinn 57 þús. km. Sem nýr. VW brettakantar og sílsar. Key less Go. Loftþúðafjöðrun. Xenon. Premium Krikket leður. Of. Verð: 5.990 þús.

**Sparibíll ehf**  
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**  
**Sími: 577 3344**  
**www.sparibill.is**



Enn óskum við eftir Hilux bifreiðum frá 50.000 krónur og uppí 650.000 krónur. Bensín eða Dísel skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !



Óskum eftir Hiace bifreiðum frá árg 1990 til 2000. Helst Bensín en skoðum Dísel líka ! 4WD eða 2WD skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við Carinu og Corollu Sedan árgærd 1997 og eldra. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !



Óskum eftir MMC L200 Pallbílum frá árg 1997 til 2001 ! Frá 200.000 kr til 600.000 kr. Erum með kaupendur... ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !

**Toyota Selfossi**  
**Fosshús 14, 800 Selfoss**  
**Sími: 480 8000**  
**http://www.toyotaselfossi.is**



(OF492) PORSCHE CAYENNE TURBO, árg.3/2003, ek.71þúskm, leður, lúga, fjarlægðaskynjarar, Einn með öllu og mjög vel með farinn!!! Tilboð 5990þús. kr!!

**100 bílar ehf**  
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**  
**Sími: 517 9999**  
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**  
**www.100bilar.is**

Bílar til sölu



SSANGYONG MUSSO 4cyl bensín Árgærd 1997 Ekinn 146 þ.km. 4 cyl bensín. Nýskoðaður, einn eigandi frá upphafi. Ný dekk. Gott eintak. Verð 390 þús. S. 848 4490

**Klár í slaginn**  
L150 fullbreyttur 39,5" dekk, loftlæsingar ofl. Verð 1450þ. Skipti á hippa eða fjórhjóli. S. 659 5938.



Hyundai Elantra, árg. 1998, 1600 sjálfsk., nýskoð., ný tímareim, ekinn aðeins 93þ. Verð 390þ. Uppl. í síma 896 1339.



**!!! TILBOÐ 110 ÞÚSUND !!!**  
Skoda Felicia Station 97" ekinn 95þ, sumar og vetrardekk bsk , finn bíll upplis 857-7245



Til sölu toyota yaris árg.'05 ek 71 þ. beinsk 5 dyra álfelgur neglð vetrardekk listav 1.120 tilboðverð 970 þús S. 868 2352.



**Tryllitæki**  
Pontiac Trans Ám 96. Gullmoli. Mikið vélarafl. Flækjur. Ötrúlegt sánd innan og utan. 1,5 m.

Audi A1 '95 ek. 195þ. 4.0L bensín., ssk., leður, sk. '10. V. 680þ. Skoða skipti á Toyotu Previa, Hiace eða Transporter ekki eldri en '00. S. 894 3998.

SangYong familie jeppi til sölu með bílaðann girkassa en góða vél. Góður í varahluti, verð samkomulag. S.892 8262

Til sölu mjög fallegur og góður Suzuki Grand Vítara skr. des. '99. Nýsk. '09, ný naglad., ek 97þ., nýsmurður. Veðbandslaus. Verð 750þ. Ath skipti á ód. S. 844 1725.

Óska eftir ódyrum sjsk. bíl, má vera jepplingur. Ekki Opel eða Vw. S. 820 7119.

Suzuki Fox breyttur fyrir 36". Volvo vél, Willis hásingar . Tilboð óskast. S. 695 5911.

0-250 þús.



Sjálfskiptur - Tilboð 195 þús!

Hyundai Accent árg. '99. 3 dyra. Sjálfskiptur. Ek. 120 þ. Smurbók. Ný smurður. Skoðaður 2010. Verð 195 þ. S. 891 9847.

Óska Eftir SUZUKI VITARA á verðbilinu 0-250.000 þús. Sigurður s:8669134

Nissan Almera árg. '96 ssk., selst ódyrt. S. 891 9847.

500-999 þús.



YFIRTAKE Á LÁNI Opel Safira árg 02, sjálfsk, ek 147 þús, verð 850 þús, mjög góður bíll, sími 8999968.



Ford Explorer 1997 sjálfsk ek 166þkm Gott eintak verð 490.000,- s 848-4490

2 milljónir +



M. Bens cl 500 2000 árgærd ek aðeins 74þkm Verð 3990.000.- skoða skipti Til sýnis og sölu á Bílasölu Íslands s. 510 4900. / 848-4490.



Isuzu D-max dísel 2007 ek aðeins 28þkm sjálfskiptur með plasthúsi köstururum og krók fallegur pallbíll Verð 2990.000.- skoða skipti s 848-4490



Hyundai Santa Fe dísel 2005 ek aðeins 59þkm sjálfskiptur með krókVerð 2390.000.- skoða skipti uppl í síma 848-4490

Bílar óskast



**Nú er tími notaðra bíla**  
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Söluakostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hliðasmárá 2 - Sími 588-5300

Óska eftir sparneyttum bíl. Hámark 150 þús. Sendist á bill.oskast150@gmail.com. Er á Suðurnesjum.

Alvöru afsláttur! Óska eftir lítið eknum sparneyttum konubíl fyrir allt að 250þ. með afslátti. S. 848 3147.

**0-150þ.**  
Helst ekki eldri en árg. '98. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunar. S. 860 6610.

Óska eftir bíl á 100 þ. stgr.

Óska eftir bíl á 0-100 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa. S. 691 9374.

Staðgreiðsla í boði. 200-500 þ.

Átt þú bíl/jeppa árg 2000 eða yngri, ek undir 140þ. Sem þú ert til í að láta fara töluvert undir gangverði ? Endilega hafðu samband á BFS@VISIR.IS

Jeppar



Musso 38" ek. 155þ. árg. '00 Undirvagnshækkaður. Læsingar, hlutföll. aukatankur, VHF, GPS, AT 405. álf., stíllanlegir demparar 3" þúst. Fallegur og vel hirtur jeppi. Ásett verð 1,650,000 S. Gunnar 659 7909.

Sendibílar



KYMCO. HJÓLIÐ SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN. GÆÐI Í GEGN OG FRÁBÆRT VERÐ. VDO EHF BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is

Vinnuvélar



JCB 2cx Árg.07 til sölu.ekinn ca.400 tíma mikið af fylgihlutum. ATH skipti á skotbómulyftara. UPPL. 840-0594

Varahlutir



**Japanskar Vélar Varahlutasala**  
Erur að rífa MMC Pajero/Montero '00-'05. L200/Izuzu pick up '00-'07. Susuki Vítara/Liana/Swift '00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. '00-'06. Nissan pickup/Almera '00-'06. VW/ Skoda '00-'05. Mazda/Ford '00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet '05-'06. Citroen C2/C3 '02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284.

Bílhutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrífs.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Pajero 2,8 T.D árg 1996 til sölu í pörtum + hedd.trýssa,altenator,startari og fl.fl af vélinni. Uppl.í S.6922970

**555 6666**  
Erur að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Hyundai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avensis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 dies-el, MAN Dráttarbíll 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrífs. S. 555 6666 & 615 0888.

Viðgerðir



ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þríf. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Bílaþvottur fyrir þúsund krónur í Síðumúla 29. Upplýsingar í síma 893 5634.

Garðyrkja



trjáklippingar.is



**Runnaklippingar**  
Trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjufæðingur. S. 848 1723.



**BÍLAHÖLLIN**  
BÍLAKIARNINN VÍÐ BREIÐHÖFÐA  
110 RVK S. 567 2277 • WWW.NYJA.IS

**TOYOTA COROLLA 1,6 VVTi.**  
Árgerð 2007, ekinn 14 þ.km, BENSÍN, 5 gírar.ÁSETT VERÐ 2.849þ Verð 1.990.000.

**RANGE ROVER SPORT HSE 100% LÁN.** Árgerð 2006, ekinn 97 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.LEÐUR,LÚGA ÁSETT VERÐ 6.540 **TILBOÐSVerð 5.780.000.**

**TOYOTA PREVIA 7 MANNA 90 % LÁN.** Árgerð 2003, ekinn 90 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.790.000.

**HONDA CR-V EXE 90 % LÁN.** Árgerð 2005, ekinn 43 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. ssk,leður,lúga,krókur,ný dekk Verð 2.890.000. TOPP BÍLL

**BMW 320 DIESEL 90 % LÁN.** Árgerð 2004, ekinn 138 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur.ÁSETT VERÐ 1.990þ **TILBOÐSVerð 1.590.000.**

**TOYOTA AVENSIS S/D SOL 90 % LÁN.** Árgerð 2006, ekinn 65 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.ÁSETT VERÐ 2.980þ **TILBOÐSVerð 1.990.000.**

**M.BENZ C C200 KOMPRESSOR K W203 90 % LÁN.** Árgerð 2000, ekinn 93 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.ÁSETT VERÐ 1.890þ **TILBOÐSVerð 1.490.000.**

**TOYOTA RAV4 VX .** Árgerð 2007, ekinn 39 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.leður,lúga og fl Verð 4.190.000.

**VW GOLF GTI 100% LÁN.** Árgerð 2005, ekinn 64 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.álfe.lúga Verð 2.690.000.

**VW PASSAT TDI HIGHLINE.** Árgerð 2006, ekinn 43 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur.leður,lúga Verð 2.980.000. Ásett verð 3.400.  
**HÖFUM ÁKVÆÐIÐ AÐ LÆKKA SÖLULAUN OKKAR ÚR 3,5% Í 2.9% = 20% AFSL. OG LÁGMARKSSÖLULAUN ÚR 49.500 Í 44.500**

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Gróður og Garðar . S. 697 8588.

## Bókhald

**HSE Bókhald & Uppgjör ehf**  
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta  
www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

**Skattframtöl 2009**  
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.500 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á [www.skatt.is](http://www.skatt.is) S:661-3703. S. 661 3703. [www.skatt.is](http://www.skatt.is)

Skattframtöl. Bókhald og ársreikningar rekstraraðila. hagstætt verð. s 892 5784

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**  
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609  
[www.account.is](http://www.account.is)

**FRAMTALSPJÓNUSTA**  
Fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og félög. Bókhald, VSK uppgjör. Vönduð vinna - hagstætt verð - mikil reynsla. S. 517-3977. nefn: [framtal@visir.is](mailto:framtal@visir.is)

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

**ATOZ**

Gjaldprotaráðgjöf, líf eftir gjaldprot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja [atoz@atoz.is](mailto:atoz@atoz.is) s: 771 45 45.

Skattframtal 2009. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR sími 6634141.

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar**  
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is)

## Vöruflutningar

Ódýrari flutningar. Tilboð á sendibílaþjónustu. S. 892 6363 og á [www.vefsida.is/skutlari](http://www.vefsida.is/skutlari).

## Húsaviðhald

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**  
Getum bætt við okkur í flísa-lögn, múrverki, pipulögn, málningu, parketlögn, glerisetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. **Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

**RemontMax ehf.**  
Spørslum - Málum - Flísaleggjum - Príf hús. Góð tilboð/verð. Uppl. í s. 849 9301. [www.flisarogmalun.is](http://www.flisarogmalun.is)

**Parketslípun**  
sölgallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 890 5115  
[golfist@golfist.is](mailto:golfist@golfist.is)  
[www.golfist.is](http://www.golfist.is)

**BROT BORTÆKNI**  
SÖGUN • BORUN  
BROT  
BORTÆKNI  
www.bortae kni.is  
STEYPUSÖGUN  
KJARNABORUN  
MÚRBROT  
567-7570

## Glerjun og gluggaviðgerðir

Öll glerskipti - leiðið tilboða. Glugga og hurðaðþjónunstan sími 895 5511 - smíði.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Húsaviðhald!**  
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gölf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Húsaviðgerðir**  
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

## Stíflupjónusta

**Stíflupjónustan ehf**  
S. 554 2255 / 896 5800  
Stíflulosun-röramyndum  
[www.stiflutjonustan.is](http://www.stiflutjonustan.is)

**Stíflulosun Röramyndun**  
Losa stíflur úr salemum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.  
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**  
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

**BILANAGREINING SAMDÆGURS**  
PC MAC  
Mac, iPod og PC  
Viðgerðarþjónusta  
**tölvuhjálp!**  
[www.tolvuhjalp.is](http://www.tolvuhjalp.is)  
588 95 90

Tek að mér tölvuviðgerðir, vírusshreinsun, netvandráði leyst og uppfærslur. 17 ára reynsla, sanngjamt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB . Stefán S. 821 6839.

**Vandaðar tölvuviðgerðir**  
Gerir við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkhæður - Miðnet ehf S. 615 2000

## Nudd

Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

## Spádómar

[www.orlagalinan.is](http://www.orlagalinan.is)  
**Örlaga línan**  
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

**Kærleiks-ljósíð**  
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla  
VISA 566 7311 EURO

**Hanna** S. 555 2927  
visa/euro  
Andleg leiðsögn  
Fyrirbærir  
Draumar  
Tarot  
Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

**Símaspáin.**  
+ draumaráðningar. Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan, fjárhæilun. Spák. Yrsa. 9086414, 5535395 (Visa/MC 173 mín.). Símat. 10-24 - Hringdu núna!

Í spásímanum 907 1111 er spákonan Sírrý. Framtíðin, ástin, heilsan, fjárm. Opið frá 17:00-24:00.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Ljósíð s. 908 6060**  
Tarot, miðlun, fyrirbærir, trúnaður. Opið frá 12-23. S. 894 9228 Steinunn visa/euro

## Iðnaður

**Pípulagnir**  
Faglerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

## Múrarar

**Viðgerðir**  
Múrverk, flísar, gífs, steining og fl. utan sem innan. Alexa ehf s. 847 2209.

## Rafvirkjun

**Raf-fling**  
Raflagnarþjónusta  
Nýlagnir, endurnýjun eldri lagna  
Hljóðum upp á skodun á raflögnum, gerum tilboð í úrbætur, án skuldbindinga.  
Löggiltur rafverktaki.  
Sí: 555 4030 • [rafeffl@mi.is](mailto:rafeffl@mi.is)

**Raflagnir Dyrasímar**  
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldri húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.  
**Fljót og góð þjónusta**  
Sími 893 1733  
**Jón Jónsson**  
Löggiltur rafverktaki  
[www.raflagnir.is](http://www.raflagnir.is)

## Viðgerðir

**Loftnets og símaþjónusta**  
Viðgerðir og uppsetningar á loftnetum, diskum, heimaþöllum og flutskjám.  
Loftnetstækni S. 894 2460.

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**STUBBASTANDAR**  
Bæði standar og á vegg. Standur ehf. S: 842-2535.

Þrjú 28"sjónvörp, verð st 20 þús. Ryksuga 5 þús, ísskápur 15 þús, gervihnattadiskur og festingar 19 þús, sími 8999968.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri

**Tilboð**

**Dúndurtilboð!**  
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommuset kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 [www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)

Planóstillingar Planóþjónustan Stefán Birkisson, yfir 20 ára reynsla. Sími 896-0222

## Óskast keypt

**Evrur óskast**  
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.  
**Regent Accounts Ltd. Uppl. gefur Sverris í s. 618 7001.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**  
Hringar, hálsmen, armbond, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**  
30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgrip, leikföng og fl. og fl.  
**Friða frænka, Vesturgata 3,**  
**Opið mánud - föstudaga 12-18**  
**og laugard 12-14.**  
**S. 551 4730 & 864 2223.**

**Gullskartgripir-Gull**  
Kaupt til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.

Óska eftir að kaupa Argon rafsúðu, loftpressu, standborvél og hjólatjakk. Uppl. í s. 893 2000.

Óska eftir að kaupa CD og DVD diska. Uppl. í s. 698 8629.

Óska eftir að kaupa 20 ft geymslugám. Uppl. í s. 897 6630.

### Hringstigi óskast

Óska eftir hringstiga sem er c.a 2.90 m á hæð og hringmálið c.a 1.50 cm. Uppl í s. 845 7900.

## Tölvur

### Er tölvan bíluð?

Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**

**Sjá nánar á [www.vidur.is](http://www.vidur.is)**  
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, úthirðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

**amor**  
Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-  
Tilboð á DVD  
Frábært úrval af nýjum titlum.  
Full búð af nýjum vörum  
**• INTIMO •**  
**Örugglega besta rakgelið!**  
Tökum að okkur heimakynningar.  
**ATH !**  
**VSK af þegar pantað er á netinu !**  
Skúlagata 40a s. 562 2433  
Dalvegur 16a s. 562 2445  
[www.amor.is](http://www.amor.is)

**Stærri limur betri limur**  
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á [bathmate.is](http://bathmate.is)

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 [www.eco.is](http://www.eco.is)

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. [www.rkb.heilsuskyrsla.is](http://www.rkb.heilsuskyrsla.is) Rannveig iðjubjálfi/einkabj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 [www.lifstill.is](http://www.lifstill.is)

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunafræðingur. [www.halldorabjarna.is](http://www.halldorabjarna.is) S. 861 4019 & 868 4876.

LR kúramir virka. 8 kg fóru á 3 vikum. Hressari og engin hungurtílfíning. s. 662 5599.







## Tilkynningar

Menningarráð

Suðurlands

**Menningarráð Suðurlands** boðar til málþings um menningartengda ferðapjónustu  
**“Máttur menningar” í Árnesi fimmtudaginn 12. mars. kl 10:00-17:00**

Á dagskrá eru fjölbreytt, erindi og kynningar á menningartengdum verkefnum ásamt ferð í Þjóðveldisbæinn með áhugahópnum „Undan öskunni“  
**Meðal frummælenda:** Jón Jónsson þjóðfræðingur, Vestfjörðum, Sigurður Atlason Strandagaldri, Þorbjörg Arnórsdóttir Þórbergssetri, Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur, lðavöllum Urðarbrunni, Hveragerði og Jóna Sigurbjartsdóttir, formaður Menningarráðs Suðurlands  
**Fundarstjóri** Ísólfur Gylfi Pálmason, stjórn Menningarráðs Suðurlands  
Ráðstefnugjaldið er kr. 2.500, innifalinn hádegisverður og kaffiveitingar

**Skráning hjá menningarfulltrúa menning@sudurland.is eða í síma 480-8207 / 896-7511**  
Í tengslum við málþingið verður haldið markaðstorg menningarferðapjónustu á Suðurlandi. Þátttaka á markaðstorgi er opin öllum sem eru með verkefni á sviði menningartengdrar ferðapjónustu og eru þeir hvattir til að koma með kynningarefni.

**Allir velkomnir**, nánari dagskrá á [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)**AUGLÝSING UM STYRKI ÚR SJÓÐI ODDS ÓLAFSSONAR**

Stjórn Sjóðs Odds Ólafssonar auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja:

1. Rannsóknir á fötlun og fræðslu um hana.
2. Forvarnir í þágu fatlaðra og endurhæfingu þeirra.
3. Rannsókarverkefni á sviði öndunarfærasjúkdóma og fræðslu um þá.
4. Forvarnir og endurhæfingu vegna öndunarfærasjúkdóma
5. Fatlaða til framhaldsnáms og rannsóknarstarfa.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum í samræmi við ofangreind markmið ásamt ítarlegum upplýsingum um umsækjendur og væntanleg verkefni ber að senda til stjórnar Sjóðs Odds Ólafssonar, Brynju Hússjóði Öryrkjabandalagsins, Hátúni 10, 105 Reykjavík. Leyfi Persónuverndar, Vísindasiðanefndar eða annarra siðanefnda skulu fylgja umsókn þar sem það á við. Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2009.

**ÚTIVIST****Aðalfundur Útivistar 2009**

verður haldinn miðvikudaginn 25. mars kl. 20.00 að Laugavegi 178 í sal verkfræðistofunnar Mannvits, við hlið skifstofu Útivistar

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar, Árni Jóhannsson formaður
2. Reikningar lagðir fram til afgreiðslu, Anna Soffía Óskarsdóttir gjaldkeri
3. Kosning í nefndir og embætti
4. Kosning í kjarna
5. Lagabreytingar ef einhverjar eru
6. Önnur mál
7. Kaffi

**Sýslumaðurinn á Húsavík****UPPBOÐ**

Eftirtalдар bifreiðir og/eða önnur ökutæki verða boðnar upp við lögreglustöðina á Húsavík, miðvikudaginn 18. mars 2009, kl. 14.00 :

DO-379 YL-266

**Greiðsla við hamarshögg.****Sýslumaðurinn á Húsavík  
10. mars 2009.****Samkaup****Aðalfundur í Samkaupum hf.**

Stjórn Samkaupa hf. boðar hér með til aðalfundar í félaginu fyrir rekstrarárið 2008.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 18. mars 2009 kl 15 í sal Verslunar-mannafélags Suðurnesja að Vatnsnesvegi 14, 230 Reykjanesbæ.

Á dagskrá fundarins eru aðalfundarstörf samkvæmt 14. gr. samþykktu félagsins. Þá verður lögð fyrir fundinn tillaga um að félagið megi eignast og eiga allt að 10% hlutafjár í félaginu í 3 ár.

**Stjórn Samkaupa hf.****Reykjavíkurborg**  
Skipulags- og byggingarsvið**Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

**Bryggjuhverfi**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vesturhluta svæðis. Breytingin nær yfir allar lóðir við Tangarbryggju, lóðir við Naustabryggju 17-19 og 31-33 og bílastæðalóð fyrir hús 15C og 16 við Naustabryggju. Gatan Tangarbryggja verður færð um 40 metra í vestur og stækkar deiliskipulagssvæðið um 1,3 hektarar við þá breytingu. Atvinnuhúsnæði sem er á vestari hluta gildandi deiliskipulags mun víkja að stærstum hluta fyrir íbúðarhúsnæði og aðstöðu smábátahafnar. Við Tangarbryggju 22A verður afmörkuð lóð fyrir olíuafgreiðslu báta. Milli hverfis og núverandi atvinnusvæðis (Björgun) verður gerð jarðvegsmön grædd grasi og kjarri sem mun standa þar til fyrirtækið flytur af svæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

**Laugavegur 50, reitur 1.173.1**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.173.1 vegna lóðarinnar nr. 50 við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. hækkan á porti um fjörutíu sentimetra og jarðhæð í allt að þrjá komma einn metra. Einnig að setja megi flatan kvist á þak gamla hússins að norðanverðu og lyfta hluta af þaki að sunnan. Heimilt verði að hafa allt að fjórar íbúðir í húsinum og verslun og veitingastað á jarðhæð. Hámarksbyggingamagn ofanjarðar verði þrjú hundruð og sex fermetrar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **11. mars 2009 til og með 22. apríl 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, **[www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is)**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið [skipulag@rvk.is](mailto:skipulag@rvk.is), til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 22. apríl 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 11. mars 2009  
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

**Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018. Tillaga að breytingu vegna smábátahafnar við Leiruna**

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 21 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 samþykktu í bæjarstjórn 21. október 2008.

Með breytingunni verður afmarkað um 5,1 ha opið svæði til sérstakra nota, 2.61.18 O, sem ætlað er undir smábátahöfn með um 50-100 bátalægjum og starfsemi siglingaklúbbs. Gert er ráð fyrir nýrri 4,7 ha landfyllingu vestast á Leirunni norðan Leiru-vegar.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 11. mars til 22. apríl svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) undir: Stjórnkerfið/Skipulag og lausar lóðir.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 22. apríl 2009 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

**11. mars 2009****Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.****Sýslumaðurinn á Húsavík****UPPBOÐ**

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 24, fnr. 216-7216, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Fasteignafélagið Bær ehf, gerðarbeiðendur Fjölvi ehf og SagaZ ehf, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Ásgarðsvegur 7, eignarhluti gerðarpóla, fnr. 215-2361, 640 Húsavík, þingl. eig. Lára Sigprúður Sigurðardóttir, gerðarbeiðendur Borgun hf og Oluverslun Íslands hf, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Garðarsbraut 43, 215-2618, 640 Húsavík, þingl. eig. Þórunna Jónsdóttir og Ævar Ákason, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 og Ríkis-útvarpið ehf, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Hjarðarhóll 16-18, fnr. 221-7222, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Gunnar Bergmann ehf, gerðarbeiðandi Tollstjóraembættið, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Hafnir, eignarhluti gerðarpóla, Inr. 156362, Langanesbyggð (áður Skeggjastaðahrepp) þingl. eig. Halldór Jóhannsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Klifagata 2-2A, 216-6903, 670 Norðurþingi, þingl. eig. Ásta Helga Viðar og Geir Bjarnason, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og S24, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Langanesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Steinholt, Norðurþingi, 222-0426, þingl. eig. Egill Hjartarson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Blönduósi, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

Vogsholt 11, fnr. 216-7178, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Sigurður Hreinn Eronsson, gerðarbeiðandi S24, mánudaginn 16. mars 2009 kl. 10:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík  
10. mars 2009.**



# Hugsaðu um heilsuna

**2 fyrir 1  
í mars**

EFTIR KL. 16

Nýttu þér frábært 2 fyrir 1 tilboðið hjá Maður lifandi, strax í dag

Vertu Maður lifandi – gerðu nú matstofuna að þinni

TAKE AWAY eða borðað á staðnum



## Hugsaðu um heilsuna og vertu Maður lifandi

Komdu og njóttu úrvals heilsurétta á veitinga-  
stöðum Maður lifandi allan daginn eða taktu  
hollan og góðan bita með heim.

**Prófaðu** – nýttu þér frábært **2 fyrir 1**  
tilboðið hjá Maður lifandi, strax í dag.

**ÞRÍR STAÐIR**

**Borgartún 24**

**Hæðasmári 6**

Fyrir ofan Smáralind

**Hafnarborg, Hafnarfirði**

Listasafnið Hafnarborg Strandgötu 34

OPIÐ: Borgartún og Hæðasmári v.d. 10–20, lau. 10–17.  
Hafnarborg v.d. 11–19 (fim. til 21), lau. og sun. 11–17.

- Úrval heilsurétta til að njóta á staðnum eða taka með
- Ljúffeng súpa dagsins, brakandi ferskur salatbar og heimabakað speltbrauð – lífrænt og gerlaust
- Gómsætar og hollar kökur
- Veislupjónusta fyrir öll tækifæri
- Fyrirtækjapjónusta í hádeginu
- Ferskur safabar
- Lífræn heilsuvöruverslun



*Himnesk  
hollusta*

**maður lifandi**

www.madurlifandi.is • Sími 58 58 700



Endurreisnin

## Siðbótin síðari



Það er sagt að siðrof hafi orðið á Íslandi í aðdraganda Hruns-ins. Siðbótar er þörf. Við þurfum að taka upp góða trú.

### 1. Góð trú

Góð trú er orðrétt þýðing á latneska hugtakinu bona fide. Sá sem hefst að í góðri trú tekur ákvarðanir að eigin frumkvæði og með einlægum ásetningi út frá því sem hann veit að öllu gættu, samkvæmt samvisku sinni, að er satt og rétt (eða sannast og réttast) í hverju máli.

Á Íslandi hefur önnur afstaða verið ríkjandi ákaflega lengi, eitt-hvað á þessa leið: Valdsmenn taka þær ákvarðanir sem þeir vilja, alveg óbundnir nema að því eina leyti sem þeir brjóta ekki himin-hrópandi sannanlega gegn skráð-um og skýrum lagaákvæðum.

Þetta hefur ekki aðeins verið raunin með pólitíkusa heldur hafa ámóta viðhorf gegnsýrt íslenskt þjóðlíf almennt. Þar skipta mestu máli viðskiptalíf og hins vegar fjöl-miðlun og önnur opinber umræða. Það er til barnslega einföld leið út úr því siðferðilega öngstræti sem þetta viðhorf hefur leitt þjóð-ina í: að fólk ákveði að hafast að í góðri trú. Ég tek fram að ég er hins vegar ekki svo „barnslega einfald-ur“ sjálfur að telja líklegt á næst-unni að þetta verið algilt lögmál hjá öllum mönnum. Því miður.

Þess vegna er hér mikilvægur skilsmunur: Fyrir þá sem er með beinum hætti trúað fyrir hags-munum annarra, t.d. pólitíkusa og bankamenn, eða eru í sambæri-legri stöðu af öðrum ástæðum, t.d. fjölmiðlamenn, er það frumkrafa að þeir ræki störf sín og skyldur í góðri trú. Það neyðir enginn neinn til að bjóða sig fram í stjórnmál-um til þess að fara með völd og áhrif í umboði almennings. Menn krefjast hárrar umbunar – og fá hana – fyrir að sinna störfum hjá fjármála-fyrirtækjum að sögn til að varðveita og ávaxta eignir annarra.

Þar fyrir utan eru fyrirtækin iðulega hlutafélög á almennum markaði. Fjölmiðlar eru stundum nefndir hið fjórða vald, sem veita á hinum valdgreinunum aðhald. Því fylgir siðferðileg ábyrgð. Hvað sem öðru líður er óumdeilt að fjölmiðlar hafa mikil áhrif – og margir segja úrslitaáhrif – á skoðanamyndun almennings.

Ég læt nægja að taka dæmi af þessum þremur sviðum. Vitaskuld mætti telja til fleiri. Krafan um að menn í þessum stöðum hafist að í góðri trú ætti að vera sjálfsgöð. Hún verður það vonandi sem fyrst.

Það liggur í hlutarins eðli að engir, hvorki dómamar, kjósend-ur, hluthafar né þeir sem nota fjöl-miðla, geta „hankað“ mann á því út af fyrir sig að hafa ekki farið eftir samvisku sinni ef maðurinn sjálfur staðhæfir annað. Þegar allt kemur til alls eiga menn það aðeins við sjálfa sig að ákveða hvort þeir vilji hafa góða trú í heiðri. En ef þeir gera það ekki vil ég halda því fram að þeir viti upp á sig skömm-ina, óháð allri sjálfssæfjun og rétt-lætingu út á við.

Þó það sé ekki hægt að „hanka“ menn og láta þá sæta utanaðkom-andi ábyrgð eða viðurlögum fyrir að vera í vondri trú leysir það þá ekki frá því að vita sjálfir upp á sig skömmina. Um leið er þetta forsend-an sem ég vil gera fyrir umfjöllun minni: hún getur ekki átt við sið-leysingja. Ég vil hins vegar leyfa mér að gera ráð fyrir því að áhrifa-menn á Íslandi, bæði í stjórnmálum og annars staðar, séu almennt ekki siðleysingjar, eins misjafnir og þeir annars eru. Ef einhver fellir sig ekki við þessa forsendu er svo sem ekkert um það að segja. En sá sami er þá greinilega töluvert svartsýnni en ég á stöðu íslensks samfélags.

### 2.„Dómarinn sá það ekki!“

Jón Ormur Halldórsson skrifaði eitt sinn pistil í Fréttablaðið þar sem hann lýsti „hægindastólsskenningu“ bresks háskólafrófessors sem hafði kennt honum. Sá þóttist hafa merkt að þegar nýlendur breska heims-veldisins öðluðust sjálfstæði á 20. öld hefði lýðræði helst fest í sessi þar sem arfleifð Breta hafði skilið eftir sig krikket sem þjóðaríþrótt.

Þar sem fótbolti var á hinn bóginn þjóðaríþróttin hafði allt farið í bál og brand og þjóðirnar síðan verið ofurseldar byltingum og borgara-styrjöldum.

Prófessorinn benti á að krikket byggðist á því að menn virtu að eigin frumkvæði reglur og siðvenj-ur leiksins og gengjust af sjálfsdáð-um við brotum. Fótbolti væri á hinn bóginn leikur þar sem menn gengju hverju sinni eins langt og dómari-nn leyfði – og iðulega lengra ef þeir héldu að hann sæi ekki til – og ekki tíðkaðist að viðurkenna brot sín. Proféssorinn spurði loks eitthvað á þá leið hvort verið gæti að ólík siðferðileg áhrif þjóðaríþróttanna tveggja hefðu skipt sköpum um muninn sem var á gengi þjóða sem aðhylltust hvorn leikinn um sig.

Því má skjóta inn að það er reynd-ar annað vitni um höfuðþýðingu siðareglna í krikket að í Bretlandi er alþekkt orðatiltæki til um það að haga sér ósiðlega. Þá er einfaldlega sagt um það sem viðkomandi gerði: It’s not cricket! Allir þar skilja undir eins hvað átt er við: maðurinn var ekki í góðri trú. Ég ætla ekki að fjölyrða neitt um áhuga Íslend-inga á fótbolta. En meðan Bretar segja að eitthvað sé ekki krikket er viðkvæðið á Íslandi hins vegar: Dómarinn sá það ekki!

Í hinni almennu lýsingu á fót-boltasiðgæði hér framar ætti hver

að geta séð algera hliðstæðu við það sem tíðkast á vettvangi stjórnmála og viðskipta hér á landi. Dæmi um þetta? Þarf að telja þau upp? Á undanförnum vikum og mánuðum hefur þjóðin sýnt með afgerandi hætti í búsáhaldabyltingunni við-bjóð sinn og vanþóknun á háttarni valds- og viðskiptamanna undanfar-in ár. Ef höfð eru í huga þau skýru og fordæmalausu skilaboð held ég að óhætt sé að sleppa upptalning-unni. Dæmin eru lýðum ljós, þeim sem á annað borð vilja sjá þau.

### 3. Kaldlyndið

Ég held að eitt orð nái ágætlega yfir það viðhorf, þann skort á góðri trú, sem endurspeglast í mörgum gjörð-um íslenskra valdhafa og viðskipta-manna undanfarin ár: Kaldlyndi. Það felur í stystu máli í sér and-stæður einkenna á góðri trú. Það er beiting valds með aðra hagsmuni í huga en réttlætið hrópar á. Það er viðhorfið um alræði valdhafans.

Einn af íslensku óligörkunum ku hafa lýst olnbogaráymi sem hann taldi sér bera þannig: Ég á ‘etta og ég má ‘etta. Ráðherrar komu glott-andi í viðtöl og „rökstuddu“ gifur-lega umdeildar embættisfærslur með þessum hætti: Ég ræð.

Þetta voru einkunnarorð kald-lyndisins. Ég á, ég ræð. Ég er ekki að persónugera eitt eða neitt. Og mér er sjálfum ekki í nöp við nokkurn af

þeim sem áttu þátt í að skapa og við-halda ástandinu eins og það var. Ég held að fæstir hafi reyndar nokkuð persónulega á móti þeim.

En: öfugt við það sem sumir fyrrverandi æðstuprestar þeirra vilja nú halda fram verða atburð-ir í mannlegu samfélagi ekki nema af mannavöldum. Og ástandið varð vissulega svona. Það ástand sköp-uðu engir aðrir en valdhafar og áhrifamenn á þeim tíma. Þeir bera að sama skapi ábyrgð á því, hver og einn í réttu hlutfalli við völd sín og áhrif þá. Þeir létu undan kaldlyndi sínu. Fyrir það – og hugsanlega aðeins það – hefur þjóðin nú, eftir langa mæðu, fengið nóg af þeim.

### 4. Alltaf pláss við plóginn

Ég veit ég sagði í byrjun að efni greinarinnar ætti bara við um menn í áhrifastöðum. Að það væri frumkrafa að þeir hefðust að í góðri trú og segðu satt en kannski væri barnsleg einfeldni að leyfa sér að vona að allir menn, eða þó ekki væri nema bara við hér í örsamfélaginu Íslandi, gerðu hið sama. En maður skyldi aldrei segja aldrei.

Hvað rúmar stærsti loftkastalinn marga skýjaglópa? Svárið? Það er pláss fyrir alla.

*Ítarlegri útgáfa greinarinnar er á bloggsíðu höfundar, finnur-vilhjalmsson.blogspot.com.*

Embassy of Canada  
Ambassade du Canada  
Sendiráð Kanada

### Kynningarfundur:

# Atvinna í Kanada

Fundur um atvinnutækifæri í Kanada, með áherslu á Manitoba fylki, verður haldinn í fundarsalnum **Skriðu, Háskóla Íslands, Stakkahlíð (gamli Kennaraháskólinn), föstudaginn 13. mars, 2009 frá kl. 15–17.** Fundurinn er ætlaður fólki með fagmenntun (iðn- og/eða háskóla-menntun), sem er að leita eftir upplýsingum um atvinnu í Kanada og gæti hugsað sér að vinna þar.

### Frummælendur:

- Anna Blauveldt, sendiherra Kanada á Íslandi
- Atli Ásmundsson, aðalræðismaður Íslands í Manitoba
- Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar

### Fyrirlesarar:

- Fulltrúi áritanadeildar sendiráðs Kanada í London, Robert Stevenson, fjallar um atvinnu- og búsetuleyfi í Kanada.
- Fulltrúar Manitoba fylkis, Karmel Chartrand og Karen Sharma, kynna nýtt samkomulag milli íslenskra stjórnvalda og fylkisins um atvinnu- og búsetuleyfi til handa íslenskum ríkisborgurum.

Almennar fyrirspurnir úr sal í lok fundar.

Fundarstjóri verður Almar Grímsson, formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga. Fundurinn fer fram á íslensku og ensku.

Evrópumál

## Framsókn horfir víst til vinstri




Skúli Helgason, frambjóðandi í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, sá ástæðu til að gera formanni Framsóknarflokks-ins upp skoðun í grein í Frétta-blaðinu mánudaginn 9. mars. Þar heldur Skúli því fram að formaður Framsóknarflokksins hafi tilkynnt opinberlega að flokkurinn væri opinn í báða enda í hugsan-legum stjórnarmyndunarviðræð-um að loknum kosningum. Skúla til upplýsingar og kannski hugar-hægðar, þá lýsti formaður Fram-sóknar þeirri skoðun sinni í við-tali við mbl.is þann 5. mars sl. að hann vonaðist eftir vinstri stjórn! Það eina sem gæti komið í veg fyrir myndun hennar væri skort-ur á vilja hjá vinstri flokkun-um. Hann ítrekaði síðan að hann myndi alltaf setja vinstri stjórn sem fyrsta kost. Hið sama sagði

Eygló Harðardóttir, þingmaður og ritari Framsóknarflokksins í viðtali á Morgunvaktinni á Rás 1 þann 23. febrúar.

Á flokksþingi framsóknar-manna í janúar var ítrekað fagn-að þegar ræðumenn töluðu hver á fætur öðrum um að gefa Sjálf-stæðisflokknum frí frá lands-stjórninni. Það var einmitt á þeim grundvelli sem Framsóknarflokk-urinn bauðst til að verja minni-hlutastjórn vinstri flokkanna falli fram að kosningum í lok apríl.

Annars ætti Skúli að hafa reynslu af því að vera opinn í báða enda eftir að hafa kúrt undir sömu sæng með „höfuðóvini“ Samfylkingarinnar, Sjálfstæðis-flokki vorið 2007. Þá var kátt í bæ Samfylkingar og Skúli tók fullan þátt í því, þótt gamanið ætti eftir að kárna eins og flestir þekkja. Nú lætur Skúli eins og hann hafi aldrei í dyngju sjálfstæðismanna komið. Hann ætti því fremur að líta í sinn eigin Samfylkingar-barm heldur en að gera fram-sóknarmönnum upp skoðanir í þessum efnun.





## Atvinnuleysi eykst

Atvinnuleysi mældist 6,9 prósent í janúar innan þeirra 30 ríkja sem aðild eiga að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), samkvæmt tölum sem birtar voru í vikunni. Þetta er 8,3 prósentu aukning á milli mánaða en 1,3 prósent frá sama tíma í fyrra. Af einstökum hagsvæðum mældist atvinnuleysi 8,3 prósent á evrusvæðinu en 8,1 prósent í Bandaríkjunum. Aukningin er innan allra aðildarríkjanna að Japan og Mexíkó undanskildum en þar

dróst atvinnuleysi saman um 4,3 til 4,6 prósent milli mánaða. Mesta atvinnuleysið var á Spáni, eða 14,8 prósent.

Tölur um atvinnuleysi hér eru ekki í upplýsingum OECD. Það mældist 6,6 prósent í mánuðinum, samkvæmt Vinnumálastofnun, sem er 32 prósentu aukning frá í desember. Tölur sem þessar hafa ekki sést síðan í janúar 1995 en þá var atvinnuleysi 6,8 prósent. Á sama tíma í fyrra stóð atvinnuleysi í einu prósent.

- jaf



**SÓTT UM VINNU** Fólk á leið úr atvinnu-miðlun í Madrid á Spáni. Atvinnuleysi var þar mest innan aðildarríkja OECD í janúar, eða 14,8 prósent.

MARKAÐURINN/AP

## Ríkar þjóðir hjálpa þeim efnaminni

Stjórn Alþjóðabankans greindi frá því á sunnudag að útlit sé fyrir að hagvöxtur muni dragast saman á árinu og muni milliríkjavíðskipti fylgja með niður í svelginn.

Bankinn gefur spána út fyrir fund fjármálaráðherra tuttugu umsvifamestu iðnríkja heims, sem haldinn verður í Lundúnum í Bretlandi um næstu helgi.

Bandaríska dagblaðið New York Times, sem segir þetta dekkstu hagspá sem sést hafi það sem af er ári, hefur eftir hagfræðingum bankans að þessir tveir þættir hafi ekki fylgst að síðan á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Síðan þá eru liðin rúm sextíu ár.

Alþjóðabankinn dregur upp afar dökka mynd af horfum heimshagkerfisins, segir að áhrifanna muni gæta langt út fyrir það sem áður var talið. Talið er til að undirmálskreppan, sem hófst fyrir tveimur árum með vanskilum bandarískra fasteignalántakenda, hafi undið svo upp á sig að nú bíti hún af krafti í þá sem síst skyldi, fátækustu þjóðir heims í Suður-Ameríku, Afríku og í SA-Asíu.

Þá kemur fram að ekki megi útiloka að alþjóðlegar lánastofnanir á borð við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn muni ekki hafa burði til að koma öllum þeim til hjálpar sem leiti ásjár þeirra.

Blaðið segir Robert B. Zoellick, forstjóra Alþjóðabankans, hafa mælt til þess að ríkustu þjóðir heims taki höndum saman til hjálpar þeim sem minna megi sín og mæli hann með því að ríkustu þjóðir heims sammælist um



**ROBERT B. ZOELICK** Forstjóri Alþjóðabankans hefur viðrað hugmyndir um stofnun sjóðs handa fátækustu ríkjum heims sem þær ríkustu leggi í. Innlegg þjóðanna er lítið brot af þeim björgunarpökkum sem þær samþykkja til bjargar eigin skinni.

MARKAÐURINN/AP

stofnun bjargráðasjóðs til handa þeim fátækari, sem þau geti sótt í til stuðnings fyrirtækjum í nauðum. Verði draumar Zoellicks að veruleika munu ríkustu lönd heims leggja ákveðna upphæð í sérstakan sjóð, um 0,7 prósent, af þeirra eigin björgunarpakka.

Líkur eru á að nokkur lönd í Mið- og Austur-Evrópu, svo sem Pólland, Ungverjaland og Tékkland, geti sótt sér fé í sjóðinn. Þessi lönd hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna samdráttar í útflutningi til Vestur-Evrópu samhliða því að aðgangur landanna að fjármagni hefur lokast.

ICELANDAIR  
CARGO



### LÍTILL FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR

Ekki safna skuldum vegna fjármagnskostnaðar í vörum. Með flugfrakt sparar þú umtalsverð gjöld vegna fjármagnskostnaðar þar sem þú getur pantað minna inn í einu, með styttri fyrirvara og færð vöruna mun fyrr í hendur.

### MIKILL FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR

BEINT FRAKTFLUG – 24 ÁFANGASTAÐIR  
Í EVRÓPU, BANDARÍKJUNUM OG KANADA.

[WWW.ICELANDAIRCARGO.IS](http://WWW.ICELANDAIRCARGO.IS)



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Mikilvægt er að lykilpersónur sem tengjast hrúni efnahagslífsins geri hreint fyrir sínum dyrum.

## Dularfullur auðkýfingur hverfur af sjónarsviðinu

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

Allt frá því að efnahagslífið hér fór á hliðina í október í fyrra hefur dómstóll götunnar farið húsa á milli í leit að vandfundnum sökudólgum. Erfitt er að greina hverjir það eru, hverjir luma á óhreinu mjóli í pokahorninu og hverjir hafa hreinan skjöld.

Dómstóllinn fékk kræsingar að kjamsa á um síðustu helgi þegar Morgunblaðið greindi frá umfangsmiklum lánveitingum venslaðra aðila hjá Kaupþingi. Lánin hljóðuðu upp á tæpa fimm hundruð milljarða króna, samkvæmt lánabók bankans í júní. Fátt annað hékk á spýttunni.

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, sendi frá sér tilkynningu daginn eftir fréttaplutning af lánveitingum bankans. Hann sagði meðal annars, að í umfjöllun fjölmiðla hefði ekki verið gerð grein fyrir veðtryggingum fyrir umræddum lánum og frádrætti vegna þessa sem kveðið sé á um í reglum um stórar áhættuskuldbindingar.

„Meðal frádráttar má nefna handveð í peningainnistæðum og verðbréfum og skuldbindingar utan efnahagsreiknings. Þess vegna eru þær upphæðir sem tilgreindar eru í fréttinni marklausar enda voru áhættuskuldbindingar bankans til umræddra aðila mun lægri,“ segir Sigurður og bendir á að sömuleiðis hafi því verið ranglega haldið fram að umræddar lánveitingar hafi farið til eigenda bankans.

Pá telur Sigurður að verulegur hluti skuldbindinga Roberts Tchenguiz, eins af umsvifamestu viðskiptavinum bankans í Bretlandi, hafi verið vegna endurhverfra verðbréfavíðskipta og framvirkra samninga sem fjármagnaðir voru af öðrum bönkum, en Kaupþing hafi haft milligöngu um.

„Af umfjöllun síðustu vikna fæ ég ekki betur séð en að fjölmiðlum séu sendar kerfisbundið misvísandi upplýsingar um starfsemi Kaupþings,“ segir Sigurður einnig í tilkynningunni.

Sigurður dregur upp greinargóða mynd af því gríðarlega flókna starfi sem fram fór innan veggja Kaupþings fyrir hrún bankans, nokkuð sem leikmenn eiga erfitt með að skilja.

Aðrar lykilpersónur sem tengdust umfjöllun um lánveitingar bankans stígu ekki fram úr skugganum. Þær létu ekki í sér heyra og kusu að standa hljóðar hjá.

Vart má segja að þær hafi bætt hlut sinn.

Þvert á móti má ætla að þögnin haldi lífi í varðeldi dómstóls götunnar.

Edda Rós Karlsdóttur, hagfræðingur hjá Landsbankanum, bendir á í úttekt í Markaðinum í dag að skortur sé á trausti á fjármálamörkuðum. Það hefur lengi legið fyrir, en aukist fremur en hitt. Nauðsynlegt er að snúa þeirri þróun við.

Ein þeirra leiða er að þær lykilpersónur sem tengjast íslenska efnahagshruninu í fyrrihaust, stígi fram úr skugganum og geri hreint fyrir sínum dyrum. Aðeins þá verður andrúmsloftið hreinsað og vörður lagðar fyrir nýja framtíð. Þeir, sem halda sig í skugganum, tefja fyrir þeirri vegferð.

Viðskiptaþing 2009 hefst á morgun undir yfirskriftinni „Endurreisn hagkerfisins“. Líklegt má telja að það verði ólíkt þingum fyrri ára, jafnvel frábrugðið þinginu í fyrra þótt tekið hafi verið að halla verulega undan fæti á mörkuðum þá, bæði hér heima og erlendis. Eitt markmiða þingsins nú, er að skapa eftirsóknarverða en trúverðuga sýn sem felur í sér áherslur og markmið til lengri tíma, líkt og Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir í grein hér á síðunni. Hreinskilni og sannleikur ættu sömuleiðis að vera með í för, enda næringarrikt og hollt veganesti á langri leið.



AF ALÞINGI Greinarhöfundur segir skilvirkustu leið stjórnvalda til endurreisnar atvinnu- og efnahagslífinu að skapa eftirsóknarverða en trúverðuga framtíðarsýn sem felur í sér áherslur og markmið til lengri tíma.

## Kreppan og leiðin fram á við

ORD Í BEL

**Finnur Oddsson**  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptaráðs Íslands



### LAND TÆKIFÆRA

Viðhorf eins og lýst er hér á undan, væntingar um verri framtíð, er stærsti vandi íslensks samfélags í dag. Í því kristallast verkefnið framundan, sem er að sannfæra alla þá sem eiga hagsmuni undir íslenska hagkerfinu, inn- og uttan, um að Ísland sé land tækifæra en ekki hnignunar. Þar kemur til kasta allra þeirra sem hér ráða för, sérstaklega stjórnvalda.

Skilvirkasta leið stjórnvalda að þessu marki er að skapa eftirsóknarverða en trúverðuga sýn sem felur í sér áherslur og markmið til lengri tíma.

Slík framtíðarsýn þarf að svara áleitnum spurningum um afstöðu stjórnvalda til afar mikilvægra málaflokka á borð við utanríkis- og peningamála, opinberra fjármála, áherslur í atvinnuuppbyggingu og umsvifa hins opinbera á atvinnumarkaði. Hvernig verður varanlegum efnahagslegum stöðugleika komið á? Á að halda krónunni eða skipta um gjaldmiðil? Hvaða gjaldmiðil? Verður sótt um aðild að Evrópusambandinu? Hvernig á að koma á jafnvægi í fjármálum hins opinbera? Hvar og hversu mikið verður skorið niður? Hvaða áherslur verða í

skattlagningu á fyrirtæki og einstaklinga? Hvert á umfang þjónustu hins opinbera að vera og hver eiga umsvif þess að vera á atvinnumarkaði? Er eðlilegt að opinber fyrirtæki keppi við einkafyrirtæki? Er ríkið heppilegur eigandi fyrirtækja í atvinnurekstri?

Svör við þessum spurningum hafa áhrif á væntingar fólks og fyrirtækja til framtíðar á Íslandi. Hvort sem svörin fela í sér eftirsóknarverðar horfur eður ei, skiptir höfuðmáli að eyða sem fyrst þeirri umtalsverðu óvissu sem nú ríkir um ofangreind mál. Þannig er Íslendingum gert kleift að leggjast á árarnar af meiri vissu en annars er hægt og leggja þannig grunn að þeirri góður framtíð sem auðlindir Íslands gefa færi á.

### LÝST EFTIR SKÝRRI STEFNU

Það er eðlileg krafa að stefna stjórn málaflökkanna í ofangreindum málum liggi fyrir í aðdraganda kosninga í apríl. Vissulega er þægilegt að ganga óbundinn til kosninga, en það væri hreinlega óheimarlegt gagnvart kjósendum og á skjön við þá lýðræðisvakningu sem nú er krafa um í samfélaginu. Viðskiptaþing í ár er haldið undir yfirskriftinni Endurreisn hagkerfisins – horft til framtíðar. Þar verður leitast við að fá svör við ofangreindum spurningum, frá sjónarhóli atvinnulífs og stjórn mála. Svörin eru mikilvæg, því þau marka upphaf ferlis aðgerða sem trúverðugleiki stjórnvalda og endurreisn hagkerfisins mun byggja á.

ORDSKÝRINGIN

## Varin staða

Fyrirtæki geta varið stöðu sína vegna eigna eða skulda fyrir áhættu vegna gengisbreytinga með framvirkum samningum. Þannig getur til dæmis fyrirtæki í innflutningi séð sér hag í því að verjast geti það keypt vörur nokkru áður en greiða þarf erlendum birgjum.

Ef fyrirtækið tekur inn vörur en þarf ekki að greiða fyrr en mánuði síðar fylgir því talsverð áhætta. Breytist gengið getur fyrirtækið annað hvort greitt minna eða meira fyrir vöruna, eftir því hvort krónan styrkist eða veikist.

Þá getur borgað sig fyrir fyrirtækið að verja sig fyrir þessari áhættu, að hluta eða öllu leyti. Það má gera með því að gera framvirkna samninga við fjármálastofnanir um kaup á ákveðinni upphæð í erlendum gjaldmiðli, á fyrirfram ákveðnu gengi og fyrirfram ákveðinni dagsetningu. Einnig er hægt að semja um kauprétt á ákveðinni upphæð.



Svipaðri aðferð er einnig beitt við kaup á verðbréfum. Þá getur fjárfestir samið um sölurétt á verðbréfunum á ákveðnu verði og þannig takmarkað fyrirfram hugsanlegt tap af fjárfestingunni.

ÚTGÁFUÐLÖG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, [ollikr@markadurinn.is](mailto:ollikr@markadurinn.is) RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, [jonab@markadurinn.is](mailto:jonab@markadurinn.is) AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSIÐI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) og [auglysingar@markadurinn.is](mailto:auglysingar@markadurinn.is) VEFANG: [vísir.is](http://vísir.is) UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](mailto:dreifing@posthusid.is) Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

**FIRMA**  
CONSULTING

## Ráðgjöf til fyrirtækja

Firma Consulting er óháð ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í stórum og millistórum fyrirtækjum



Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og lög-giltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer“ í Smára-hvamm og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. ([magnus@firmaconsulting.is](mailto:magnus@firmaconsulting.is))

Firma Consulting, Þingasali 10, 109 Reykjavík,  
GSM: (+354) 820 8800 og (+354) 896 6665,  
Fax: (354) 557 7766, Veffang: [firmaconsulting.is](http://firmaconsulting.is)



# Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.  
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Tilvalið fyrir  
árshátíðina!

# Allt í steik

framlengt til 29. mars

## 4ra rétta seðill

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“  
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA  
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI  
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki  
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND  
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND  
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati  
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE  
með súkkulaði ís

Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik  
verð frá 4.590 kr.

Nýr A la Carte hefst 30. mars!

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207 - Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is



Drifing ehf.



LINDSAY



Garri

Dananar



Lambhagi



Egils

Kjötmiðjan  
KJÖTVERK

Globus

PERLU KAUP

MARLAND  
FISKUR ER OKKAR FAG

A. KARLSSON  
SÍÐAN 1975

BAKKUS

ora

ÍSFLUG

GEVALIA



BANKAHÓLFID

Hitað upp

Forkólfar þess sem eftir lifir af íslensku viðskiptalífi eru þessa dagana að hita upp fyrir hið árlega Viðskiptaþing Viðskipta-ráðs sem hefst á morgun. Nokkrir framámanna viðskipta-lífsins hafa sést upp á síðkastið taka á því í ræktinni. Greinilegt er að þar eru sumir á heima-velli. Aðrir sem þar hafa sést – pent sagt – hefðu mátt sýna fyrir-hyggju og byrja æfingarnar fyrir hafi þeir ætlað að vera í formi fyrir þingið í ár.



Of miklar væntingar

Bandaríski fjármálaspekúlantinn Jim Cramer, einn af kunnustu álitsgjöfum vestan hafs um fjármálamarkaði og líklega einn líflegasti stjórnandi sjónvarpsþátta- um viðskipti, er svartsýnn á horfurnar fyrir hönd banda-rískra hluta-bréfaeigenda. Cramer birti nýtt verðmat í vikunni á netmiðlinum Street.com og játar þar mistök, sem fólust í of miklum væntingum til nýrrar ríkisstjórnar Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, sem hann taldi mundu kæta markaðinn og hífa verðið upp. Það gekki ekki eftir en vekur óneitanlega upp minningar um greiningardeildir bankanna (fyrir ríkisvæðingu), sem sáu græna tíð fram undan í nær hverju mati allt fram undir það síðasta.



Lottómiðinn

Markaðurinn er ekki einn þeirra sem þverskallast við og neitar að endurskoða mat sitt. Fyrir nokkru var hér sagt frá einum gráglettnum sem taldi meiri vinningslíkur felast í kaupum á hlutabréfum Straums en lottómiða. Miðað við þróun mála í vikunni er nú orðið nokkuð jöfnu saman að líkja enda hlutabréf húmoristans hér um bil jafn verðmikil og Víkingalottómiði með tvær tölur réttar en enga bönustölu. Kunningi Markaðarins hefur nú dustað rykið af gömlum ramma sem hann keypti á gamla genginu í Ikea á síðustu útsölu og hengt útprentaða eignastöðu sína upp á vegg í vinnuherberginu við hlið ramma með bréfum Atorku, Existu, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans.



33

milljónir evra, um 4,7 milljarðar króna, var sú upphæð sem Straumur átti að greiða á mánudag, þegar bankinn var tekinn yfir. Haldbært fé var um 15 milljónir evra, 2,1 milljarður króna.

7,2

milljarða króna tap varð fyrir afskriftir á síðasta ári hjá RARIK. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir var um 1,9 milljarðar króna.

1,2

milljarða króna afgangur varð af lánasjóði sveitarfélaga á síðasta ári. Engu að síður niðurfærði sjóðurinn tæplega 1,5 milljarða króna vegna afleiðusamninga við Glitni.



# Matfugl!

## Lausfrystar kjúklingabringur

**Einföld og fljótleg matreiðsla:**  
Hægt er að elda kjúklingabringurnar á fljótlegan og hollan hátt, beint úr frystinum. Kryddaðu eftir smekk og veldu einhvern af eftirfarandi möguleikum.

**Á pönnu eða í potti:**  
Steikið bringurnar frosnar í örlitilli olíu við meðalhita í 18-20 mínútur á hvorri hlið (kjarnhiti 76°C). Þíddar bringur þurfa 9-13 mínútur á hvorri hlið.

**Öfn:**  
Eldið frosnar bringurnar í smurðu eldföstu móti á 180°C (170°C í blástursofni) í u.þ.b. 45-60 mínútur (kjarnhiti 76°C). Þíddar bringur þurfa 20-35 mínútur.

**Grill:**  
Frosnar bringur skal grilla á hvorri hlið þar til þær eru gegnumsteiktar (kjarnhiti 76°C). Gott er að setja þær svo inn í álpappir og láta biða í 3-5 mínútur þangað til þær eru bormar fram. Athugið að steikja kjöð að alltaf í gegn og elda það ávallt við að minnsta kosti 76°C.

**Matfuglsbringurnar eru meðhöndlaðar á þann hátt að þær verði sem safarikastar eftir eldun.**

# Kjúklinga-bringur





**SAMSUNG**  
Á SKRIFSTOFUNA!  
**FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI**  
LITA LASERPRENTARI: Upplausn: 2400 X 600 dpi  
SKANNI OG LJÓSRITUN: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800)  
FAXTÆKI: Leshraði: 3 sek pr/bls - Númeraminni: 30 beint  
ALMENNT: Pappirsbakki inn/út: 150/100 blöð - Minni: 128 MB  
TENGING: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

**LITA LASER-PRENTARI SKANNI OG LJÓSRITUN FAXTÆKI**

**TILBOÐSVERÐ: 69.900,-**  
**VERÐ ÁÐUR: 89.900,-**



**NÝR LITA LASER-PRENTARI**  
NÝR, NETTUR, HUJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LITA LASER-PRENTARI  
Upplausn: 2400 X 600 dpi  
Minni: 32MB  
Hljódmagn: <49dB  
Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux  
Tenging: USB 2.0

**VERÐ: 39.900,-**



**NÝTT FJÖLNOTATÆKI**  
LASER-PRENTARI SKANNI, LJÓSRITUN  
Laserprentari: Svart-hvítur  
Prenthraði: 18 bls./mín.  
Skanni og ljósrítun: Upplausn: 600x2400dpi  
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux  
Tenging: USB 2.0

**VERÐ: 37.900,-**

**ORMSSON**

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800





**RIO DE JANEIRO** Myndin segir sögu kvenna sem búa við sára fátækt í Brasilíu.

## Favela-konurnar

Íslandsdeild Amnesty International sýnir í kvöld kvikmyndina, *Elas da Favela* eða *Women of the Favela* í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, hinn áttunda mars síðastliðinn. Myndin segir sögu sex kvenna sem búa við sára fátækt í Brasilíu og upplifun þeirra af aðgerðum lögreglunnar í júlí 2007 í Complexo do Alemão, norður af Rio de Janeiro, þegar 19 manns létu lífið og 13 særðust. Sýning myndarinnar fer fram klukkan 20 í húsnæði Íslandsdeildar Amnesty International að Þingholtsstræti 27, 3 hæð. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Menntamálaráðherra verður meðal frummælenda á fundinum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Menntamálin í kreppu

Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp halda í kvöld 3. fund í fundaröð sinni í aðdraganda alþingiskosninga, að Grand hóteli í Reykjavík frá klukkan 20.00 til 22.00. Menntamál í kreppu – hvað er framundan? er yfirskrift fundarins en frummælendur verða Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Til umræðu verður meðal annars: Hlutverk menntakerfis á erfiðum tímum, skólatilboð fyrir alla og fullorðinsfræðsla/símenntun. Að loknum erindum verða pallborðsumræður og er fundurinn öllum opin. Táknmálstúlkar verða á staðnum.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).  
  
Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

# Er þitt sparifé í öruggum höndum?

Eignastýring VBS fjárfestingarbanka leggur áherslu á óháða ráðgjöf, gagnsæi í fjárfestingum og vandaða upplýsingagjöf sem sniðin er að þínum þörfum.

Kynntu þér fjárfestingarleiðir okkar hjá starfsfólki eignastýringar í síma 570 1200.

*Við tökum vel á móti þér.*

VBS er traustur og óháður fjárfestingarbanki er veitir sérhæfða ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu sem sniðin er að þörfum viðskiptavina. Hjá bankanum starfar reynslumikill hópur starfsfólks sem hefur það að leiðarljósi að skapa verðmætar lausnir fyrir viðskiptavinina.

www.vbs.is

antonymus | 66 343 66

**20% verðlækkun<sup>+</sup>**  
**VECTAVIR** frunsuáburður.  
~~1.387 kr.~~ **1.110 kr.**

**20% verðlækkun<sup>+</sup>**  
**STREPSILS** munnsogstöflur 24 stk.  
~~890 kr.~~ **712 kr.**

**20% verðlækkun<sup>+</sup>**  
**OTRIVIN** nefúði.  
~~790 kr.~~ **593 kr.**

www.lyfja.is

# Lægra verð í Lyfju

<sup>+</sup> Gildir til 15.03. 2009



Geggjuð gamanmynd frá leikstjóra **Full Monty**

**RAINN WILSON**



**THE ROCKER**

...EINA VON HLJÓMSVEITARINNAR ER VONLAUS!

**SENDU SMS ESL DTR  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

VINNINGAR ERU ROCKER Á DVD,  
TÖLVULEIKIR, AÐRAR DVD MYNDIR,  
PEPSI OG MARGT FLEIRA.

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.



**RAINN WILSON**

**THE ROCKER**

**9. HVER VINNUR!**

**KOMIN Í ELKO!**

**ELKO**

VEFVERSUN ELKO.is

**SMS LEIKUR**



**NOKKUR ORÐ**  
**Alma Guðmundsdóttir**

## Góð afþreying er gulls ígildi

Síðustu vikur hef ég farið óvenju oft í bíó og í byrjun þessarar viku fór ég tvö kvöld í röð. Á sunnudagskvöldið fór ég á He's just not that into you, eftir að hafa staðið í hálf tíma röð í miðasölunni, og á mánudagskvöldið sá ég Marley and Me. Ég hafði gaman af báðum myndunum, bæði hló og grét (sem hefur varla gerst síðan ég sá Titanic), en það sem skipti mig samt mestu máli var að ég gleymdi mér gjörsamlega. Í rúmlega tvo tíma gleymdi ég öllu sem svo mikið sem minnti á kreppuna og slæmt efnahagsástand. Afþreying hefur öðlast nýja merkingu fyrir mér á undanförunum mánuðum. Mér finnst hún ekki lengur vera




eitthvað til að grípa í þegar tími gefst til, heldur hreinlega vera orðin ómissandi. Það er því engin furða að það sé röð út á götu úr bíóhúsum borgarinnar mörg kvöld í viku. Það hefur sýnt sig að afþreyingariðnaðurinn vex þegar kreppir að, fólk sækir í góða afþreyingu og ég er eflaust bara ein af mörgum sem hafa farið í bíó tvo daga í röð upp á síðkastið eða sótt annars konar viðburði og uppákomur. Það er engin leið að flýja ástandið sem við búum við núna, ástand sem er að fara bæði fjárhagslega, andlega og líkamlega illa með fólk, en allt sem nærir andann, lyftir manni upp, kætir og hressir er gulls ígildi á tímum sem þessum. Þegar neikvæðni er að éta mann upp er ómetanlegt að geta gleymt sér yfir góðri bók, bíómynd, leikverki, tónlist eða öðru sem veitir manni innblástur og hleður batterið fyrir átök hversdagsins.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





# Ný verk eftir Áskel

Á háskólatónleikum í dag í hádeginu flytja Borgar Magnason, kontrabassi, Frank Aarnik, slagverk, og Peter Máté, píanó, verk eftir Áskel Másson. Tvö verkanna eru frumfutt en eitt leikið í fyrsta skipti opinberlega hér á landi. Tónleikarnir hefjast í Nor-ræna húsinu kl. 12.30.

Áskell Másson (1953) stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík til ársins 1969 og spilaði þá með tilraunahljómsveit í Handíða- og Myndlistarskólanum auk þess sem hann vann um tíma með Náttúru. Hann sótti þá einkánám í hljómfærði, kontrapunkti og tónsmíðum hjá Patrick Savill og einkánám í slagverksleik hjá James Blades í Lundúnum á árunum 1975-77. Árin 1973-75 starfaði Áskell sem tónsmiður og slagverksleikari með ballett Þjóðleikhússins. Frá árunum 1978 til 1983 var hann dagskrárgerðarmaður við Ríkisútvarpið. Eftir það hefur hann alfarið helgað sig tónsmíðum og samið mikinn fjölda tónverka, meðal annars fyrir marga heimsþekktu listamenn.

Verk hans hafa verið leikin um allan heim og fjölmargar þekktar erlendar hljómsveitir hafa flutt þau. Nefna má Fílharmoníuhljómsveitina í New York, Cleveland- hljómsveitina, Þjóðarsinfóníu- hljómsveit Bandaríkjanna í Washinton, Konunglegu fílharmoníuna í Lundúnum, Residenzorkest den Haag, Fílharmoníu- sveitina í Rotterdam og útvarps- hljómsveitina í Vinar-

borg. Meðal helstu verka hans má nefna óperuna Klakahöllina sem enn er í smíðum, sinfóníuna Sinfonia Trilogia, óratoríuna Cecilia og Söngva um vorið (fyrir sópran og hljómsveit) sem frumflutt verða á næsta ári og alls 13 konserta, þar á meðal

Fiðlukonsert og Ora sem hlutu Íslensku tónlistarverðlaunin 2006 og 2008 og einnig tvöfaldi konsertinn

Crossings sem nýlega heyrðist hér á tónleikum Sinfóníunnar. Áskell hefur margsinnis komið fram á Háskólatónleikum og frumflutt verk sín.

- pbb



ÁSKELL MÁSSON



JEFF WHO? Hljómsveitin Jeff Who? fær mjög góða dóma fyrir plötu sína á franskrí heimasíðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Frábær í Frakklandi

Hljómsveitin Jeff Who? fær mjög góða dóma fyrir aðra plötu sína, Jeff Who?, á frönsku tónlistarsíðunni The Wall. Platan kom út á síðasta ári og var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna á dögnum.

„Það er alveg ljóst að þessi hljómsveit mun ná mjög langt. Nýjasta plata þeirra er sannkölluð tónlistaropinberun,“ segir gagnrýnandinn og bætir við: „Tíu stórfengleg lög sem eru hvert öðru betra.“ Í framhaldinu lofar hann lögin, útsetningarnar og spilamennskuna og klykkir síðan út með orðunum: „Það er ekki á hverjum degi sem maður uppgötvar hljómsveit sem býr yfir jafnmiklum hæfileikum og Jeff Who? Frábær plata.“

## Múlinn flytur

Jazzklúbburinn Múlinn heldur áfram starfsemi sinni á þessum vetri eftir stutt hlé og verða fyrstu tónleikar vorannar haldnir fimmtudaginn 12. mars. Múlinn hefur flutt sig um set og mun starfsemi hans fara fram í nýjum og glæsilegum sal í kjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu.

Á dagskránni verða tólf tónleikar með sextán atriðum. Tónleikaröðin hefst á tónleikum með Kvartett Sigurðar Flosasonar. Alls verða 12 tónleikar með sextán atriðum í tónleikaröðinni. Kvartett Sigurðar Flosasonar skipa að þessu sinni: Sigurður Flosason, saxófónn, Eyþór Gunnarsson, píanó, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, bassi, Einar Valur Scheving, trommur, og á efnisskránni eru ný, nýleg og nokkur eldri lög fyrir kvartett eftir Sigurð Flosason. Annan fimmtudag verður Trío Sunnu Gunnlaugsdóttur í Múlanum með útsetningar Sunnu á íslenskum þjóðlögum í bland við frumsamið efni meðlima.

- pbb



VELDU ÚR 13 TEGUNDUM Í NÆSTU BÚÐ

# SÓMA SALAT

NÝ SALATLÍNA FRÁ SÓMA SEM BYGGD ER Á LANGRI REYNSLU AF SAMLOKUGERÐ



SÓMI

**KF NÝTT KJÖTFARS**  
**399 kr./kg.**

**NF SALTFISKBITAR**  
MEÐ ROÐI OG BEINI  
**598 kr./kg.**

**ALI FERSKUR KJÚKLINGUR**  
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 998 KR./KG.  
**598 kr./kg.**

**BÓNUS KJÚKLINGABITAR**  
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 598 KR./KG.  
**359 kr./kg.**

**KELLOGGS KORNFLEKS 750g**  
**498 kr.**

**FILIPPO BERIO 750ml**  
EXTRA VIRGIN OLÍA 50% MEIRA MAGN  
**598 kr.**

**BONUS BÝÐUR BETUR**  
OPIÐ MIÐVIKUDAG: 12.00-18.30





# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



## Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

|                    |   |                    |   |                    |        |
|--------------------|---|--------------------|---|--------------------|--------|
| Lau 14/3 kl. 14:00 | U | Sun 29/3 kl. 14:00 | U | Sun 19/4 kl. 17:00 | U      |
| Sun 15/3 kl. 14:00 | U | Sun 29/3 kl. 17:00 | U | Lau 25/4 kl. 14:00 | U      |
| Sun 15/3 kl. 17:00 | U | Lau 4/4 kl. 14:00  | U | Lau 25/4 kl. 17:00 | U      |
| Lau 21/3 kl. 14:00 | U | Lau 4/4 kl. 14:00  | U | Sun 26/4 kl. 14:00 | U      |
| Lau 21/3 kl. 17:00 | U | Sun 5/4 kl. 17:00  | U | Sun 26/4 kl. 17:00 | U      |
| Sun 22/3 kl. 14:00 | U | Sun 5/4 kl. 17:00  | U | Pri 28/4 kl. 18:00 | aukas. |
| Sun 22/3 kl. 17:00 | U | Lau 18/4 kl. 14:00 | U | Sun 3/5 kl. 14:00  | U      |
| Lau 28/3 kl. 14:00 | U | Lau 18/4 kl. 17:00 | U | Sun 3/5 kl. 17:00  | U      |
| Lau 28/3 kl. 17:00 | U | Sun 19/4 kl. 14:00 | U | Pri 5/5 kl. 18:00  | U      |

Ósöttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

## Hart í bak (Stóra sviðið)

|                    |        |   |                    |        |   |                   |        |
|--------------------|--------|---|--------------------|--------|---|-------------------|--------|
| Lau 14/3 kl. 20:00 | aukas. | U | Mið 25/3 kl. 20:00 | aukas. | U | Fim 2/4 kl. 20:00 | aukas. |
| Mið 18/3 kl. 20:00 | U      |   | Mið 1/4 kl. 20:00  | aukas. |   |                   |        |

Aukasýningar í sölu, sýningum lýkur í apríl

## Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

|                    |        |   |                    |        |  |                    |        |
|--------------------|--------|---|--------------------|--------|--|--------------------|--------|
| Fös 13/3 kl. 20:00 | frums. | U | Fim 26/3 kl. 20:00 | 4.syn. |  | Fim 16/4 kl. 20:00 | 7.syn. |
| Fim 19/3 kl. 20:00 | 2.syn. | U | Fös 27/3 kl. 20:00 | 5.syn. |  |                    |        |
| Fös 20/3 kl. 20:00 | 3.syn. | U | Fös 3/4 kl. 20:00  | 6.syn. |  |                    |        |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

## Skoppa og Skríta í söng-leik (Kúlan)

|                    |   |                    |   |                    |   |
|--------------------|---|--------------------|---|--------------------|---|
| Lau 14/3 kl. 13:00 | U | Lau 21/3 kl. 13:00 | U | Lau 28/3 kl. 13:00 | U |
| Lau 14/3 kl. 14:30 | U | Lau 21/3 kl. 14:30 | U | Lau 28/3 kl. 14:30 | U |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

## Eterinn (Smiðaverkstæðið)

|                    |       |   |                    |        |   |                    |  |
|--------------------|-------|---|--------------------|--------|---|--------------------|--|
| Mán 16/3 kl. 21:00 | fors. | U | Fim 19/3 kl. 21:00 | fors.  | U | Fim 26/3 kl. 21:00 |  |
| Pri 17/3 kl. 20:00 | fors. | U | Fös 20/4 kl. 21:00 | frums. | U | Fös 27/3 kl. 21:00 |  |

**Miele**

www.eirvik.is

which? BEST DOMESTIC APPLIANCE BRAND 2008

# Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár. Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop  
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

## TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 139.995

Purrkarar - Verð frá kr. 119.995



Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

**EIRVÍK** -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

„Það er gott að stunda kynlíf með fólki sem þú elskar. Ég hef ekki sofði hjá mörgum á tónleikaferðum því ég er ekki hrifin af einnar nætur gamni.“

**SÖNGKONAN LILY ALLEN**

Einmana á tónleikaferðum.

**fólk**  
folk@frettabladid.is



„Við byrjuðum aldrei á neinum deilum því við vitum að við erum númer 6. Ekki einu sinni númer 2.“

**CHRIS MARTIN SÖNGVARI COLDPLAY**

Svarar fregnum um að Bono, söngvari U2, hafi kallað hann aumingja.

„Ég er frábær frænka og ég leik oft við frænda minn sem er sjö ára. Ég er ekki góð að meðhöndla smábörnin og bleyjurnar.“

**SÖNGKONAN KELLY CLARKSON**

Virðist ekki vera með barneignir í huga, enda einhleyp.



# Lágkúrulegt á Facebook

Fjöldi fólks vandar Svövu Johansen hjá NTC ekki kveðjurnar á Facebook-síðu fataframleiðandans E-label. Ástæðan er frétt sem birtist í Fréttablaðinu þar sem eigendur E-label sökuðu Svövu um að banna þeim að versla við samstarfsaðila NTC í Frakklandi.

Svava segir að viðbrögðin á Facebook hafi ekki komið sér á óvart. „Ekki miðað við ef þetta væri rétt sem þær [eigendur E-label] eru að bera á okkur. Ef ég vissi að eitt fyrirtæki væri að gera þetta sem þær segja að við séum að gera þá þætti mér það ekkert flott,“ segir Svava. „Það er verið að ná sér í samúð hjá fólki út af kreppunni. Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur og lággúruleg aðgerð. En ég held að þegar fólk heyrir okkar hlið á málinu þá sjái það í gegnum þetta.“

Svava ber af sér allar sakir og segir málið á misskilningi byggt. Í yfirlýsingu sem hún hefur birt á heimasíðunni ntc.is segir hún að starfsmaður E-label hafi komið að máli við franska framleiðandann og óskað eftir samstarfi. Þegar E-label fékk þau svör að samningur hefði verið gerður við NTC var því svarað til að E-label-varan væri ekki seld í verslunum á Íslandi heldur væri hún fyrir Bretlandsmarkað.



**SVAVA JOHANSEN** Svava er ósátt við umræðuna sem hefur sprottið upp á Facebook-síðu framleiðandans E-label.

Þá ákvað franski framleiðandinn að athuga með samstarf. Kom þá í ljós að pöntunarmagn fyrirtækisins var talsvert undir þeim lágmörkum sem framleiðandinn er vanur að vinna með ásamt því að varan þótti of flókin í framleiðslu. Þar sat málið fast þegar NTC frétti af því í síðustu viku.

Svava segist hafa fengið afar ósanngjarna meðferð á Facebook því þar hafi einungis önnur hlið málsins verið tekin upp. „Hefði málið bara verið í Fréttablaðinu hefði það fjarað út en það var verið að vísa í blaðið inni á Facebook. Þar

halda þær [eigendur E-label] áfram sem ritstjórar inni á þeirri síðu. Ég hef séð að þær hafa verið að taka út jákvæð komment. Þá sér maður hver er að valta yfir hvern,“ segir hún og bætir við um franska framleiðandann: „Ef þeir vilja brjóta samning við okkur þá er það þeirra mál. Þá myndum við kannski fara í mál við þá eða skoða það. En við getum ekki staðið hér og sagt verksmiðju hvað hún á að gera. Málið er að verksmiðjan ætlaði aldrei að brjóta á okkur og E-label fór inn á fólkskum forsendum.“

freyr@frettabladid.is

# Stefnumót við frambjóðendur

Fundur með frambjóðendum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna alpingiskosninganna í vor verður í Valhöll miðvikudaginn 11. mars kl. 17:00. Fyrirkomulagið á fundinum er með þeim hætti að fundargestum gefst tækifæri til þess að spjalla við frambjóðendur og koma með spurningar til þeirra.

Þetta er síðasti sameiginlegi fundurinn fyrir prófkjörið 13. -14. mars. Fundarstjóri er Marta Guðjónsdóttir, formaður Varðar.

Boðið verður upp á kaffiveitingar. Allir velkomnir!

Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík



*Sjálfstæðisflokkurinn*

Nánari upplýsingar um fundina og félagsstarf Sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.



# ÞAÐ VÆRI HRÆÐILEGT AÐ MISSA AF ÞESSUM!



„Gríðarlega vel skrifaður og flottur krimmi“\*



**Karlur sem hata konur** er fyrsta bókin af þremur um **Mikael Blomkvist** og **Lisbeth Salander**, en höfundurinn, blaðamaðurinn **Stieg Larsson** (1954-2004), lést áður en fyrsta bókin kom út. Þetta eru feikivel skrifaðar spennusögur sem hafa setið efst á metsölulistum víða um heim.

\*Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan

HEFUR SELST Í  
MILLJÓNUM EINTAKA  
UM ALLAN HEIM!


„Spenna sem lætur blóðið krauma“\*



**Brennuvargur gengur laus.** Samfélagið logar af ótta og tortryggni. Fyrsta bók Jóns Halls, **Krosstré**, kom út fyrir þremur árum og vann höfundi sínum titilinn **Krónprins íslensku sakamálasögunnar**. Þýðingarrétturinn á **Krosstré** var seldur til 6 landa.

\*Viðskiptablaðið

Vargurinn  
„Brandstifter“  
er nú kominn  
út í Þýskalandi!



DYNAMO REKJAVÍK



